# FRÉTTABLAÐIÐ

277. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 26. NÓVEMBER 2015





Lögreglukona mætti búin belti með skammbyssu þar sem aðstoða þurfti eftir árekstur. Hún er sögð hafa komið vopnuð af flugverndaræfingu.

# Lögreglan í Reykjavík fær byssur

**Koma á skammbyssum fyrir í vopnakassa í lögreglubílum í borginni í desember. Yfirlögregluþjónn segir meðal annars verið að stytta viðbragðstíma. Lögregluþjónar hafa verið á skotvopnaæfingum undanfarið.**

**LÖGREGLUMÁL** Stefnt er að því að skammbyssum verði komið fyrir í sérstökum vopnakassa í lögreglubílum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um miðjan desember. Þessi breyting er endir á þriggja ára þjálfunaráætlun lögreglunnar sem lýkur 10. desember. Eftir þann tíma verður hafist handa við að koma vopnum fyrir í bílunum.

Til þessa hefur sérsveitin verið eina lögregluliðið á höfuðborgarsvæðinu með vopn á sér og eru sérsveitarmenn sérþjálfaðir til þess að beita vopnum við lögreglustörf. Á síðustu árum hafa hins vegar almennir lögregluþjónar stundað skotvopnaæfingar.

Að sögn Ásgeirs Þórs Ásgeirssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, er tilgangurinn með breytingunum meðal annars að minnka viðbragðstíma vopnaðra lögreglumanna þar sem það getur tekið sérsveit ríkislögreglustjóra nokkurn tíma að mæta á vettvang. Ásgeir hefur tekið þátt í valdbeitingarþjálfun embættisins.

Ásgeir segir að meðal breytinga í desember sé að skjólbúnaði verði komið fyrir í bílunum og tekur dæmi um hjálma og skotvesti.

Lögregluþjónar munu ekki koma til með að hafa aðgang að skammbyssunum nema þar til bær yfirmaður láti þeim í té aðgangskóða að vopnakassanum eftir að hann hefur verið upplýstur um málavexti.

> **Lögreglumenn á Íslandi vilja áfram vera vopnlausir en vilja geta unnið störf sín vel og geta komið sjálfum sér og öðrum í þjóðfélaginu til bjargar.**
>
> Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Í vikunni sást til lögregluþjóns með skammbyssu á vettvangi umferðarslyss á Norðurlandi.

„Sama dag fór fram flugverndaræfing á Akureyrarflugvelli. Þegar slíkar æfingar eru í gangi þá eru lögreglumenn sendir vopnaðir á vettvang í þeim tilgangi að æfa sig í að fást við vopnaða einstaklinga,“ segir Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra, um málið.

„Byssan var ekki hlaðin og umræddur lögreglumaður var á æfingunni. Það varð þetta alvarlega slys og það þurfti að losa hann af æfingunni og hann var sendur á vettvang til að loka fyrir umferð,“ segir Daníel. **– ngy /** **sjá síðu 4**

# Björgólfur Thor á allt að 210 milljarða í samsteypu

**VIÐSKIPTI** Ef af umsaminni yfirtöku Pfizer á frumlyfjahluta Allergan verður má áætla að hlutur Björgólfs Thors Björgólfssonar í lyfjasamsteypunni nemi 210 milljörðum króna.

Á mánudaginn var greint frá því að samið hefði verið um kaup á frumlyfjahluta Allergan fyrir 160 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 21 þúsund milljarða íslenskra króna.

Breska blaðið The Telegraph segir að hluthafar í Allergan muni fá 11,3 hluti í nýja fyrirtækinu fyrir hvern hlut sinn. Samkvæmt því eignast hluthafar í Allergan 44 prósent í nýju samsteypunni. Í sumar kom fram að hlutur Björgólfs Thors í Allergan væri eitt prósent. Því má áætla að hlutur hans eftir samruna nemi 0,44 prósentum.

Sé reiknað með að heildarverðmæti samsteypunnar nemi markaðsvirði Pfizer, 202 milljörðum Bandaríkjadala, og verðmæti samningsins 160 milljörðum Bandaríkjadala verður samsteypan samtals 362 milljarða Bandaríkjadala virði. Má þá áætla að 0,44 prósenta eignarhlutur Björgólfs Thors nemi samtals 1,59 milljörðum Bandaríkjadala, eða jafnvirði 210 milljarða íslenskra króna.

Björgólfur Thor á hlutinn í Allergan í gegnum hlut sem hann hélt í Actavis þegar hann samdi um uppgjör við kröfuhafa sína. **– sg**



**Í sumar var greint frá því að eignarhlutur Björgólfs í Allergan næmi einu prósenti.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Björn B. Björnsson skrifar um krónuna og kjörin. 24-30

**SPORT** Matthías stefnir á EM. 32-34

**MENNING** Gamanleikurinn Kate verður frumsýndur í kvöld. 40-48

**LÍFIÐ** Vegamót verða aftur skemmtistaður. 54-58

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




**Suðvestan 13-20 m/s** og víða él en þurrt og bjart veður á Austurlandi. Snýst í hvassa norðanátt með snjókomu á Vestfjörðum og við norðvesturströndina upp úr hádegi. Í kvöld nær norðanáttin einnig inn á Norðausturland. Kólnandi veður, frost um nær allt land í kvöld. SJÁ SÍÐU 38



Venus NS 150. MYND/HB GRANDI

## Hagnast um 1.276 milljónir

**VIÐSKIPTI** Hagnaður HB Granda á þriðja ársfjórðungi þessa árs nemur 1.276 milljónum króna. Hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins er alls orðinn 4.375 milljónir króna. Þetta kemur fram í uppgjöri HB Granda.

Aukning er á hagnaði fyrstu níu mánuði ársins frá því í fyrra. Þá nam hagnaður 4.291 milljón króna. Hins vegar er hagnaðurinn á þriðja ársfjórðungi í ár minni en í fyrra, þá var hann 2.805 milljónir króna.

„Innflutningsbann sjávarafurða til Rússlands hefur haft og mun hafa mikil áhrif á starfsemi félagsins og afkomu þess,“ segir enn fremur í uppgjörinu. – þea

## Hátíð ljóssins er handan við hornið



**Jólaljósin tendruð** Berglind Bjarkadóttir vann hörðum höndum að því að setja upp jólaljós við Reykjavíkurhöfn. Alls hafa starfsmenn Reykjavíkurborgar sett upp 26 grenitré víðsvegar um borgina. Ljósin verða tendruð á Óslóartrénu á Austurvelli á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ránfuglar við Hlíðarenda

**REYKJAVÍK** Valshlíð, Smyrilshlíð, Haukahlíð, Fálkahlíð og Arnarhlíð verða heiti gatna í nýju hverfi að Hlíðarenda í Vatnsmýri. Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar samþykkti nafngiftina í gær.

Þá var samþykkt að gata í gegnum nýtt hverfi á Kirkjusandi á Laugarnesi yrði nefnd Hallgerðargata.

„Við gerum ekki athugasemd við nafngiftirnar en bendum á þá réttaróvissu sem ríkir um framtíð uppbyggingar á Hlíðarenda,“ segir í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina við tillöguna. – þea

## Ársskammtur á einum regndegi

**KATAR** Nærri tvöfaldur ársskammtur af regni féll í gær í Katar er stormur skall á landinu. Að meðaltali falla um fimmtíu millimetrar rigningar í Katar á ári en í gær voru millimetrarnir áttatíu.

Rigningin olli því að mikill vatnsflaumur flæddi um stræti og loka þurfti verslunum og skólum.

Einnig var kaldara en venjulega í Katar í gær. Hitinn stóð í rúmlega tuttugu gráðum.

Þá flæddi víða í Sádi-Arabíu og birtu löggæslumenn myndir á samfélagsmiðlum er þeir sigldu um stræti borga á bát að veiða borgara upp úr vatninu. – þea




# Opna lúxusíbúðahótel efst í Höfðatorgsturni

**Tvíeykið Simmi og Jói, ásamt Jóhannesi Stefánssyni, eiganda Múlakaffis, og Snorra Marteinssyni, hyggst í vor opna hótel með lúxusíbúðum á efstu hæð Turnsins við Höfðatorg. Hæðin hefur verið auð frá því Turninn var opnaður.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Opna á nýtt hótel, Tower Suites Reykjavík, á tuttugustu, sem er jafnframt efsta, hæð Turnsins við Höfðatorg næsta vor. Þar verða átta lúxusíbúðir, 43 til 64 fermetrar hver.

Að verkefninu standa Sigmar Vilhjálmsson, Jóhannes Ásbjörnsson og Snorri Marteinsson sem saman hafa rekið Hamborgarafabrikkuna auk Jóhannesar Stefánssonar, eiganda Múlakaffis. Um er að ræða sama hóp og tók við rekstri Keiluhallarinnar fyrr á árinu.

„Það verður hægt að leigja stök herbergi og eins verður möguleiki á að sameina fleiri en eina og fleiri en tvær íbúðir og leigja þannig stærra gistipláss,“ segir Jóhannes Ásbjörnsson.

Framkvæmdir eru nýhafnar. „Það er rétt búið að opna verkfæratöskuna, hæðin er í sjálfu sér fokheld eins og staðan er núna. Hins vegar er hönnunin langt á veg komin.“ Ásgeir Ásgeirsson arkitekt hannar íbúðirnar.

Hæðin hefur verið auð frá því Turninn var tekinn í notkun. Jóhannes segir þá lengi hafa haft augastað á hæðinni eða allt frá því þeir fluttu með Hamborgarafabrikkuna inn í Turninn fyrir fimm árum.

„Nú eru kjöraðstæður til að hrinda henni í framkvæmd, enda mikill vöxtur í ferðatengdri þjónustu hérlendis. Svo er óneitanlega gaman að loka hringnum á efstu hæðinni eftir að hafa verið á jarðhæðinni með Fabrikkuna í fimm ár,“ segir hann.

Jóhannes segir að bæði sé búið að ganga frá leigusamningi við Fast-1, eiganda Turnsins, og fjármögnun verkefnisins. ingvar@frettabladid



Íbúðirnar verða á efstu hæð Turnsins sem verið hefur auð frá opnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það er rétt búið að opna verkfæratöskuna, hæðin er í sjálfu sér fokheld eins og staðan er núna.



Jóhannes Ásbjörnsson, veitingamaður

# ALLAR VÖRUR*

# TAX FREE

# Í DAG

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI Í KVÖLD

## Risa Tax Free um land allt

## aðeins í dag

**fimmtudaginn 26. nóvember**

*Gildir ekki af tilboðsvörum

*Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“

*Gildir ekki af vörum í timbursölu

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Ted Cruz sækir í sig veðrið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Cruz nálgast toppinn í Iowa

**BANDARÍKIN** Repúblikaninn Ted Cruz mælist nú með næstmest fylgi í Iowa, fyrsta ríkinu sem kosið verður í í forvali repúblikana fyrir forsetakosningarnar á næsta ári. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Quinnipiac-háskólans.

Cruz öldungadeildarþingmaður mjakast þannig fram úr skurðlækninum Ben Carson og upp að hlið auðjöfursins Donalds Trump.

Cruz mælist með 23 prósenta fylgi, Carson átján prósent og Trump 25 prósent. Carson og Trump hafa til þess skipst á að vera í fyrsta og öðru sæti.

Meðal demókrata mælist Hillary Clinton með mest fylgi, 51 prósent. Næstur kemur öldungadeildarþingmaðurinn Bernie Sanders með 42 prósent. Þriðji og síðasti frambjóðandinn, ríkisstjórinn fyrrverandi Martin O'Malley, mælist með fjögurra prósenta fylgi. **– þea**

## Einstæðir feður aðeins 1 prósent

**MANNRÉTTINDI** Einstæðir feður eru 1,4 prósent fjölskyldugerða í landinu árið 2015. Einstæðar mæður eru 14,5 prósent. Þetta kemur fram í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála 2013-2015 sem félagsmálaráðuneytið gaf út.

Algengasta fjölskyldusamsetning er hjónaband án barna, 38,7 prósent. Þar á eftir er hjónaband með börnum eða 28 prósent. Óvígð sambúð með börnum er 12,9 prósent og óvígð sambúð án barna 4,5 prósent.

Einstæðir feður eru feður með lögheimili barna sinna og fara ýmist einir með forsjá eða hafa sameiginlega forsjá með hinu foreldri barns. Árið 2011 var í 555 tilvikum ákveðið að foreldrar færu sameiginlega með forsjá barna. Í 58 tilvikum var mæðrum ákveðin forsjá en einungis einn faðir fékk úrskurðaða forsjá barna. **– snæ**

# Lögreglubílar í höfuðborginni verða búnir byssum í desember

**Stefnt er að því að skammbyssum verði komið fyrir í sérstökum vopnakassa í lögreglubílum á höfuðborgarsvæðinu í desember. Minnka á viðbragðstíma. Lögregluþjónar hafa stundað skotvopnaæfingar undanfarið.**

**LÖGREGLUMÁL** Stefnt er að því að skammbyssum verði komið fyrir í sérstökum vopnakassa í lögreglubílum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um miðjan desember. Þessi breyting er endir á þriggja ára þjálfunaráætlun lögreglunnar sem lýkur 10. desember. Eftir þann tíma verður hafist handa við að koma vopnum fyrir í bílunum.

Til þessa hefur sérsveitin verið eina lögregluliðið á höfuðborgarsvæðinu með vopn á sér og eru sérsveitarmenn sérþjálfaðir til þess að nota vopn í starfi. Á síðustu árum hafa hins vegar almennir lögregluþjónar stundað skotvopnaæfingar.

> Hann gat heldur ekki skilið byssuna eftir óvarða í bílnum. Í bílnum var engin læst vopnageymsla.
>
> Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra

### Brúa bið eftir sérsveitinni

Að sögn Ásgeirs Þórs Ásgeirssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, er tilgangurinn með breytingunum að minnka viðbragðstíma vopnaðra lögreglumanna þar sem það getur tekið sérsveit ríkislögreglustjóra nokkurn tíma að mæta á vettvang. Ásgeir hefur tekið þátt í valdbeitingarþjálfun embættisins.

„Það er staðarlögreglan sem ber ábyrgð á fyrstu viðbrögðum í öllum málum og einnig vopnamálum. Þegar sérsveitin kemur á vettvang yfirtaka þeir hann en staðarlögreglan þarf að geta varið sig sem og borgarana," segir Ásgeir og bætir við að sérsveitin geti ekki gert allt ein síns liðs.

Ásgeir segir að meðal breytinga í desember sé einnig að skjólbúnaði verði komið fyrir í bílunum og tekur dæmi um hjálma og skotvesti.

### Þurfa aðgangskóða yfirmanns

„Við erum sem sagt að fara að ljúka öðrum hring í grunnþjálfun lögreglumanna en þjálfunin mun þó halda áfram. Þetta er ekki einungis skotvopnaþjálfun heldur einnig þjálfun í lögreglutökum og fleira."



Lögregluþjónn á Akureyri mætti vopnaður með skammbyssu sér við mjöðm á þennan vettvang umferðarslyss í síðustu viku.



### Lögreglumenn vopnbúnir á flugverndaræfingum

„Sama dag fór fram flugverndaræfing á Akureyrarflugvelli. Þegar slíkar æfingar eru í gangi þá eru lögreglumenn sendir vopnaðir á vettvang í þeim tilgangi að æfa sig í að fást við vopnaða einstaklinga," segir Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra, um það að sést hafi til lögregluþjóns með skammbyssu á vettvangi umferðarslyss í vikunni.

„Byssan var ekki hlaðin og umræddur lögreglumaður var á æfingunni. Það varð þetta alvarlega slys og það þurfti að losa hann af æfingunni og hann var sendur á vettvang til að loka fyrir umferð," segir Daníel og bætir við að lögregluþjónninn hafi ekki haft tíma til þess að skila vopninu á lögreglustöðina. „Hann gat heldur ekki skilið byssuna eftir óvarða í bílnum. Í bílnum var engin læst vopnageymsla."

Daníel segir að fyrirhugað sé að nýir lögreglubílar verði útbúnir vopnakassa.

> Þegar sérsveitin kemur á vettvang yfirtaka þeir hann en staðarlögreglan þarf að geta varið sig sem og borgarana.
>
> Ásgeir Þór Ágeirsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Lögregluþjónar munu ekki koma til með að hafa aðgang að skammbyssunum nema þar til bær yfirmaður láti þeim í té aðgangskóða að vopnakassanum eftir að hann hefur verið upplýstur um málavexti.

„Það liggur ekki neitt fyrir um aðrar tegundir af skotvopnum og það þyrfti að breyta reglunum til þess að hríðskotabyssur yrðu settar í bílana," segir Ásgeir sem ekki vill geta sér til um hvort vopnakassar verði í hverjum einum og einasta bíl embættisins. „Lögreglumenn á Íslandi vilja áfram vera vopnlausir en vilja geta unnið störf sín vel og geta komið sjálfum sér og öðrum í þjóðfélaginu til bjargar." **nadine@frettabladid.is**


GERUM KLÁRT FYRIR VETURINN



Kuldagalli, svartur eða blár, stærð S-3XL.
12.495 kr.
42310683-96



DOVRE
DOVRE langermabolur eða buxur, stærðir S-XXL, frábær ullarundirfatnaður sem gerður er úr 100% merinoull, einstaklega mjúkt og þægilegt efni.
6.995 kr.
93598600-4/10-4



25 KG
Hálkusalt, gróft, 25 kg.
1.995 kr.
54710125



-15°
BLÅTIND rúðuvökvi í poka, 3 l, þolir -15°.
595 kr.
42375935



1 l
TÚRBÓ sámur með dælu, 1 l.
895 kr.
90500702



SONNECK rúðuskafa fyrir bíla.
885 kr.
55629788-9



LUX snjóskafa, 75 mm, nokkrir litir.
185 kr.
42310683-96



Mannbroddar, stærðir 33-48.
1.895 kr.
84533870-3



Hitablásari, 2000W, 22V.
1.995 kr.
65105754

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA · SÍA








## Ljósaganga UN Women



Árleg ljósaganga UN Women á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi markar upphafið að 16 daga átaki sem UN Women á Íslandi er meðal annarra í forsvari fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjármögnun háskóla gríðarlega mikilvæg

**Rektor Háskóla Íslands segir algjöra endurskoðun þurfa á reikniflokkum menntamálaráðuneytisins. Hermundur Sigmundsson prófessor segir háskólaumhverfið of stórt og krafta Íslendinga of dreifða.**

**MENNTAMÁL** „Það er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að háskólarnir séu vel fjármagnaðir,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

Samkvæmt nýrri skýrslu OECD ver hið opinbera minnstum fjármunum á hvern ársnema á háskólastigi á Íslandi samanborið við hin OECD-löndin. Frá árinu 2010 hefur stöðugt dregið úr fjármögnun á meðan nemendum hefur fjölgað.

Ísland ver um 1.241.233 krónum í hvern ársnema. Meðaltal OECD-ríkja er hins vegar 1.989.256 krónur og þá verja nágrannar okkar í Noregi 2.649.517 í hvern ársnema.

„Þetta er það sem við höfum verið að benda á á undanförnum árum. Við erum að fjarlægjast hin Norðurlöndin í fjárframlögum fyrir hvern ársnema. Við stefnum að því að ná meðaltali þeirra árið 2020,“ segir Jón Atli enn fremur. Hann bendir á að háskólinn sé tilbúinn að ræða málin við alla hlutaðeigendi.

Jón Atli segir ekki ganga til lengdar að hafa kerfið svo illa fjármagnað en segir Háskóla Íslands þó mjög vel rekinn.

Eitt helsta vandamálið segir hann vera fjölda nemenda á hvern kennara. Nemendahópar eru of stórir að hans mati og veldur það meiri álagi á hvern kennara.

Þá segir hann einnig nauðsynlegt að endurskoða reiknilíkan menntamálaráðuneytis sem sker úr um hve mikið er greitt með hverjum nemenda fyrir hverja grein. „Lægsti flokkurinn er til dæmis allt of lágur.“

Hermundur Sigmundsson, prófessor við norska tækni- og vísindaháskólann og Háskólann í Reykjavík, segir helsta vandann það að háskólaumhverfið á Íslandi sé of stórt og segir hann þurfa að fækka háskólum.

„Við verðum að auka gæði háskólaumhverfisins því gæði eru lykilatriði í öllu skólastarfi. Með því að auka gæðin er möguleiki á að skapa ný atvinnutækifæri og efla nýsköpun,“ segir Hermundur.

„Við þurfum að skoða háskólaumhverfið allt og efla það svo það sé ekki fjárhagslega svelt. En ég tel fyrst og fremst að við þurfum að bæta gæði kennslu og rannsókna,“ segir hann enn fremur.

Hermundur segir of marga kennara á hvern nemanda í sumum deildum en stöðuna öfuga í öðrum. Hann segir þetta þurfa að laga.

„Þetta er mjög flókið en það þarf að endurskoða allt háskólaumhverfið.“

Jón Atli og Hermundur taka báðir til máls á 75 ára afmælisþingi Rannís í dag klukkan 14.00 á Hilton Reykjavík og tala um menntamál. Á meðal annarra sem taka til máls eru Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. thorgnyr@frettabladid.is

> **Þetta er mjög flókið en það þarf að endurskoða allt háskólaumhverfið.**



Hermundur Sigmundsson, prófessor

> **Við erum að fjarlægjast hin Norðurlöndin í fjárframlögum fyrir hvern ársnema. Við stefnum að því að ná meðaltali þeirra árið 2020.**



Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ




Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland




Gert er ráð fyrir að samtals 4,9 milljónir farþega fari um Keflavíkurflugvöll árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll 2012-2016

Milljónir farþega




# Tvöfalt fleiri farþegar á þremur árum

**Samkvæmt spá Isavia munu 6,25 milljónir fara um Keflavíkurflugvöll á næsta ári. Ef spár standast mun ferðamet Íslendinga frá árinu 2007 verða slegið.**



Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt farþegaspá Isavia mun farþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll fjölga um 28,4 prósent á næsta ári og þeir verða 6,25 milljónir.

Ef spárnar standast mun farþegafjöldi hafa nær tvöfaldast á þremur árum, en árið 2013 fóru 3,2 milljónir farþega um flugvöllinn. Ef ný spá fyrir nóvember og desember stenst munu samtals 4,9 milljónir fara um flugvöllinn árið 2015.

Þetta kom fram á fundi Isavia í gær. Ráðist verður í framkvæmdir fyrir rúma átta milljarða á flugvellinum á næsta ári. Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar telur að talan mætti vera hærri.

Í farþegaspánni er gert ráð fyrir um 10 prósent fleiri íslenskum ferðamönnum árið 2016 en árið 2015. Gangi spáin eftir mun heildarfjöldi íslenskra farþega verða um 495 þúsund. Þá mun ferðamet frá árinu 2007 verða slegið.

Fjöldi flugfélaga sem fljúga til flugvallarins hefur fimmfaldast á áratug. Sumarið 2005 voru fimm flugfélög í áætlunarflugi til Keflavíkurflugvallar, en sumarið 2016 munu 25 flugfélög fljúga á völlinn.

Fjöldi heilsársflugfélaga hefur einnig þrefaldast, úr þremur í níu. Sökum anna er markvisst unnið að því að dreifa flugfélögunum betur yfir árið og tíma dags.

Flugfélög sem bjóða nýja leið í heilsársflugi til Íslands fá til að mynda 50 til 100 prósenta afslátt af lendingar- og brottfarargjöldum fyrstu þrjú árin.

Til að bregðast við fjölgun farþega verður ráðist í miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia, segir að fyrsti áfanginn og sá stærsti af Masterplani fyrirtækisins sem á að vera tilbúinn 2021 eða 2022 sé áætlaður á 70 til 90 milljarða króna.

Fjárfesting í flugstöðinni á næsta ári nemur 8,5 milljörðum króna.

Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, sagði í erindi sínu á fundinum að menn hefðu verið að horfa til þess að talan þyrfti að vera hærri, í ljósi þeirra krafna sem fram undan væru. Breyta þurfi því hvernig horft sé á framlög til Isavia.

„Ég tel að það þurfi að hækka þessi framlög og horfa svo heildstætt á þetta, að það sé ekki alltaf tengt fjárlögum hvers árs hvað gert verður. Ég tel að ríkissjóður þurfi að vera reiðubúinn til að horfast í augu við það hvað þetta er mikil fjárþörf,“ sagði Grímur.

Fram kom að erfiðleikar hafa verið með ráðningar og líklegt að þeir haldi áfram er farþegum fjölgar.

„Það hafa allir rekstraraðilar á Keflavíkurflugvelli fundið fyrir því. Það er búið að ráða svo marga starfsmenn undanfarið og atvinnuleysi á Reykjanesinu hefur hríðminnkað. Það hefur verið mjög jákvætt vandamál þarna á ferðinni. Það hefur stundum verið erfitt að fá fólk, og fyrirtækin þarna eru hreinlega að keppast um starfsfólkið,“ segir Guðni Sigurðsson.

Því er verið að vinna í sjálfvirknivæðingu flugvallarins til að bæta afköst starfsmanna.

## Miklar breytingar væntanlegar á næsta ári

Framkvæmdirnar fyrir 8,5 milljarða á næsta ári ná meðal annars til stækkunar á suðurbyggingu og fjölgunar flugvélastæða. Fram kom á fundinum að fimm þúsund fermetra stækkun á suðurbyggingunni verður tekin í notkun í mars með sex nýjum hliðum. Einnig verður bætt við þremur flugvélastæðum næsta sumar og tveimur í viðbót árið 2017.

Næsta sumar verður einnig tilbúin stækkun á farangursböndum og töskusvæði. Núverandi farangursflokkari verður lengdur úr 90 í 200 metra og bílastæðum verður fjölgað.

Fleiri farþegarútur verða teknar í notkun auk rútu fyrir hreyfihamlaða. Aðstaða fyrir farangursgáma í lestun verður kynnt. Þar sem nýjar flugvélar Icelandair og WOW air bera gáma sem Keflavíkurflugvöllur hefur ekki þurft að taka á móti áður.

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

# Átt þú erindi í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna?

VR auglýsir eftir stjórnarmönnum í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kjörtímabilið 2016–2019. Stjórn og trúnaðarráð VR skipa fjóra aðalmenn og fjóra til vara.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn kynningarbréf með rökstuðningi og starfsferilsskrá á skrifstofu VR fyrir kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn 16. desember 2015, merkt „Umsókn LIVE“, eða senda umsókn á umsokn@vr.is.

**Þeir sem gefa kost á sér skulu:**

- Vera launamenn sem greiða iðgjald í Lífeyrissjóð verzlunarmanna
- Ekki vera sjálfstætt starfandi atvinnurekendur/einyrkjar
- Vera fjárhagslega sjálfstæðir og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 og 6. gr. reglna FME nr. 180/2013
- Skila inn með umsókn útfylltu eyðublaði með drengskaparyfirlýsingu um að þeir uppfylli skilyrði til slíkrar stjórnarsetu

**Nánari upplýsingar og eyðublað drengskaparyfirlýsingar eru á www.vr.is.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR




**Opel Astra Essentia**
1.6L bensín - beinskiptur
Verð: 2.990.000 kr.
**Á sérkjörum: 2.790.000 kr.**

**Opel Astra Enjoy Turbo**
1.4L bensín - sjálfskiptur
Verð: 3.390.000 kr.
**Á sérkjörum: 3.090.000 kr.**

**Opel Astra Cosmo**
2.0L dísel - sjálfskiptur
Verð: 4.090.000 kr.
**Á sérkjörum: 3.690.000 kr.**

OPEL **ASTRA**

# SÉRKJÖR TIL ÁRAMÓTA!

Þýsku Opel gæðin leyna sér ekki í Astra, einum vinsælasta bílnum í Opel fjölskyldunni. Hann sameinar glæsilegt útlit og skemmtilega akstursseiginleika, sem einkennast af krafti, þægindum og snerpu.

Nú gefst þér tækifæri til að eignast Opel Astra á glimrandi sérkjörum til áramóta*; með **allt að 400.000 króna afslætti**. Gríptu tækifærið – kíktu í reynsluakstur núna.

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

Kynntu þér Opel Astra á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

OPEL
Wir leben Autos.

* Á meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara.








**Mótmælandi kastar grjóti í áttina að tyrkneska sendiráðinu í Moskvu.** NORDICPHOTOS/AFP

# Rússar búa sig undir fleiri árásir á herþotur

**Rússneski herþotuflugmaðurinn segist aldrei hafa fengið neina viðvörun frá Tyrkjum áður en þotan var skotin niður. Forsætisráðherra Tyrklands segir Rússland „vin okkar og nágranna". Rússar koma sér upp loftvarnakerfi í Sýrlandi.**

**TYRKLAND** Rússar hyggjast flytja öflug og háþróuð loftvarnarkerfi til Sýrlands, til að verjast frekari árásum á rússneskar herþotur. Þá ætla Rússar einnig að senda herskip til Miðjarðarhafsins í sama tilgangi.

Þetta eru viðbrögð Rússa við því sem gerðist á þriðjudag, þegar Tyrkir skutu niður rússneska herþotu sem var að skjóta flugskeytum á uppreisnarmenn í Sýrlandi.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti segir hætt við því að fleiri atvik af svipuðu tagi geti orðið á næstunni: „Ef það gerist, þá verðum við að geta brugðist við," sagði Pútín við blaðamenn í gær.

Leiðtogar Vesturlanda hafa hvatt bæði Rússa og Tyrki til að láta ástandið ekki fara úr böndunum.

Ahmet Davatoglu, forsætisráðherra Tyrklands, sagði Tyrki alls ekki hafa neinn áhuga á að slíta stjórnmálasambandi við Moskvu. Þvert á móti, því Rússland væri „vinur okkar og nágranni".

Tyrkjum og Rússum ber reyndar engan veginn saman um það sem gerðist. Tyrkir segjast ítrekað hafa varað rússneskar herþotur við því að rjúfa tyrkneska lofthelgi, en Rússar segjast aldrei hafa farið inn fyrir lofthelgina.

Tveir flugmenn rússnesku herþotunnar skutu sér út í fallhlíf. Uppreisnarsveitir Túrkmena í Sýrlandi hafa viðurkennt að hafa skotið á mennina meðan þeir voru á leið til jarðar í fallhlífunum.

## Rússum og Tyrkjum ber ekki saman




Heimild: Fréttaveitur © GRAPHIC NEWS

Rússar segja annan þeirra hafa látið lífið en hinn er kominn til Rússlands og ræddi við blaðamenn í gær.

Flugmaðurinn neitar því að hafa fengið viðvaranir frá Tyrkjum áður en þotan var skotin niður.

Á korti yfir flug rússnesku herþotunnar, sem Tyrkir hafa sjálfir lagt fram, sést að hún var einungis í sautján sekúndur innan tyrknesku lofthelginnar. Þá sést einnig á kortinu að þotan hafi verið á flugi yfir tæplega þriggja kílómetra breiða landspildu sem tilheyrir Tyrklandi en teygir sig inn í Sýrland.

Á undanförnum misserum hafa rússneskar herþotur satt að segja ítrekað rofið lofthelgi Evrópulanda. Algengast eru atvik af þessu tagi í Eystrasaltinu og í Svartahafi.

Tyrkir segjast ítrekað hafa kallað sendiherra Rússlands á sinn fund til að mótmæla slíkum atvikum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Bjóða skemmtiferðaskip undir flóttafólk

**SVÍÞJÓÐ** Skemmtiferðaskip gætu orðið bústaðir flóttamanna í Svíþjóð fyrir jól. Margar útgerðir hafa haft samband við sænsku útlendingastofnunina og boðið skip sín til notkunar. Á vef sænska blaðsins Aftonbladet er haft eftir starfsmanni stofnunarinnar að hugsunin sé að skipin verði dvalarstaður hælisleitenda þar til umsókn þeirra hefur verið afgreidd en ferlið tekur oft rúmlega eitt ár.

Útlendingastofnunin vonast einnig til að geta nýtt bústaðapalla, eins og tengdir eru olíuborpöllum, sem dvalarstaði fyrir flóttamenn.



**Flóttamenn hafa þurft að sofa undir berum himni í Malmö í Svíþjóð.** NORDICPHOTOS/AFP

Útlendingastofnunin hafði samband við sænsku þjóðkirkjuna og bað um hjálp. Um 30 manns höfðu þurft að sofa undir berum himni í nokkrar nætur í Malmö. Um 80 manns hafa sofið á kirkjubekkjunum í St. Jóhannesarkirkju í Malmö á hverri nóttu frá því um liðna helgi.

Forsætisráðherra Svíþjóðar, Stefan Löfven, hefur boðað hertar reglur um móttöku flóttamanna. **– ibs**

# DEBENHAMS

# BLACK FRIDAY

*fimmtudag og föstudag**

Allt að

**40%**

AFSLÁTTUR

## Í ÖLLUM DEILDUM

**20%** AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUGJAFAKÖSSUM**

Öll tilboð er hægt að skoða á facebook síðunni okkar

*Gildir 26. og 27. nóvember
**Gildir ekki af Academy of Colors

Finndu okkur á facebook

OPIÐ FRÁ 11:00 TIL 21:00 Í KVÖLD

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Laun ráðherra og þingmanna

**Heildarmánaðarlaun**




## Laun valinna embættismanna



| | Heildarmánaðarlaun | Yfirv.-tímar |
|---|---|---|
| **Hörður Arnarson** forstjóri Landsvirkjunar | 1.838.136 kr. | 100 |
| **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri | 1.717.832 kr. | 80 |
| **Steinþór Pálsson** bankastjóri Landsbankans | 1.564.483 kr. | 65 |
| ● Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra | 1.522.733 kr. | |
| **Unnur Gunnarsdóttir** forstjóri Fjármálaeftirlitsins | 1.456.869 kr. | 60 |
| **Sigríður Björk Guðjónsdóttir** lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu | 1.424.336 kr. | 60 |
| **Þórhallur Halldórsson** sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu | 1.424.336 kr. | 60 |
| **Björn Óli Hauksson** forstjóri Isavia | 1.412.353 kr. | 50 |
| ● Ráðherrar með hæstu heildarlaunin | 1.388.825 kr. | |
| **Páll Gunnar Pálsson** forstjóri Samkeppniseftirlitsins | 1.378.682 kr. | 50 |
| **Magnús Geir Þórðarson** útvarpsstjóri | 1.377.424 kr. | 54 |
| **Helgi Bernódusson** skrifstofustjóri Alþingis | 1.350.355 kr. | 33 |
| **Guðmundur Ingi Ásmundsson** forstjóri Landsnets | 1.346.150 kr. | 50 |
| **Tryggvi Þór Haraldsson** forstjóri RARIK | 1.346.150 kr. | 50 |
| **Hermann Jónasson** forstjóri Íbúðalánasjóðs | 1.323.952 kr. | 43 |
| **Einar Karl Hallvarðsson** ríkislögmaður | 1.318.529 kr. | 38 |
| **Lögreglustjórar,** nema Rvk og Eyjar | 1.284.348 kr. | 50 |
| **Ingimundur Sigurpálsson** forstjóri Íslandspósts | 1.284.348 kr. | 50 |
| **Gunnar H. Hall** fjársýslustjóri | 1.255.980 kr. | 30 |
| **Haraldur Johannessen** ríkislögreglustjóri | 1.245.765 kr. | 33 |
| **Sveinn Margeirsson** forstjóri Matíss | 1.231.550 kr. | 47 |
| **Huld Magnúsdóttir** forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins | 1.228.870 kr. | 35 |
| **Steingrímur Ari Arason** forstjóri Sjúkratryggingastofnunar | 1.228.870 kr. | 35 |
| **Kristján Haraldsson** framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða | 1.213.980 kr. | 41 |
| **Ólafur Hjálmarsson** hagstofustjóri | 1.197.595 kr. | 31 |
| **Ívar J. Arndal** forstjóri ÁTVR | 1.197.595 kr. | 31 |
| **Georg Lárusson** forstjóri Landhelgisgæslu Íslands | 1.197.595 kr. | 31 |
| **Þórólfur Árnason** forstjóri Samgöngustofu | 1.197.595 kr. | 31 |
| **Páley Borgþórsdóttir** lögreglustjóri í Vestmannaeyjum | 1.190.524 kr. | 38 |
| **Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir** framkvæmdastjóri LÍN | 1.174.139 kr. | 28 |
| **Sýslumenn,** nema Rvk og Eyjar | 1.167.068 kr. | 35 |
| **Hrafnkell V. Gíslason** forstjóri PFS | 1.158.344 kr. | 30 |
| **Bryndís Kristjánsdóttir** skattrannsóknarstjóri | 1.143.612 kr. | 32 |
| **Agnes M. Sigurðardóttir** biskup Íslands | 1.129.907 kr. | 34 |
| **Árni Snorrason** forstjóri Veðurstofu Íslands | 1.127.975 kr. | 30 |
| **Jón Helgi Björnsson** forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands | 1.112.338 kr. | 28 |
| **Herdís Gunnarsdóttir** forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands | 1.112.338 kr. | 28 |
| **Kjartan Þór Eiríksson** framkv.stjóri Þróunarfélags Keflav.flugv. | 1.094.612 kr. | 40 |
| **Lára Huld Guðjónsdóttir** sýslumaður í Vestmannaeyjum | 1.088.882 kr. | 25 |
| **Ólafur G. Flóvenz** forstjóri ÍSOR | 1.073.244 kr. | 23 |
| **Margrét Hallgrímsdóttir** þjóðminjavörður | 1.073.244 kr. | 23 |
| **Guðjón S. Brjánsson** forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands | 1.059.539 kr. | 25 |

GRAFÍK/SILJA

# Forstjóri Landsvirkjunar launahæstur

**Gögn kjararáðs og Alþingis sýna að launagreiðslur til þingmanna og ráðherra fara í tæpar 713 milljónir króna á ári eftir ákvörðun um 9,3 prósenta hækkun. Þingmenn fá aukagreiðslur vegna nefndaforystu og búsetu. Embættismenn eru gjarnan með fasta yfirvinnu.**

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Forstjóri Landsvirkjunar og seðlabankastjóri eru launahæstu embættismenn ríkisins.

Eftir ákvörðun kjararáðs um afturvirka 9,3 prósenta hækkun launa frá 1. mars á þessu ári er forstjóri Landsvirkjunar með rúmlega 1,8 milljónir króna í laun og seðlabankastjóri með rúmlega 1,7 milljónir, að því er lesa má úr gögnum á vef kjararáðs. Grunnlaun beggja eru þó heldur lægri eða tæplega 1,1 milljón króna. Við þau bætast hins vegar 100 fastir yfirvinnutímar í mánuði hverjum hjá forstjóra Landsvirkjunar og 80 tímar hjá seðlabankastjóra.

Forsætisráðherra er í fjórða sæti á listanum yfir launahæstu ríkisstarfsmennina sem undir kjararáð heyra. Hann er í hópi þeirra þingmanna sem vegna búsetu eiga rétt á rúmlega 131 þúsund króna greiðslu vegna húsnæðis- eða dvalarkostnaðar sem bætist við grunnlaun upp á tæplega 1,4 milljónir króna. Laun hans eru því ríflega 1,5 milljónir á mánuði.

Í þriðja sætinu er hins vegar bankastjóri Landsbankans með tæplega 1,6 milljónir í laun, en inni í þeirri tölu eru 65 yfirvinnutímar á mánuði.

Grunnlaun ráðherra eru eftir breytinguna tæplega 1,3 milljónir króna á mánuði, en fyrir utan forsætisráðherra eiga fjórir ráðherrar aðrir rétt á búsetustyrk, sem og allir þeir þingmenn sem búa utan Reykjavíkurkjördæmanna og Suðvesturkjördæmis.

Grunnlaun þingmanna eru nú rétt rúmar 712 þúsund krónur, en níu þingmenn eru á þeim kjörum. Aðrir njóta viðbóta, svo sem vegna búsetu og fleiri þátta. Formenn flokka sem eru með þrjá þingmenn eða fleiri fá 50 prósenta álag á grunnlaun sín, eða sem svarar tæpum 360 þúsund krónum. Skráðir formenn Pírata, fyrst Birgitta Jónsdóttir og Helgi Hrafn Gunnarsson nú, hafa hins vegar afþakkað þessa launauppbót þar sem titillinn sé formsatriði í þeim flokki.

Laun annarra þingmanna geta svo hækkað gegni þeir stöðu formanns þingflokks eða fastanefndar (um rúmar 107 þúsund krónur), varaformanns nefndar (rúm 72 þúsund), eða annars varaformanns (tæp 36 þúsund). Launin geta hins vegar bara tekið hækkun vegna eins þáttar (fyrir utan búsetustyrkinn). Þá fá ráðherrar ekki flokksformannshækkunina. Í samantektinni er ekki tekið tillit til sérstakra greiðslna annarra sem þingmenn gætu fengið, svo sem vegna síma, ferðalaga embættis eða veru í sérnefndum.

Yfirferð á kjörum embættismanna annarra en þeirra sem þjóðkjörnir eru sýnir að þau eru nokkuð margvísleg, en í flestum tilvikum yfir grunnlaunum þingmanna. Þannig fær forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra enga fasta yfirvinnu á tæplega 732 þúsunda króna mánaðarlaun og forstöðumaður Fjölmenningarseturs sjö ofan á tæplega 685 þúsunda króna mánaðarlaun sem fara þannig í tæpar 740 þúsund krónur.

Þá eru laun skólameistara framhaldsskóla misjöfn eftir stærð og námsframboði skólanna. Lægst, í pínulitlum skóla með takmarkað námsframboð, geta þau verið rúmar 855 þúsund krónur og eru þá innifaldir sex yfirvinnutímar í mánuði. Hæst, í stórum skóla með breitt námsframboð, geta þau orðið rúmlega 1,2 milljónir króna á mánuði með 36 yfirvinnutíma innifalda. Meðaltal ellefu þrepa (í fimm launaflokkum) sem skólameistarar geta fallið í hljóðar upp á tæplega 1,1 milljón í mánaðarlaun, eða grunnlaun upp á tæpar 876 þúsund krónur.




Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

**Hyundai Santa Fe - Verð frá 7.090.000 kr.**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Glæsileg húsgögn –




Mariposa sófi

Edward Barber / Jay Osgerby
2014

Minnum á
ítalska konukvöldið
kl. 18 - 22 í kvöld
í Skeifunni 10

vitra.

MDF it

Mariposa sófi
Orðið mariposa kemur úr spænsku og þýðir fiðrildi. Sófinn fékk nafnið vegna sveigjanlegrar hönnunar þar sem hægt er að beygja og sveigja arma og bak að vild. Fáguð hönnun með þægindi í fyrirrúmi.


heimsþekkt hönnun
Random hillur
Michael Geldmacher / Eva Paster
2006
Eames Lounge Chair
Charles & Ray Eames
1956
Penninn
Húsgögn
Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði
Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




BMW 320d
Nýskr. 06.2014, ekinn 7 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 102845.

Glæsilegur bíll
6.990 þús.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 01/2014, ekinn 44 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.590 þús.
Rnr. 191929.




SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/2012, ekinn 58 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.690.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.



HONDA CIVIC SPORT
Nýskr. 10/2012, ekinn 18 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.970 þús.
Rnr. 143013.



TOYOTA AURIS SOL
Nýskr. 04/2007, ekinn 137 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.590 þús.
Rnr. 131867.




OPEL AMPERA / Rafmagn-Bensín
Nýskr. 08/2012, ekinn 16 þús km. rafmagn/bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.980.000
TILBOÐ kr. 4.280 þús.



SAAB 9-3 TWIN TURBO 4x4
Nýskr. 08/2009, ekinn 51 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 103035.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




Orkuskipti í samgöngum, rafbílavæðing og fleira ber á góma í sóknaráætlun stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Erfitt að sjá í hverju sókn Íslands felst

**Forsvarsmenn náttúruverndarsamtaka lýsa yfir sárum vonbrigðum með sóknaráætlun í loftslagsmálum. Engin kostnaðaráætlun liggur fyrir og gömul markmið fá endurnýjun lífdaga. Stjórnarandstaðan er eitt spurningarmerki.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Fátt nýtt er að finna í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Áætlunin nær til næstu þriggja ára og sextán verkefna. Kostnaðarmat fyrir sóknaráætlunina hefur ekki verið gert.

### Átta verkefni hérlendis

Sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum til næstu þriggja ára var kynnt í gær, og er sett fram í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP21) í París sem hefst á mánudaginn kemur.

Að stofni til eru í sóknaráætluninni 16 verkefni sem sett verða af stað – átta þeirra snúa að því að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi; í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun. Orkufrekur iðnaður fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS), og kemur ekkert við þessa sögu.

Í kynningu stjórnvalda á sóknaráætlun sinni segir: „...lögð verður fram heildstæð áætlun um orkuskipti í samgöngum og lagður grunnur að því að bæta innviði fyrir rafbíla á landsvísu. Í sjávarútvegi og landbúnaði verða unnir vegvísar um minnkun losunar í samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda. Sett verður aukið fé til landgræðslu og skógræktar og hafist handa við endurheimt votlendis. Einnig verður gert átak til að draga úr matarsóun, sem veldur óþarfa losun.“

### Fátt nýtt

„Alltaf þegar stjórnvöld eða fyrirtæki kynna sóknaráætlanir af þessu tagi verður að spyrja: Hversu mikið og hvenær? Ég finn eitt slíkt markmið sem endurspeglar vaxandi þunga í umhverfisstefnu sjávarútvegsfyrirtækja. Sjávarútvegurinn á mikið undir og hefur nú brugðist við með ábyrgum hætti,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, og bætir við:

„Hvað með landbúnað og samgöngur? Engin ný markmið. Svo er reynt að velta ábyrgðinni á einstaklinga með skilaboðunum: Bannað að leifa mat. Vitaskuld er sjálfsagt að fara vel með mat en stjórnvöldum dugir ekki að benda á einstaklinginn þegar þau hafa nánast ekkert aðhafst til að draga úr losun frá samgöngum, landbúnaði eða hafið endurheimt votlendis.“

## Átta verkefni til að draga úr nettólosun

- Orkuskipti í samgöngum: Aðgerðaáætlun til næstu ára vegna orkuskipta, jafnt á landi sem á hafi, verður lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar á vorþingi 2016.
- Rafbílar – efling innviða á landsvísu: Átak verður gert til að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu á komandi árum.
- Vegvísir íslensks sjávarútvegs um samdrátt í losun: Markmiðið að draga úr losun koldíoxíðs ($CO_2$) um 40% til 2030 miðað við 1990. Vegvísirinn verður kostaður af stjórnvöldum og samtökum í atvinnulífi.
- Loftslagsvænni landbúnaður: Unninn verður vegvísir um minnkun losunar í landbúnaði með samvinnu stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands.
- Efling skógræktar og landgræðslu: Sett verður aukið fjármagn til skógræktar og landgræðslu, sem á m.a. að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Framkvæmdir verða auknar á árinu 2016 og stefnt að frekari styrkingu á næstu tveimur árum eftir það.
- Endurheimt votlendis: Sett verður á fót verkefni um endurheimt votlendis. Ráðist verður í fyrstu verkefnin undir þeim hatti sumarið 2016.
- Kolefnisjöfnun í ríkisrekstri: Styrkt verða verkefni sem miða að kolefnisjöfnun í ríkisrekstri.
- Átak gegn matarsóun.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, tekur undir með Árna. „Það er ánægjulegt að sjá að tímasett markmið eru sett fram fyrir sjávarútveginn og að vinna á að úttekt á aðlögun að loftslagsbreytingum. Þá er rætt um rafbílavæðingu, aðgerðir í landbúnaði, átak gegn matarsóun og eflingu kolefnisbindingar með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Allt er það gott og vel, en það vantar tímasett markmið um samdrátt í losun/kolefnisbindingu fyrir þessa þætti og hve mikið fjármagn eigi að tryggja í hvern og einn þeirra. Þannig er þetta meira áætlun um að gera áætlun. Það vantar loforð um að efla almenningssamgöngur og hjólreiðar, auk þess sem efla þarf sveitarfélögin í þeirra vinnu.“

### Fyrirséður árangur?

Hvaða árangri sóknaráætlunin skilar er reyndar erfitt að átta sig á í útskýringum ráðuneytisins sjálfs þar sem tekið er tillit til spurningarinnar hvort áætlunin muni í reynd draga úr losun. Þar segir af verkefnum sem ýmist eru í undirbúningi og ekkert svar sé við spurningunni fyrr en vinnan hefst eða þegar nánari útfærsla á framkvæmd liggur fyrir. „Önnur verkefni eru þess eðlis að erfitt er að meta árangur þeirra tölulega hvað varðar minnkun nettólosunar á Íslandi. Enn erfiðara er að meta árangur alþjóðlegra verkefna sem Ísland mun taka þátt í, þótt mögulega skili t.d. verkefni á sviði jarðhita erlendis meiru en nokkurt annað framtak Íslands í loftslagsmálum,“ segir í útskýringunum.

### Dúlleri

Fréttablaðið leitaði eftir upplýsingum hjá stjórnvöldum í gær hvort sóknaráætlunin hafi verið kostnaðarmetin, en Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra staðfesti í þingræðu í gær að svo væri ekki, en sérstök umræða var um loftslagsmál og markmið Íslands þar sem Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, var málshefjandi.

Katrín vék að sóknaráætluninni í upphafsræðu sinni. Sagði hana götótta í besta falli og frábað sér upptalningar á „dúlleríisaðgerðum“ og kallaði eftir meiri krafti í raunverulegar aðgerðir.

Sigrún sagði í svari sínu að henni þætti mjög miður að Katrín sæi nýja sóknaráætlun með þessum hætti, enda væri um að ræða margra ára vinnu sex ráðuneyta. Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði áætlunina afar metnaðarfulla og hún skilaði Íslandi líklega í fremstu röð ríkja í baráttunni gegn vánni.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tók hins vegar undir gagnrýni nöfnu sinnar – og bætti um betur. Hún kallaði eftir því að almenningssamgöngur væru teknar inn í myndina – sem ekki er að finna stað í sóknaráætluninni. Eins sagði hún það fráleitt að ekkert væri fjallað þar um stóriðju þó hún falli undir viðskiptakerfið sem minnst var á hér að ofan.




58"

**LG 58UF830V**

58" SUHD Smart IPS LED sjónvarp Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1600Hz PMI. Triple XD Engine. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0. Wi-Fi. Wi-Fi Direct. Bluetooth. Stafrænn DVB-C/T2/S2 og gervihnattamóttakari. 3 x HDMI. 5 x USB.

LG Life's Good · LED · 4K ULTRA HD · IPS · 1600Hz PMI · DVB T2

**TILBOÐ 249.990**

FULLT VERÐ 299.990

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## ÞJÓFSTÖRTUM Í DAG













FINLUX · DVB T2+C · Progressive Scan · USB · HDMI

**Finlux 32FLK274SN**

32" LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og Progressive Scan. Stafrænn móttakari DVB-T2+C. USB, 2 x HDMI, SCART Ci, S-video, S/PDIF, PC, CVBS og heyrnartólstengi. Hótelstilling.

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ 49.990

LG Life's Good · DVB T2 · LED · 300Hz PMI · TRIPLE XD

**LG 32LF561V**

32" FHD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn og 300Hz PMI. Triple XD Engine. Dynamic Color Enhancer. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 1 x USB. 1 x HDMI. Scart, Component og CI rauf. USB upptaka.

**TILBOÐ 59.990**

FULLT VERÐ 84.990

LG Life's Good · DVB T2 · LED · 300Hz PMI · TRIPLE XD

**LG 49LF510V**

49" FHD LED sjónvarp 1920 x1080p upplausn og Triple XD Engine. 300Hz PMI. Dynamic Color Correction. Real Cinema 24p. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 10W Virtual Surround Plus Surround hljóðkerfi. USB. 2 x HDMI.

**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ 139.990

Panasonic · 4K ULTRA HD TV · 4K MEDIA PLAYER · EASY MIRRORING · VIERA Direct

**PAN-TX50CX680E**

50" 4K sjónvarp með Ultra HD3840 x 2160p upplausn. VIERA Direct. Quad Core Pro örgjörvi. Firefox OS netvafri. 4K Up-Scaling. Studio Master Color DCI. 3 x USB(1 x 3.0). 3 x HDMI. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. Swipe & Share 2.0 / My Home Screen.

**TILBOÐ 149.990**

FULLT VERÐ 199.990

***12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í BOÐI***




# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**



Hægt verður að koma við í Grófinni með garnafganga og hekla saman fallegt teppi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Býttimarkaðir í nýtniviku

Þessa dagana stendur yfir svokölluð nýtnivika hér á landi. Um er að ræða evrópskt verkefni með það að markmiði að draga úr myndun úrgangs og hvetja fólk til að nýta hluti betur, að því er segir á vef Reykjavíkurborgar.

Borgarbókasafnið tekur þátt í nýtnivikunni og verður hægt að koma við í Grófinni með garnafganga og hekla saman fallegt teppi eða fara á býttifatamarkað í safninu í Kringlunni þann 28. nóvember frá kl. 13-17. Einnig verður hægt að nálgast ýmsar bækur með hugmyndum um hvernig hægt er að nýta afganga í eigulega hluti. Skiptibókamarkaður verður einnig á vegum bókasafnsins.

Umhverfisstofnun verður með fésbókarleik þar sem lögð er áhersla á að gefa upplifun í jólagjöf í stað hluta, eins og til dæmis matarveislu, skógarferð, norðurljósagöngutúr, ferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og skautaferð. **– ibs**

## Jólapeysan er hafin

Jólapeysukeppni Barnaheilla í tengslum við fjáröflunarátakið Jólapeysuna 2015 er hafin. Áheitaféð mun renna til verkefna Barnaheilla – Save the Children sem snúa að móttöku og mannúðaraðstoð fyrir sýrlensk flóttabörn og fjölskyldur þeirra í móttökulöndunum við Sýrland.

Einstaklingar og fyrirtæki eru hvött til að taka þátt. Skráning fer fram á jolapeysan.is og þar fá þátttakendur vini og vandamenn til að heita á sig. Með því að heita á einstakling, er einnig verið að kjósa í flokknum um vinsælustu jólapeysuna. **– ibs**

# Óánægð með líkamann eftir leik með Barbie og aksjónkalla

Sænskir vísindamenn segja að með því að einbeita sér að virkni líkamans í stað útlits verði líkamsímyndin jákvæðari. Eldri konur eru með jákvæðari líkamsímynd. Þær kunna að meta hreyfigetu og góða heilsu.

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
ibs@frettabladid.is

Stelpur sem hafa leikið sér með Barbie-dúkkur og strákar sem hafa leikið sér með aksjónkalla eru óánægðari með eigin líkama, heldur en börn sem hafa leikið sér með önnur leikföng. Frá þessu er greint í Sænska dagblaðinu sem fjallar um bókina Projekt perfekt, om utseendekultur och kroppsuppfattning.

Í bókinni er greint frá niðurstöðum fjölda rannsókna um líkamsímynd. Fjögurra til fimm ára börn eru meðvituð um að megrun getur verið leið til að öðlast eftirsóknarverðan vöxt. Fjörutíu til fimmtíu prósent sex til 12 ára barna eru óánægð með þyngd sína eða vaxtarlag og 21 prósents sjö ára stelpna í sænskri rannsókn hefur reynt að létta sig.

Í rannsókn sem einn þriggja bókarhöfunda, Carolina Lunde, doktor í sálfræði við Gautaborgarháskóla í Svíþjóð, stóð að kváðust 25 prósent 13 ára stelpna vera of feit þótt þær væru í eðlilegri þyngd eða of léttar. Einn af hverjum tíu strákum sagðist vera of þungur þótt þyngdin væri eðlileg.

Í viðtali við Sænska dagblaðið segir Carolina Lunde að mikilvægt sé að uppgötva snemma óánægju barnanna með eigin líkama þar sem hún geti leitt til vandamála í tengslum við mataræði og líkamsæfingar.

Hún getur þess að rannsóknir hafi leitt í ljós að því meiri tíma sem táningsstelpur verja í að skoða umfjöllun um útlit, þeim mun neikvæðari verði líkamsímynd þeirra. Niðurstöður þeirra fáu rannsókna sem gerðar hafi verið á körlum séu svipaðar þótt þær séu ekki jafngreinilegar.

Kristina Holmqvist Gattario, annar af þremur höfundum fyrrgreindrar bókar, segir að með því að einbeita sér að virkni líkamans í stað útlits hans verði líkamsímyndin jákvæðari.

Gattario, sem er lektor í sálfræði við Gautaborgarháskóla og rannsakar jákvæða líkamsímynd, segir í viðtali við Sænska dagblaðið að óvenjulegt sé að einhver segist vera ánægður með eigin líkama. Unglingar sem tekið hafi þátt í rannsóknum



Umræðan um útlit Barbie og áhrif þess á stelpur hefur staðið árum saman. NORDICPHOTOS/GETTY

**21**
**prósent 7 ára stelpna í sænskri rannsókn hefur reynt að létta sig.**

**4-5**
**ára börn eru meðvituð um að megrun getur verið leið til að öðlast eftirsóknarverðan vöxt.**

hafi nefnt að túlka mætti það sem gort.

Að sögn Gattario sýndu niðurstöður ástralskrar rannsóknar á viðhorfum kvenna á aldrinum 18 til 75 ára að allir aldurshópar voru óánægðir með til dæmis andlit, læri, maga eða þyngd. En því eldri sem konurnar voru þeim mun jákvæðari var líkamsímynd þeirra. Þær gátu einbeitt sér að virkni líkamans. Styrkleiki, hraði, fimi og góð heilsa verður mikilvægara en útlitið þegar aldurinn færist yfir.

Rannsakendur urðu einnig varir við að þær sem fylgdust mikið með fegrunarráðum á netinu voru opnari fyrir fegrunaraðgerðum, bæði til þess að þeim liði sjálfum betur og einnig til þess að fá vinnu eða finna maka. Bókarhöfundar benda á að árið 2010 hafi fegurðariðnaðurinn velt 250 milljörðum dollara á heimsvísu.

Til að komast að því hvað einkenni viðhorf þeirra unglinga sem eru með jákvæða líkamsímynd var tekið viðtal við þrjátíu 14 ára unglinga sem höfðu verið með jákvæðari líkamsímynd þegar þeir voru 10 og 13 ára en jafnaldrar þeirra. Unglingarnir nefndu ýmislegt sem þeim fannst að mætti vera betra en einbeittu sér frekar að virkni líkamans. Fjórtán ára stelpa kvaðst vera ánægð með fæturna á sér þar sem hún hlypi hratt.

Glæsileg Bosch heimilistæki á jólaverði.
Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á bosch.is.

BOSCH
Þvottavél
WAP 28397SN
Tekur mest 7 kg.
Orkuflokkur A+++.
Kolalaus, hljóðlátur mótor með 10 ára ábyrgð.
Með íslensku stjórnborði.
Jólaverð:
99.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



BOSCH
Þurrkari
WTW 86197SN
Tekur mest 7 kg.
Orkuflokkur A++.
Sjálfhreinsandi rakaþéttir.
Með íslensku stjórnborði.
Jólaverð:
99.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



BOSCH
Bakstursofn
HBA 74R252E
Orkuflokkur A.
Átta ofnaðgerðir.
Brennslusjálfhreinsun.
Jólaverð:
99.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



BOSCH
Spanhelluborð
PIE 645F17E
Með stálramma.
Jólaverð:
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

GRILL66.IS

# Kombótilboð

ENGINN VENJULEGUR BORGARI OG
EKKERT VENJULEGT TILBOÐ




## St. Louis BEIKONBORGARI

Franskar ~ COKE 0,5 L ~ SÍRÍUS SÚKKULAÐI MEÐ LAKKRÍS

TILBOÐIÐ GILDIR
26. NÓV. – 6. DES.

GRILL 66

NORÐLINGAHOLTI
ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
MOSFELLSBÆ
BORGARNESI
SELFOSSI
AKRANESI
STYKKISHÓLMI
SKAGASTRÖND
DALVÍK
SIGLUFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
REYÐARFIRÐI

GRILL 66

olís ÞÚ FINNUR OKKUR Á OLÍS-STÖÐVUM

Betra grill við veginn

PIPAR\TBWA • SÍA • 155599

# JÓLABÆKURNAR




20% AFSLÁTTUR
4.799KR
FULLT VERÐ 5.999KR




25% AFSLÁTTUR
2.999KR
FULLT VERÐ 3.999KR




4.999KR




4.799KR
FULLT VERÐ 5.599KR




4.999KR
FULLT VERÐ 5.799KR




25% AFSLÁTTUR
4.499KR
FULLT VERÐ 5.999KR




25% AFSLÁTTUR
4.349KR
FULLT VERÐ 5.799KR




1.999KR




4.999KR




25% AFSLÁTTUR
2.249KR
FULLT VERÐ 2.999KR




25% AFSLÁTTUR
2.774KR
FULLT VERÐ 3.699KR




25% AFSLÁTTUR
3.099KR
FULLT VERÐ 3.699KR




25% AFSLÁTTUR
3.599KR
FULLT VERÐ 4.799KR




25% AFSLÁTTUR
1.874KR
FULLT VERÐ 2.499KR

Gildir 26.-29. nóvember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Allt úrval í Smáralind, Holtagörðum, Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni. Minna í öðrum verslunum.




EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

# R Í MIKLU ÚRVALI

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM.




5.099 KR — FULLT VERÐ 5.799 KR




4.199 KR — FULLT VERÐ 4.799 KR




5.999 KR — FULLT VERÐ 6.999 KR




2.599 KR — FULLT VERÐ 2.999 KR




5.099 KR — FULLT VERÐ 5.799 KR




3.299 KR — FULLT VERÐ 3.899 KR




4.599 KR — FULLT VERÐ 5.999 KR




3.499 KR — FULLT VERÐ 4.099 KR




5.099 KR — FULLT VERÐ 5.799 KR

25% AFSLÁTTUR




4.799 KR — FULLT VERÐ 6.399 KR




3.499 KR — FULLT VERÐ 3.999 KR

25% AFSLÁTTUR




2.924 KR — FULLT VERÐ 3.899 KR

25% AFSLÁTTUR




6.749 KR — FULLT VERÐ 8.999 KR




5.099 KR — FULLT VERÐ 6.099 KR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VIÐSKIPTI

# Vilja kaupa Þríhnúka

**Icelandic Tourism Fund I sem rekinn er af Landsbréfum gerir tilboð í allt hlutafé í Þríhnúkum. Skoðað er að grafa göng inn í gíginn og koma fyrir útsýnispalli.**

Icelandic Tourism Fund, sjóður sem Landsbréf, dótturfélag Landsbankans, rekur, hefur boðið 119 milljónir króna í allt hlutafé í Þríhnúkum ehf., félagi sem staðið hefur að uppbyggingu ferðaþjónustu við Þríhnúkagíg.

Helgi Júlíusson, sjóðstjóri hjá Landsbréfum, segir þeim hugnast vel þau áform um uppbygginguna sem kynnt hafi verið á svæðinu. Áætlanirnar byggist á skipulagslýsingu sem nú er til kynningar hjá Kópavogsbæ. Eitt af því sem þar kemur til álita er að gera jarðgöng inn í miðjan gíginn þar sem komið verði fyrir útsýnispalli. „Hugmyndin er að gera þetta þannig úr garði að fleirum verði gert kleift að komast í gíginn og njóta hans,“ segir Helgi.

Lítið er um varanleg mannvirki á svæðinu þar sem tekið hefur tíma að fá tilskilin leyfi. Björn Ólafsson, einn stofnenda Þríhnúka og stærsti hluthafi félagsins, sagði við Fréttablaðið í október að mun lengri tíma hefði tekið að fá öll tilskilin leyfi en þau hefðu ætlað í upphafi þar sem svæðið heyrði undir forsætisráðuneytið sem þjóðlenda, Heilbrigðiseftirlit Kópavogs og Hafnarfjarðar sem vatnsverndarsvæði, Kópavogsbæ auk Umhverfisstofnunar. „Þegar við stofnuðum þetta 2004 hélt ég kannski að það yrðu fimm ár, en nú eru að verða komin tólf ár,“ sagði Björn.

Reykjavíkurborg hefur samþykkt að selja hlut sinn sem nemur 13,9 prósentum. Helgi segist ekki vita til þess að aðrir hluthafar hafi tekið afstöðu til kauptilboðsins. Þeir hafa fram í byrjun desember til að gera það. Björn Ólafsson á 29,1 prósents eignarhlut eftir að hafa keypt 18,6 prósenta hlut Stefnis í október á genginu 86 krónur á hlut. Fyrir hlutinn greiddi Björn 18 milljónir króna. Kauptilboð Icelandic Tourism Fund hljóðar upp á 106 krónur á hlut. Aðrir hluthafar í félaginu eru Kópavogsbær, Icelandair Group, Árni Björn Stefánsson, Einar Kristján Stefánsson og VSÓ ráðgjöf. **ingvar@frettabladid.is**



**Icelandic Tourism Fund vill gera svæðið aðgengilegt almenningi og ferðamönnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Eiga íshellinn og hvalasafnið

Icelandic Tourism Fund hefur sérhæft sig í að fjárfesta í afþreyingartengdri ferðaþjónustu en fjárfestingargeta hans er rúmlega fjórir milljarðar. Sjóðurinn á m.a. nær allt hlutafé í íshellinum á Langjökli og er stór hluthafi í Fákaseli, sem staðið hefur að hestasýningum við Hveragerði. Sjóðurinn á auk þess meirihluta í hvalasafninu við Fiskislóð.



**Helgi Júlíusson** sjóðstjóri hjá Landsbréfum

# Búmenn fá skuldir felldar niður í nauðasamningi

Frumvarp að nauðasamningi húsnæðissamvinnufélagsins Búmanna liggur fyrir. Kröfuhafar munu kjósa um samninginn á kröfuhafafundi þann 17. desember.

Félagið fór í greiðslustöðvun í vor. Það tapaði 263 milljónum króna á síðasta ári en þá var eigið fé þess neikvætt um hálfan milljarð króna. Samkvæmt nauðasamningsfrumvarpinu mun meirihluti búseturétthafa falla frá rétti sínum til innlausnarskyldu. Búmenn hafa hingað til skuldbundið sig til að kaupa til baka búseturétt í 303 af 540 íbúðum félagsins. Samkvæmt síðasta ársreikningi voru skuldbindingar vegna staðfests búseturéttar metnar á 1,5 milljarða króna. Á móti fá íbúarnir rétt til að selja búseturéttinn á markaði í eigin nafni.

Samhliða nauðasamningunum er stefnt að því að stofna sérstakt leigufélag um að hámarki 68 eignir sem Búmenn eiga í Reykjanesbæ sem ýmist eru tómar eða í útleigu.

**263** milljónir var tap Búmanna á síðasta ári.



**Gunnar Kristinsson** stjórnarformaður Búmanna

Þetta segir Gunnar Kristinsson, stjórnarformaður Búmanna. Íbúðalánasjóður mun samhliða því gefa eftir hluta af skuldum sínum við Búmenn. Íbúðalánasjóður hafði lánað Búmönnum 13 milljarða króna um síðustu áramót. „Það verða ákveðnar afskriftir,“ segir Gunnar.

Búist er við því að frestur til að lýsa kröfum renni út þann 11. desember. **– ih**

# 2015 metár í yfirtökum

Árið 2015 hefur verið metár í yfirtökum fyrirtækja. Með yfirtöku Pfizer á Allergan, sem tilkynnt var um á mánudaginn, nema yfirtökurnar 4.200 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 555 þúsund milljarða íslenskra króna.

Breska blaðið City AM greinir frá því að fimm yfirtökusamningar á árinu séu á lista yfir 20 verðmætustu samninga allra tíma. Stærsti samningur ársins er samningur Pfizer og Allergan sem metinn er á 21 þúsund milljarða. Á eftir honum kemur samningur brugghúsanna AB InBev og SABMiller sem metinn er á 15,5 þúsund milljarða. Samsteypan mun eiga þriðjung af markaðshlutdeild bjórs í heiminum eftir sameininguna. Þriðji verðmætasti samningurinn er svo yfirtaka Shell á BG Group sem metin er á 11 þúsund milljarða.

Yfirtökur bandarískra fyrirtækja á evrópskum fyrirtækjum hafa færst í aukana undanfarin ár. Sérfræðingar telja að ástæðuna megi rekja til þess að fyrirtækin vilji forðast tiltölulega háa fyrirtækjaskatta í Bandaríkjunum. **– sg**


Framtíð í framhaldsfræðslu

Ársfundur FA

Mánudaginn 30. nóvember 2015, Grand Hótel Reykjavík

RAUNFÆRNIMAT FRAMHALDS FRÆÐSLA NÁM OG RÁÐGJÖF

Dagskrá:

13:15 Skráning og kaffi
13:30 Ávarp – Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður stjórnar FA
13:40 Recognition of vocational competences – added value in the company - Ingegerd Green, framkvæmdastjóri og ráðgjafi
14:35 Breytt staða – eftir raunfærnimat í starfsgrein – Reynslusögur námsmanna
14:50 Fyrirmyndir í námi fullorðinna – Verðlaunahafar tilkynntir og afhending verðlauna
15:10 Hlé – Kaffi
15:30 Kynningar á vefjum: EPALE, Margrét Sverrisdóttir, Rannís, Framhaldsfræðslumerkið Friðrik Hjörleifsson, Fræðslusjóðir – sameiginleg gátt, Sveinn Aðalsteinsson, Næsta skref, Fjóla María Lárusdóttir
15:50 Tillögur starfshóps um framhaldsfræðslu, Guðrún Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri starfshópsins og formaður stjórnar Fræðslusjóðs
16:30 Slit

Fundarstjóri Halldór Grönvold, varaformaður stjórnar FA

Skráning á www.frae.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS – MENNTUN Á VINNUMARKAÐI
EPALE
norden – Nordiskt nätverk för vuxnas lärande






SÖLUAÐILAR

Reykjavík: Gilbert úrsmiður Laugavegi 62 s: 551-4100 | Gullúrið Mjódd s: 587-4100 | GÞ skartgripir og úr Bankastræti 12 s: 551-4007 Meba Kringlunni s: 553-1199 | Meba - Rhodium Smáralind s: 555-7711 | Michelsen Úrsmiðir Kringlunni s:511-1900 | Rhodium Kringlunni s: 553-1150 | Jón Sigmundsson skartgripaverslun Laugavegi 5 s: 551-3383 | Úra- og skartgripaverslun Heide Glæsibæ s: 581-3665 | Hafnarfjörður: Úr & Gull Firði-Miðbæ Hafnarfjarðar s: 565-4666 | Keflavík: Georg V. Hannah, úrsmiður Hafnargötu 49 s: 421-5757 | Akureyri: Halldór Ólafsson úrsmiður Glerártorgi s: 462-2509 | Akranes: Guðmundur B. Hannah, úrsmiður Suðurgötu 65 s: 431-1458 | Egilsstaðir: Klassík Selási 1 s:471-1886 | Selfoss: Karl R. Guðmundsson, úrsmiður Austurvegi 11 s: 482-1433 | Vestmannaeyjar: Geisli Hilmisgötu 4 s: 481-3333

# BLACK FRIDAY

# 25 % AFSLÁTTUR*

## AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM

## FÖSTUDAG 27.11.

*Að undanskildum leikjatölvum, spjaldtölvum, gjafakortum og vörum sem eru nú þegar með afslætti.



**Opnunartímar:**
Kópavogur 8-22,
Grafarvogur 8-22
Akureyri 10-19

Toys R Us®

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Þetta tilboð gildir aðeins 27.11.2015. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

# Víða þarf að rétta hlut



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Fengju aldraðir og öryrkjar sambærilega afturvirka hækkun og kjararáð hefur úthlutað kjörnum fulltrúum þjóðarinnar og embættismönnum sem undir ráðið heyra þá myndi það þýða að framfærsla hluta hópsins færi úr 172.000 í 187.996 krónur. Þar munar tæpum 16 þúsund krónum.

Við ákvörðun kjararáðs hækka grunnlaun alþingismanna úr rúmlega 651 þúsund krónum í rúmlega 712 þúsund krónur, eða um ríflega 60 þúsund, nærri fjórfalda hækkunina sem lífeyrisþegar fengju.

Um síðustu helgi hélt Öryrkjabandalagið fund um mannsæmandi lífskjör. Birt var könnun þar sem í ljós kom að 90 prósent aðspurðra teldu sig ekki geta lifað af 172 þúsund krónum á mánuði. Um leið kom fram mikill stuðningur við það að lífeyrisþegar fengju að minnsta kosti jafnmikla hækkun og lægstu launþegar hafa fengið á árinu.

Hluti þingmanna mætti og hefur málið verið tekið upp á þingi í vikunni. Páll Valur Björnsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, ræddi kjör aldraðra og öryrkja, að minnsta kosti í þriðja sinn í vikunni, undir liðnum störf þingsins á Alþingi í gær. Fundurinn um helgina hefði gert hann mjög dapran og hugsi um hvar samfélag okkar væri statt.

„Viljum við raunverulega samfélag án aðgreiningar þar sem börnin okkar og fullorðið fólk fær tækifæri til að vera með, njóta lífsins og leggja sitt af mörkum þrátt fyrir einhverjar meðfæddar skerðingar eða skerðingar vegna slysa eða sjúkdóma?“ spurði hann og minnti um leið á að hver sem er gæti lent í heilsutjóni. „Eða viljum við samfélag sem hafnar okkur og börnunum okkar þá og dæmir okkur til útilokunar og miklu minni lífsgæða en óhjákvæmilegt er?“

Í fyrradag talaði Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, með fleirum fyrir afturvirkri hækkun handa lífeyrisþegum. „Það getur ekki gengið að eftir þá erfiðu tíma, sem ekki síst þeir efnaminnstu hafa þurft að ganga í gegnum undanfarin ár, séu allir helstu hátekjuhóparnir í landinu leiðréttir aftur í tímann á kostnað ríkissjóðs að stórum hluta til, en þeir sem minnst bera úr býtum fái ekki afturvirka leiðréttingu,“ sagði hann. Alþingi væri kjararáð aldraðra og öryrkja.

Í umræðum um störf þingsins í gær velti Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, því líka fyrir sér hvort ekki mætti gera betur miðað við þann árangur sem náðst hefði í efnahagsmálum. Nú væri lag á því að láta af skerðingum í framhalds- og háskólanámi, mæta kröfum Landspítalans um rekstrarfé og láta aldraða og lífeyrisþega njóta sömu kjara og fólk á vinnumarkaði.

Þegar kemur að úthlutun þingmanna á ríkisfé með fjáraukalögum sem fyrir dyrum standur, þar sem þeir hafa af grunnlaunum sínum einum með afturvirkri hækkun frá 1. mars fengið nokkur hundruð þúsund króna búbót fyrir jólin, væri kannski ekki úr vegi að þeir hugsuðu aðeins sinn gang og hvert velferðarsamfélagið Ísland stefnir.

**Við ákvörðun kjararáðs hækka grunnlaun alþingismanna úr rúmlega 651 þúsund krónum í rúmlega 712 þúsund krónur, eða um ríflega 60 þúsund.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ekki skjóta sendiboðann**

**„Fjölmiðlar endurspegla ekki raunveruleikann,“ sagði Eygló Harðardóttir á Jafnréttisþingi í gær og vakti þar athygli á kynjaskekkju í viðmælendavali fjölmiðla. Fjölmiðlum hefur mikið verið legið á hálsi, meðal annars af þingkonunni Svandísi Svavarsdóttur, fyrir þá staðreynd að þann 25. mars voru konur einungis 20% viðmælenda en karlar 80%.**

**Staðreyndin er hins vegar sú að það er úr færri konum að velja sem viðmælendum. Samkvæmt skýrslu um stöðu jafnréttismála 2013-2015 voru karlar 78% framkvæmdastjóra starfandi fyrirtækja. Þeir voru 89% dómara við Hæstarétt, 76% sendiherra Íslands og 64% forstöðumanna ríkisstofnana.**

**Frá kosningum hafa stjórnmálamenn klappað sér á öxlina fyrir þá staðreynd að 44% fulltrúa í sveitarstjórnum eru konur. Staðreyndin er hins vegar sú að einungis 19 konur en 55 karlar eru oddvitar eða bæjarstjórar á Íslandi. Karlar eru sem sagt í 74% tilfella veigamesti viðmælandi í sveitarstjórnum landsins.**

**Við fjölmiðlafólk þurfum auðvitað að vera vakandi fyrir því að velja konur sem viðmælendur þegar þær eru frambærilegasti viðmælandinn. Við getum hins vegar ekki breytt þessari skekkju ef skekkjan er innbyggð hjá helstu viðmælendum fréttastofa landsins. snaeros@frettabladid.is**

# Það er betra að fæðast á kosningaári



Örn Úlfar Sævarsson
á von á tvíburum og stendur í framkvæmdum

Fæðingarorlof feðra er ónýtt. Þetta vita allir nýbakaðir feður. Bæði pabbarnir sem hafa ekki nýtt sér þessi réttindi á liðnum árum og pabbarnir sem hafa tekið sénsinn á fjárhagslegu öryggi fjölskyldunnar til að njóta samverustunda við nýfætt krútt. Það fjölgar í fyrrnefnda hópnum því um leið og tekjurnar hrapa í orlofi bætist nefnilega við alls konar aukakostnaður vegna komu nýrrar manneskju í heiminn – ég tala nú ekki um ef fjölskyldan þarf að stækka við sig. Hámarksorlof er nú 370 þúsund kall á mánuði, mínus skattur, mínus lífeyrissjóður og mínus stéttarfélagsgjöld (hæ, verkalýðshreyfing!). Dugar tvöhundruðþúsundkallinn sem eftir stendur fyrir leigunni?

Vinstri flokkarnir vita líka að kerfið er ónýtt enda voru það þeir sem hentu barninu út með baðvatninu á síðasta kjörtímabili – og pabbanum líka.

Fjármálaráðherra er klár á því að að fæðingarorlof feðra er ónýtt enda sagði hann í ræðu sinni á landsfundi sínum um daginn: „Ég tel að við verðum að hækka greiðslur í fæðingarorlofi myndarlega. Við viljum nefnilega búa vel að fjölskyldum með ung börn og svo ber líka að líta til þess yfirlýsta tilgangs laganna, að jafna stöðu kynjanna, en við sjáum að verulega hefur dregið, því miður, úr töku fæðingarorlofs meðal feðra.“ Því miður fyrir börn sem fæðast á næsta ári bætti hann við að þetta ætti ekki að gerast fyrr en „við fjárlagagerð ársins 2017 [Landsfundur klappar]“.

Jafnrétti er því forgangsmál á fundum, ekki í fjárlögum. Á meðan drabbast kerfið áfram niður næstu misserin og staða kynjanna heldur áfram að skekkjast. Fæðingarorlof mæðra er reyndar svo efni í aðra grein. Í lokin er rétt að ráðleggja pörum sem vilja fjölga sér að halda aðeins í sér. Þau börn sem gengið er með núna og næstu mánuði fá nefnilega ekki sömu möguleika á samveru með föður sínum og þau sem fæðast 2017. Kosningaárið 2017.

**Jafnrétti er því forgangsmál á fundum, ekki í fjárlögum. Á meðan drabbast kerfið áfram niður næstu misserin og staða kynjanna heldur áfram að skekkjast.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Oftar en einu sinni

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Sé mönnum alvara með því sem þeir segja þurfa þeir jafnan að segja sama hlutinn oftar en einu sinni. Segi menn skoðun sína aðeins einu sinni kann að liggja fiskur undir steini. Tökum dæmi.

**Forsetinn**

Í nýársávarpi sínu 2010 sagði forseti Íslands m.a.: „Það er líklega einn veikasti hlekkur íslenskrar stjórnskipunar að sjálfstæði dómstólanna, Hæstaréttar og héraðsdóma, er ekki tryggt í stjórnarskrá. ... hollustan við flokk ráðherrans [hefur] verið mælikvarðinn sem mestu skipti ... Stjórnkerfið, ráðuneyti og eftirlitsstofnanir, hafa líka liðið fyrir hið flokkslega mat við ráðningar og slík meinsemd veikti getu stofnana til að veita aðhald. Flokksskírteinið var í mörgum tilvikum mikilvægara en fagleg hæfni; vinátta eða vensl við ráðherra riðu baggamuninn. Þeirri skyldu að bera sannleikanum ávallt vitni í áheyrn valdhafanna var iðulega vikið til hliðar. Þessi brotalöm í stjórnkerfi landsins ... hefur ... verið samofin stjórnmálabaráttu alls lýðveldistímans. ... þetta flokksvædda stjórnkerfi ... átti tvímælalaust þátt í því hve illa fór. Þær stofnanir sem áttu að veita faglega og óháða ráðgjöf reyndust of veikar þegar mest á reið. Styrking stjórnkerfis og ótvírætt sjálfstæði dómstóla og stofnana á vettvangi réttarfars og eftirlits eru forgangsmál við endurreisn Íslands. Grundvallarbreyting á stjórnsýslu og réttarfari frá flokksræði til faglegs sjálfstæðis er lykillinn að farsælli framtíð, forsenda þess að nýjum áföllum verði afstýrt.“

Þessi hárrétti boðskapur forsetans virðist þó ekki vera honum hugleiknari en svo að hann hefur ekki hirt um að taka málið upp aftur þótt hann sæi sér hag í því aðþrengdur eftir hrun að nefna málið í eitt skipti eins og til að villa á sér heimildir. Aðild forsetans að tilræði Alþingis við lýðræðið í landinu með því að halda áfram að reyna að hunza úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar um nýja stjórnarskrá 2012 vitnar enn frekar um vandann, enda tekur nýja stjórnarskráin einmitt fast á þeim brestum sem forsetinn lýsir réttilega að framan.

**Ritstjórinn**

Tökum annað dæmi. Styrmir Gunnarsson, þá ritstjóri Morgunblaðsins, birti svofelldan texta í Reykjavíkurbréfi blaðsins 25. júní 2006: „Í of langan tíma hefur vont andrúmsloft heiftar og hefndar ráðið ferðinni í þjóðfélagsumræðum. ... engu er líkara en menn svífist einskis til þess að tryggja ákveðna hagsmuni. Stjórnmál og viðskiptalíf blandast saman með ýmsum hætti í þessu vonda andrúmslofti og það er hættuleg blanda. ... Vopnin sem notuð eru í þessari baráttu eru illt umtal. ... meðan unnið er að því með markvissum hætti að skapa „andrúmsloft dauðans“ í kringum einhvern einstakling sitja aðrir hjá og bíða spenntir eftir því, hvort það tekst. ... við búum að sumu leyti í verra samfélagi en við höfum nokkru sinni gert í okkar samtíma. Hver vill búa í vondu samfélagi? Hver vill anda að sér vondu andrúmslofti?“ Síðan hefur Morgunblaðið ekki birt eitt aukatekið orð um málið. Ritstjórinn sagði að vísu við RNA (8. bindi, bls. 179): „Ég er búinn að fylgjast með þessu þjóðfélagi í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt.“ Ritstjórinn fv. hefur síðan verið á harðahlaupum frá þessum ummælum enda heldur hann áfram að vaða eld og reyk fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

**Bankar og lög**

Fáeinir háskólamenn í Bandaríkjunum hafa ásamt öðrum lýst því sjónarmiði að ekki dugi að sekta banka fyrir lögbrot bankamanna. Allir helztu bankar Bandaríkjanna hafa sætt fjallháum sektum vegna lögbrota bankamanna síðustu ár en bankana munar ekkert um að greiða sektirnar, þeir taka varla eftir þeim. Að sekta banka fyrir lögbrot bankamanna er eins og að sekta Reykjanesbrautina fyrir of hraðan akstur.

Embættismenn þóttust lengi vel ekki skilja þessa augljósu hliðstæðu. Það breyttist loksins á þessu ári. Í júní gerðist það að Stanley Fischer, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Bandaríkjanna, einn virtasti hagfræðingur samtímans, tók af skarið í blaðaviðtali og sagðist telja rétt að sækja bankamenn til saka fyrir meint lögbrot. Hann hefur þó sagt þetta aðeins einu sinni. Næst lýsti Ben Bernanke, nýhættur sem seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sömu skoðun í blaðaviðtali um nýútkomna bók sína þverhandarþykka um bankamálin þar vestra. Hann hefur þó sagt þetta aðeins einu sinni og segir ekki heldur orð um málið í bókinni. Loks gerðist það nýlega að Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS, bar í ræðu lof á Íslendinga fyrir að hafa komið lögum yfir nokkra brotlega bankamenn. Hún hefur þó sagt þetta einu sinni. Reynslan mun leiða í ljós hvort þeim Fischer, Bernanke og Lagarde var alvara með ummælum sínum eða ekki.

> **Þessi hárrétti boðskapur forsetans virðist þó ekki vera honum hugleiknari en svo að hann hefur ekki hirt um að taka málið upp aftur þótt hann sæi sér hag í því aðþrengdur eftir hrun að nefna málið í eitt skipti eins og til að villa á sér heimildir.**

**Auk þess legg ég til ...**

Kató gamla er enn minnzt fyrir að láta engan velkjast í vafa um að hann meinti það sem hann sagði fyrir 2000 árum. Hann lauk öllum ræðum sínum í öldungadeildinni í Róm með orðunum „Auk þess legg ég til að Karþagó verði lögð í eyði“. Menn hlustuðu. Kató fékk að ráða lyktum málsins. Karþagó var lögð í eyði.

Auk þess legg ég til að forseti Íslands og Alþingi láti af aðför sinni gegn lýðræðinu í landinu og virði vilja þjóðarinnar eins og hann birtist í úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar um nýja stjórnarskrá 20. október 2012.








# Mikil gremja eldri borgara út í stjórnvöld!



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar-Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Það er mikil óánægja í dag meðal aldraðra með kjörin! Sumir hafa ekki nóg fyrir brýnustu nauðsynjum. En aðrir, mjög stór hópur eldri borgara, hafa fyrir öllum helstu útgjöldum en verða að horfa í hverja krónu og eiga erfitt með að veita sér nokkuð. Eldri borgurum svíður mjög, að þegar þeir eru búnir með sína starfsævi og komnir á eftirlaunaaldur, skuli þeir ekki geta haft viðunandi kjör. Eldri borgarar eiga það svo sannarlega inni hjá þjóðfélaginu, að þeir geti átt áhyggjulaust ævikvöld.

### Það verður að gera eitthvað róttækt!

Ég hef skrifað um kjaramál eldri borgara í mörg ár en aldrei fengið eins mikil viðbrögð við greinum mínum eins og á þessu ári. Aldraðir láta í ljós óánægju með kjör sín. Það er mikil ólga og undiralda í þjóðfélaginu vegna slæmra kjara og áhugaleysis stjórnvalda á högum eldri borgara. Margir aldraðir segja: Það verður að gera eitthvað róttækt, stjórnvöld hafa hundsað okkur nógu lengi. Við verðum að fara í mál við ríkið eða bjóða fram. Þannig er tónninn.

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er nú að kanna með lögfræðingum hvort grundvöllur er fyrir því séð fara í mál við ríkið vegna slæmra kjara þeirra eldri borgara sem verst eru staddir. Væntanlega verður komin niðurstaða í það mál fyrir áramót.

### Endar ná ekki saman

Einhleypur eldri borgari, ekkjumaður, kom að máli við mig. Hann hefur rétt rúmar 200 þúsund krónur til ráðstöfunar eftir skatt á mánuði, samanlagðan lífeyri frá almannatryggingum og lífeyri frá lífeyrissjóði. Hann er með 60 þúsund krónur úr lífeyrissjóði á mánuði en vegna þess sætir hann skerðingu um 36 þúsund krónur mánaðarlega hjá Tryggingastofnun, þannig að hann fær ekki þar nema 156 þúsund krónur á mánuði eftir skatt í stað 192ja þúsunda króna. Af þessum rúmlega 200 þúsund krónum þarf hann að greiða öll sín útgjöld, mat, fatnað, húsnæðiskostnað, rafmagn og hita, lyf, lækniskostnað, gjafir, kostnað við rekstur á bíl og fleira. Endar ná ekki saman hjá honum. Hann kveðst ekki hafa efni á að hreyfa bílinn. Hann á yfirleitt ekki fyrir bensíni, svo bíllinn er oftast óhreyfður.

### Verður að neita sér um margt

Maður þessi greip til þess ráðs í fjárhagsvandræðum sínum að taka yfirdráttarlán í banka. Það bjargaði honum um tíma en var skammgóður vermir enda gífurlegur kostnaður af slíkum lánum. Nú hefur bankinn gjaldfellt yfirdráttarlánið og maðurinn er í sömu erfiðleikum og áður. Hann verður alltaf að neita sér um eitthvað eða draga það. Stundum er það lækniskostnaður eða lyfjakostnaður en oftast bensín á bílinn. Hann á erfitt með að kaupa nokkrar gjafir.

**Það er mikil ólga og undiralda í þjóðfélaginu vegna slæmra kjara og áhugaleysis stjórnvalda á högum eldri borgara.**

### Getur ekki tekið eðlilegan þátt í samfélaginu

Þessi eldri borgari getur ekki tekið eðlilegan þátt í samfélaginu. Í dag þykir sjálfsagt að hafa tölvu og bíl en það má heita, að þessi eldri borgari hafi hvorugt, þar eð hann getur lítið sem ekkert hreyft bílinn. Og hann hefur ekki efni á tölvu. Það er verið að brjóta mannréttindi á þessum eldri borgara. Samkvæmt 76. grein stjórnarskrárinnar á ríkið að aðstoða elli- og örorkulífeyrisþega, ef þarf. Það þarf í þessu tilviki.

### Verið að níðast á eldri borgurum

Þessi eldri borgari vill fara í mál við ríkið vegna þeirrar kjaraskerðingar, sem hann hefur orðið fyrir í tíð fyrri ríkisstjórnar og þeirrar, sem nú situr. Hann hefur leitað til lögmanns, sem kannar málið fyrir hann. Margir hugsa sjálfsagt eins. Eldri borgarar eru gramir út í stjórnvöld, þar eð það er verið að níðast á þeim. Stjórnvöldum finnst sjálfsagt að láta aldraða og öryrkja sitja á hakanum. Þó engin leið sé að framfleyta sér á þeim lága lífeyri, sem stjórnvöld skammta lífeyrisþegum (192 þúsund krónur á mánuði eftir skatt til einhleypinga) þá hreyfa stjórnvöld hvorki legg né lið til þess að laga ástandið. Þau segjast ætla að gera það næsta ár! Það er of seint.

# Sérkennsla – neikvæð eða jákvæð þjónusta?



**Rannveig Lund**
lestrar- og sérkennslufræðingur og félagi í Reykjavíkur Akademíunni

Í viðtali við dr. Hermund Sigurðsson í Fréttablaðinu 12. okt. sl. segir hann óeðlilegt að 28% íslenskra barna þurfi sérkennslu á móti 8% norskra. Í áherslurammа er 28% slegið fram með stóru letri ásamt hlutfallstölum sem sýndu slakt gengi íslenskra unglinga í stærðfræði og náttúrufræði í PISA-könnuninni árið 2012.

Ólík hlutföll um sérkennslu eru athyglisverð í ljósi þess að Ísland og Noregur aðhyllast sömu skólastefnuna um „skóla án aðgreiningar“ en skv. henni eiga allir rétt á námi í almenna grunnskólanum. Hlutfallstölur í báðum löndum byggjast á að rúmlega 99% nemenda stunda nám í almennum skólum auk hinna (>1%) sem eru í sérskólum og sérdeildum. Hvað skýrir muninn á hlutfallslegum fjölda sem nýtur sérkennslu í þessum tveimur löndum? Eru einhver tengsl milli fjölda sérkennslunemenda og frammistöðu landa í PISA-könnunum?

### Sérkennsla – ólík viðmið

Opinber hlutföll um nemendur sem njóta sérkennslu á Íslandi og í Noregi eru ósamanburðarhæf þar sem þau fela ekki í sér sömu viðmið.

Á Íslandi felur sérkennsla í sér aðstoð við þrjá eftirtalda hópa nemenda:

1. Nemendur sem hafa fengið formlega greiningu á námserfiðleikum sínum og eru í almenna skólakerfinu, í sérskólum og sérdeildum.
2. Nemendur sem EKKI hafa fengið formlega greiningu á námserfiðleikum sínum. Í þessum hópi geta verið nemendur sem t.d. bíða greiningar eða eru taldir geta náð sér á strik með stuttu inngripi við nám eða hegðun.
3. Nemendur sem læra íslensku sem annað móðurmál.

Hlutfall nemenda í sérkennslu sem var rúmlega 28% á Íslandi skólaárið 2014-2015, er meðaltal úr átta landshlutum (hæst 32%, lægst 22%). Allir nemendur telja jafnt inn í 28% hlutfallið, hvort sem þeir fá margar eða fáar sérkennslustundir, hvort þær fara fram inni í bekk eða utan, í litlum hópi eða einstaklingslega.

Í Noregi felur sérkennsluhlutfallið (8%) eingöngu í sér nemendur með formlegar greiningar (sjá 1. lið), oftast frá sálfræðiskrifstofum sveitarfélaganna. Þetta eru nemendur sem verst nýta námið af þeim 25% sem einnig eiga í erfiðleikum með það (Norges offentlege utgreiingar:2009:18). Undirritaðri er ókunnugt um hvernig skólar í Noregi mæta nemendum með námserfiðleika en ekki formlega greinda (sjá 2. lið). Mér er hins vegar kunnugt um að 7% norskra nemenda með annað móðurmál fengu kennslu í norsku sl. skólaár. Sú kennsla er ekki skilgreind sem sérkennsla (sjá 3. lið).

Annað dæmi um ólíka skilgreiningu á sérkennslu og þar með ósamanburðarhæfa við bæði Ísland og Noreg er sú danska. Í Danmörku eru eingöngu þeir nemendur skráðir opinberlega í sérkennslu sem fá að lágmarki 13,5 sérkennslustundir á viku.

**Opinber hlutföll um nemendur sem njóta sérkennslu á Íslandi og í Noregi eru ósamanburðarhæf þar sem þau fela ekki í sér sömu viðmið.**

### Um tengsl milli sérkennslu og PISA-kannana

Framangreint sýnir að samanburður milli landa á sérkennsluþörf nemenda út frá opinberum tölum getur verið bæði varasamur og villandi fyrir umræðuna s.s um tengsl milli hlutfalls nemenda í sérkennslu og árangurs í PISA. Tölur um hvort tveggja voru í viðtalinu við Hermund birtar með neikvæðum formerkjum. Hvernig ber þá að túlka góðan árangur í PISA-könnunum og hátt sérkennsluhlutfall eins og í Finnlandi og Garðabæ (mbl. 12.12. 2013)?

Í fyrsta lagi ber að skoða það sem liggur á bak við sérkennsluhlutföll. Í öðru lagi getur hátt hlutfall sérkennslu verið jákvætt, þ.e. bent til að þjónusta við fjölbreyttan nemendahóp sé góð.

*Heimildir: 06spesialpedagogikk 2013:5; Nordisk forbund for specialpedagogikk; www.hagstofa.is;*




Í dag opnar glæsileg ný Vínbúð í Spönginni. Þar er nóg af bílastæðum og starfsfólk tekur vel á móti ykkur. **Verið hjartanlega velkomin.**

VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

# Krónan og kjörin



Björn Brynjúlfur Björnsson
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

**Þróun landsframleiðslu á mann á Norðurlöndum**




Meirihluti Íslendinga vill taka upp nýjan gjaldmiðil samkvæmt nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Í tengslum við birtingu könnunarinnar lýstu margir álitsgjafar yfir þeirri skoðun að upptaka annarrar myntar myndi bæta kjör almennings. Þó slíkt geti haft kosti í för með sér, hefur reynsla annarra ríkja sýnt að því fylgja jafnframt ókostir. Tíðar deilur um gjaldmiðilinn færa auk þess kastljósið frá brýnasta verkefninu í efnahagsmálum; bættri hagstjórn. Það mun ráða meiru um lífskjör en gjaldmiðillinn þegar upp er staðið.

### Ólík reynsla Norðurlanda

Ef við skoðum þróun lífskjara á Norðurlöndum, mælda í landsframleiðslu á mann, má sjá að þróunin hefur verið óhagfelldust í Finnlandi, sem notar evru (mynd 1). Þróunin í Danmörku, sem hefur fest gengi dönsku krónunnar við evruna, er einnig slæm. Ísland, Noregur og Svíþjóð, sem öll nota sína eigin mynt, hafa hins vegar komið betur út.

Færa má rök fyrir því að í Finnlandi sé evran ein af orsökum þessarar þróunar. Útflutningsgreinar þar í landi hafa lent í erfiðleikum af þremur ástæðum; vegna falls Nokia, minni eftirspurnar eftir pappír, og efnahagserfiðleika í Rússlandi. Við slíkar aðstæður hefði gengislækkun bætt stöðu annarra útflutningsgreina og veitt þannig viðspyrnu gegn samdrætti og launalækkunum. Vegna myntsamstarfsins er það hins vegar ekki mögulegt. Þannig kom gjaldmiðill, sem endurspeglar ekki efnahagslegan veruleika Finnlands, í veg fyrir sveigjanleika þegar hagkerfið lenti í vandræðum.

### Aðrar birtingarmyndir hrunsins

Íslenska krónan hefur ótvíræða annmarka. Það kom skýrt fram þegar alþjóðlega efnahagslægðin skall á. Hröð veiking og verðbólguskot setti fjárhag margra heimila og fyrirtækja í uppnám, óvissa skapaðist um gjaldgengi gjaldmiðilsins og fjármagnshöft voru talin nauðsynleg til að tryggja gengisstöðugleika. Eftir sjö ár hillir fyrst núna undir aflettingu haftanna. Um tíma var auk þess hætta á því að margt gæti farið úrskeiðis. Kostnaður vegna krónunnar hefur því verið mikill.

> **Í stað þess að líta til krónunnar sem orsakar efnahagslegra vandamála væri nær að einblína á hagstjórnina. Endurbætur á því sviði verða alltaf mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum og munu skila ávinningi, burtséð frá því hvaða mynt er notuð.**

Sveigjanleiki krónunnar hefur hins vegar reynst dýrmætur. Gengislækkun gerði mörgum útflutningsfyrirtækjum kleift að starfa áfram án þess að þurfa að grípa til stórfelldra uppsagna eða launalækkana. Lækkunin jók jafnframt samkeppnishæfni fyrirtækja og styrkti þannig alþjóðlega stöðu þeirra strax í kjölfar efnahagshrunsins. Sá útflutningsvöxtur sem fylgdi í kjölfarið á stóran þátt í þeim efnahagsbata sem Íslendingar hafa notið á síðustu árum.

Með annan gjaldmiðil hefði efnahagslægðin ekki horfið, heldur birst með öðrum hætti. Í stað gengisfalls, verðbólguskots og skuldavanda er líklegra að gengið hefði í garð tímabil mikils atvinnuleysis og hægfara launalækkana. Við slíkar aðstæður hefðu útflutningsgreinar átt erfiðara með að ná viðspyrnu og vaxa af jafn miklum krafti og raunin hefur orðið. Sjálfstæð mynt getur því reynst dýrmæt í sveiflukenndu hagkerfi þegar áföll dynja yfir.

### Einblínum á aðalatriðin

Í stað þess að líta til krónunnar sem orsakar efnahagslegra vandamála væri nær að einblína á hagstjórnina. Endurbætur á því sviði verða alltaf mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum og munu skila ávinningi, burtséð frá því hvaða mynt er notuð. Þá má jafnframt færa fyrir því rök að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegur aðdragandi upptöku annarrar myntar. Aðdáendur og andstæðingar krónunnar hljóta því að sammælast um nauðsyn bættrar hagstjórnar.

Meðal nauðsynlegra umbóta má nefna að opinber fjármál vinni í meiri mæli gegn hagsveiflum, óstöðugleiki á vinnumarkaði minnki og að dregið verði úr höftum við framkvæmd peningastefnunnar. Með slíkum aðgerðum er hægt að draga úr efnahagslegu umróti og tryggja þannig innlendum aðilum betri aðstæður til að skapa ný verðmæti. Slíkar aðgerðir eru á endanum mikilvægari grundvöllur bættra lífskjara en heiti gjaldmiðilsins.




# Opið bréf til stjórnarformanns Íslandspósts



Þröstur Friðfinnsson
sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

Kæri Eiríkur.

Langafi minn var einn af síðustu landpóstunum, sem fóru um á hestum eða gangandi, og starfaði í sveitum Þingeyjarsýslu snemma á síðustu öld. Hann var aufúsugestur hvar sem hann kom og sagt að hann bæri með sér glaðværð á bæi auk póstsins. Hann hafði metnað til að skila póstinum í réttar hendur á þeim tíma sem þá var mögulegt.

Frá þeim tíma og fram á byrjun þessarar aldar var það markmið Póstsins að skila sendingum í réttar hendur, á sem allra stystum tíma. Var gaman að fylgjast með þeirri þróun og sjá Póstinn ná þeim frábæra árangri að skila meztöllum pósti innanlands til viðtakanda ekki seinna en daginn eftir að hann lagði af stað.

Nú síðustu ár hefur orðið sú breyting að þetta er ekki lengur markmið fyrirtækisins. Ef ég sendi t.d. bréf frá Grýtubakkahreppi til Sparisjóðs Höfðhverfinga með pósti er leiðin þannig: Ég fer með bréfið til umboðsmanns Póstsins, í Jónsabúð (sem er hér í sama húsi). Þó Jón gæti sem best komið því rakleiðis í Sparisjóðinn (sem er raunar hér í sama húsi einnig) má hann ekki lengur veita slíka þjónustu fyrir Póstinn, þó sjálfur sé þjónustusinnaður! Komi ég eftir hádegi fer bréfið með póstbíl inn á Akureyri daginn eftir. Hafi ég keypt mér „hraðþjónustu“ A-pósts, er bréfið flokkað á Akureyri og sent aftur út á Grenivík daginn þar á eftir. Jón ber það út samdægurs. Berst það þá í sparisjóðinn á þriðja degi og telst besti kostur hjá Póstinum í dag.

Sendi ég bréfið með B-pósti, þá fer það sömu leið inn á Akureyri en er þar flokkað og sent til Reykjavíkur til frekari flokkunar í stóru flokkunarvélinni! Síðan er það sent norður á Akureyri aftur og enn er það forfært og fer svo áfram með póstbílnum til Grenivíkur. Þar tekur Jón við því og ber út samdægurs. Þá fær sparisjóðurinn bréfið á fjórða til sjötta degi eftir því hvernig stendur á helgi.

### Öfugþróun

Þessi öfugþróun hjá Póstinum er um þessar mundir að rústa því góða orðspori sem fyrirtækið var búið að ávinna sér með áratuga þrotlausri baráttu. Baráttu við náttúruöflin, erfitt og víðfeðmt land með dreifðar byggðir. Baráttu sem hafði þó unnist, með dugnaði og útsjónarsemi starfsfólks sem hafði að sínu leiðarljósi að gera betur í ár en í fyrra og enn betur næsta ár. Það orðspor verður ekki endurheimt með dýrum langlokuauglýsingum í sjónvarpi.

Þó hér sé sögð sagan frá Grenivík, á hún jafnt við Hvammstanga eða Bolungarvík. Ég held að því miður sé nokkurt jafnræði í afturförinni. Afturför sem hrekur okkur sem höfum nýtt þjónustu Póstsins í áratugi, okkur sem raunar eigum fyrirtækið og þykir vænt um það, til þess að leita allra annarra leiða til að koma bréfum og sendingum okkar til skila. Við leitum til íþróttafélaga, skóla, björgunarsveita eða hvers þess aðila sem er t.d. í fjáröflunarstarfi og getur tekið að sér dreifingu sendinga. Það hlýtur að vera allt að því einsdæmi í sögunni að þjónustufyrirtæki vinni svo markvisst að því að hrekja frá sér viðskiptavinina sem það þó byggir tilveru sína á!

> **Svo ég hverfi aftur til langafa míns, Gísla í Presthvammi, þá er ég viss um að hann hefði verið talinn elliær orðinn ef hann hefði tekið upp á því að hafa bréfin í koffortunum einn aukahring um sveitina og skila þeim svo í næstu ferð, hvað þá þarnæstu.**

Því spyr ég þig, minn kæri vin Eiríkur: Ætlarðu að snúa þessu til fyrri stefnu um bestu mögulega þjónustu, eða verðum við að segja endanlega skilið við Póstinn sem okkar fyrsta kost í dreifingu bréfa og sendinga?

Ég bið þig vinsamlegast að ræða alls ekki við okkur hagræðingu í rekstri. Hér á Grenivík höfum við ekki þær háskólagráður né hugmyndaflug sem þarf til að sjá hagræðið í þessu ferli.

Svo ég hverfi aftur til langafa míns, Gísla í Presthvammi, þá er ég viss um að hann hefði verið talinn elliær orðinn ef hann hefði tekið upp á því að hafa bréfin í koffortunum einn aukahring um sveitina og skila þeim svo í næstu ferð, hvað þá þarnæstu. Fyrir slíkt háttalag hefði hann snarlega verið settur af og ráðlagt að láta líta á toppstykkið. Hvað eigum við landsmenn að halda um Póstinn í dag?

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

Það á að gefa börnum brauð...




FALLEG HÖNNUN Í ELDHÚSIÐ ÞITT

FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16 | Opið mán - fös 8:30 - 17:00 | S: 580 3900

# VERKFÆRA SALAN




Tilboð
**28.900,-**

**Hleðsluborvél**
Átak 50Nm, 13mm patróna
2x2,5 Ah rafhlöður fylgja.
**RB 5133002214**




Tilboð
**13.990,-**

**Fjölnotavél**
Mótor 200W, hraðastilling Taska fylgir.
**RB 5133001818**




**Hleðsluborvél**
Átak 50Nm, 13mm patróna
1x4,0Ah og 1x1,5Ah rafhlöður fylgja

Tilboð
**34.900,-**

**RB 5133002453**




**Skrúfvél fjölnota**
Borvél með skiptanlegri patrónu.
Einnig fáanlegir: vinkil-
og innréttipatróna.
Átak: 32Nm. 2x2,0Ah rafhlöður
**MW 4933447136**

Tilboð
**34.900,-**




Tilboð
**54.900,-**

**M18CIW38-402C**
Kolalaus herslulykill
3x átaksstillingar:
40/90/265Nm
2 x 4,0 Ah rafhlöður
**MW 4933433754**




Tilboð
**6.990,-**

**Juðari**
Mótor 200W. Kemur í tösku.
**RB 5133000532**



Verð frá.
**4.990,-**

**Topplyklasett USG**

| | |
|---|---|
| 1/4" Inniheldur 45stk | **Kr. 4.990.-** |
| 3/8" Inniheldur 29stk | **Kr. 7.990.-** |
| 1/2"+1/4" Inniheldur 94stk | **Kr. 15.990.-** |




Tilboð
**1.990,-**

**Höfuðljós LED**
Vandað höfuðljós frá Ansmann í Þýskalandi.
Styrkur ljóss er 40Lm
**AN 5819083**



Verð Kr.
**13.990,-**

**Vinnuljós ELP 55 IP54**
Vandað vinnuljós með 55W peru til notkunar
utandyra sem innan
**BR 1172720**



Tilboð
**6.990,-**

**Kapaltromla**
Lengd 25m, leiðir 3G1,5 H05VV-F




Verð Kr.
**14.990,-**

**Hleðslutæki** ALCT **6-24**
Hleður og vaktar 6, 12 og 24V.



Tilboð
**9.990,-**

**Loftpressa 12V**

| | | |
|---|---|---|
| **QI HV-35** | 21 L/min | **Kr. 9.990,-** |
| **QI HV-40-A2** | 36 L/min | **Kr. 12.990,-** |

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 18.11.15 – 24.11.15




1 **Sogið** Yrsa Sigurðardóttir




2 **Þýska húsið** Arnaldur Indriðason




3 **Stríðsárin 1938 - 1945** Páll Baldvin Baldvinsson




4 **Stóri skjálfti** Auður Jónsdóttir




5 **Þín eigin goðsaga** Ævar Þór Benediktsson




6 **Vísindabók Villa - Geimurinn** Vilhelm Anton Jónsson / Sævar Helgi



7 **Og svo tjöllum við í okkur í rallið** Guðmundur Andri Thorsson




8 **Brynhildur Georgía Björnsson** Ragnhildur Thorlacius




9 **Mamma klikk !** Gunnar Helgason




10 **Kafteinn Ofurbrók og endurkoma túrbó 2000 klósettsins** Dav Pilkey

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson


# Tónlistarnám fyrir rétti



**Freyja Gunnlaugsdóttir**
aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík

Föstudaginn 13. nóvember féll dómur í máli Tónlistarskólans í Reykjavík gegn Reykjavíkurborg vegna vangoldins kennslukostnaðar við nám á framhaldsstigi í tónlist. Samtök tónlistarskóla í Reykjavík og stéttarfélög tónlistarmanna stóðu sameinuð að málsókninni með Tónlistarskólanum því um er að ræða mál sem skiptir gríðarlega miklu máli fyrir framtíð tónlistarmenntunar á Íslandi.

Tónlistarskólinn reyndi að fá viðurkennt með dómi að Reykjavíkurborg bæri greiðsluskyldu vegna kennslu á framhaldsstigi í tónlist en eins og mönnum er kunnugt um hætti Reykjavíkurborg að styðja við framhaldsnám í tónlist í kjölfarið á samkomulagi um eflingu tónlistarnáms sem gert var milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2011.

Reykjavíkurborg var sýknuð í Héraðsdómi í málinu og var niðurstaða dómsins sú að „Ekki verði séð að lög leggi honum (Reykjavíkurborg) á herðar skyldu til að veita fjármunum til tónlistarskóla, þó hann hafi gert það um árabil“.

**Eftir réttarhöldin er því orðið ljóst að það er Reykjavíkurborg sem ber ábyrgð á tónlistarnámi á framhaldsstigi í Reykjavík og ekki þýðir að vísa ábyrgðinni til ríkisins.**

### Reykjavík ber ábyrgð á framhaldsmenntun í tónlist

Þrátt fyrir það staðfestir dómurinn með ótvíræðum hætti að tónlistarnám á öllum skólastigum (upp að háskólanámi) sé á ábyrgð sveitarfélaganna og að ríkið beri ekki skyldu til þess að fjármagna tónlistarnám á framhaldsstigi eins og Reykjavíkurborg hefur haldið fram síðustu fjögur ár. Dómurinn staðfestir jafnframt að sú aðferð Reykjavíkurborgar að binda framlög til kennslu á framhaldsstigi í tónlist við framlag ríkisins í gegn um jöfnunarsjóð sé í engu samræmi við lögin um fjárstuðning við tónlistarskóla.

Málsvörn borgarlögmanns við réttarhöldin var sú að Reykjavík bæri enga skyldu til þess að reka tónlistarskóla og hún gæti tekið einhliða ákvarðanir um það hvort og með hvaða hætti stuðningi við tónlistarkennslu væri háttað. Jafnframt lagði borgin áherslu á það að hún gæti sett sér einhliða reglur um hvaða nemendur eru studdir til tónlistarnáms og hverjir ekki. Að hún geti forgangsraðað nemendum að vild, eftir búsetu, aldri, hljóðfærum eða hvaða öðrum mælikvörðum sem hún setur sér.

Eftir réttarhöldin er því orðið ljóst að það er Reykjavíkurborg sem ber ábyrgð á tónlistarnámi á framhaldsstigi í Reykjavík og ekki þýðir að vísa ábyrgðinni til ríkisins. Enn fremur er skýrt að Reykjavíkurborg hætti að styðja við framhaldsnám í tónlist í borginni þó henni væri ljóst að ríkið var ekki að yfirtaka ábyrgð á því námsstigi með samkomulaginu um eflingu tónlistarnáms frá 2011.

### Hvenær ákvað Reykjavík að hætta að styrkja framhaldsnám í tónlist?

Eftir stendur spurningin hvenær og með hvaða hætti var sú ákvörðun tekin hjá Reykjavíkurborg að hætta að styðja við kennslu á framhaldsstigi í Reykjavík en engar færslur eru um það í fundargerðum borgarráðs. Skólarnir voru ekki látnir vita með formlegum hætti að Reykjavík hefði tekið þessa afdrifaríku ákvörðun. Enn fremur þarf Reykjavíkurborg að svara þeirri spurningu hvernig borgin ætlar að haga framhaldsmenntun í tónlist í Reykjavík í framtíðinni. Þeir skólar sem hafa menntað íslenskt tónlistarfólk í gegn um tíðina standa í ljósum logum og algjör óvissa ríkir um framtíðina. Hvernig mun Reykjavík bregðast við ef ríkið ákveður að draga stuðning við tónlistarkennslu á framhaldsstigi til baka, en samkomulagið við ríkið um eflingu tónlistarnáms rennur út um næstu áramót?

Það er ástæða að taka fram að þessar ákvarðanir voru teknar án þess að hafa nokkurt samráð við skólana eða fagaðila. Samkomulagið um eflingu tónlistarnáms var einnig gert án þess að nokkurt samráð væri haft við skólana, en þar voru ríki og sveitarfélög að semja um starfsemi þeirra og fjármögnun án þess að þeir hefðu nokkra aðkomu að samningunum. Það er lykilatriði í framtíðarstefnumótun tónlistarkennslu að hún sé unnin í góðu samstarfi við skólana og þá fagaðila sem hafa yfirsýn yfir þarfir nemenda og samfélagsins. Þær ógöngur sem tónlistarnám í Reykjavík hefur ratað í má rekja til ákvarðana stjórnmálamanna sem teknar eru að óyfirlögðu ráði og án þess að gera sér grein fyrir þeim víðtæku afleiðingum á íslenskt tónlistarlíf sem þær hafa í för með sér.

### Óviss framtíð

Niðurstaða dómsins að sveitarfélögum sé algjörlega í sjálfsvald sett hvort og með hvaða hætti stuðningi við tónlistarskóla er háttað setur framtíð tónlistarnáms á Íslandi í uppnám og rekstraröryggi skólanna er ekkert. Það er líklegt að dómurinn muni hafa fordæmisgildi og það gæti þýtt að í kjölfarið hætti fleiri sveitarfélög að leggja fjármagn í framhaldsmenntun í tónlist. Þetta gæti haft veruleg áhrif á tónlistarskóla um allt land og tónlistarmenntun í landinu.

Ég hvet borgaryfirvöld til þess að skýra stefnu sína í málefnum tónlistarkennslu á framhaldsstigi, taka ábyrgð á tónlistarskólunum og vinna að því að áfram verði hægt að halda uppi öflugu námi á framhaldsstigi í tónlist í Reykjavík hvort sem það verður með kostnaðarþátttöku ríkisins eða ekki.

# Öll þurfum við að borða



**Arnar Eggert Thoroddsen**
doktorsnemi í tónlistarfræðum



Alla mína tíð á vinnumarkaði, hjá öllum þeim sem ég hef unnið fyrir hefur „aldrei verið til neinn peningur“. Þið kannist við þessar ræður. „Það er hart í ári“, „þú veist hvernig þetta er“, bla bla bla. Ég hef reyndar komist að því að það er til nóg af peningum, þeim er hins vegar ætlað að fara eitthvað annað en til mín. Endurorðum þetta: „Það er ekki til neinn peningur handa ÞÉR“. Því að þannig er það.

Ég fór að hugsa um þessi mál vegna átaks sem SÍM, Samband íslenskra myndlistarmanna, hefur hrundið af stað undir yfirskriftinni „Við borgum myndlistarmönnum“. Þar er m.a. verið að knýja á um að opinberir aðilar borgi myndlistarmönnum fyrir verkframlag sitt er þeir sýna á vegum þeirra eða eins og Eirún Sigurðardóttir, myndlistarmaður og meðlimur í Gjörningaklúbbnum, orðaði það á Fésbókarvegg sínum: „Sýnum samstöðu með þeirri mjög svo hæversku hugmynd að myndlistarfólk fái greitt fyrir að vinna og sýna myndlistarverk í opinberum söfnum rétt eins og leikstjórar fá greitt fyrir að setja upp sýningu hjá Þjóðleikhúsinu eða hljóðfæraleikarar sem spila hjá Sinfó.“

### Á skakk og skjön

Einfalt mál. Eða hvað? Það er umhugsunarvert hvernig þessir hlutir eru stundum á skakk og skjön. Þegar hrært er í góðgerðartónleika gefa tónlistarmennirnir vinnu sína en ljósamaðurinn ekki. Leikstjóra dytti ekki í hug að gefa Þjóðleikhúsinu, sem fær rekstrarfé frá okkur, vinnu sína vegna þess að það væri „góð auglýsing“ fyrir hann en annað á víst að gegna um fólk sem var svo óheppið að velja sér annan vettvang fyrir sköpunarkraftinn. Vont er það í þeim geira sem ég starfa í, dægurtónlistinni, þar sem fólk verður nánast hvumsa ef listamaðurinn fer fram á laun fyrir vinnu sína. „Finnst þér ekki gaman að spila?“

Nú eða sýna verkin þín? Eða leika á fiðluna eða leikstýra ástríðufullum leikhópi? Auðvitað er það gaman en allir þessir aðilar þurfa að borða – líka myndlistarmaðurinn. Allir þurfa þeir fé til að koma sér á milli staða, kaupa efni, borga leiguna o.s.frv.. En að sumum séu gefin ráð á því en öðrum ekki, það gengur eðlilega ekki upp. Að þeir hlutir sem auðga þetta líf, halda uppi geðheilsunni og stuðla að margvíslegri mannrækt – þ.e. listaverk af öllum toga (og þar með talin myndlist) – séu álitnir ókeypis og að þeir sem leggi þá fram eigi að tosa þá niður úr skýjunum einhvern veginn er bagaleg tímaskekkja.

Það sem er á skakk og skjön er hins vegar hægt að laga. Svo fremi að fólk opni augun og sjái að það er engum til gagns að keyra kerfið á þennan máta. Vonandi verður þetta góða og gegna framtak SÍM til að knýja á um raunverulegar breytingar hvað þetta varðar og það ekki seinna en nú.



**Húðin í kuldanum**
**Þegar vetrarkuldinn gerir vart við sig verður húðin oft þurr og viðkvæm. Því er nauðsynlegt að viðhalda henni með góðri umhirðu og kremum, að sögn Guðrúnar Pétursdóttur snyrtifræðings.**
SÍÐA 2


TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955









**ALLIR VELKOMNIR** Hildur Sigurðardóttir verslunarstjóri tekur vel á móti gestum Iðu Zimsen á Vesturgötunni. MYND/GVA

# KÓSÍ STEMNING Í YNDISLEGU HÚSI

**IÐA ZIMSEN KYNNIR** *Iða Zimsen er bókakaffi á Vesturgötu sem býður upp á gott kaffi og ljúffengar kökur. Þar má einnig fá alls kyns gjafavöru.*

Það verður kósí stemning í Iðu Zimsen bókakaffi á aðventunni eins og endranær. Iða Zimsen er á Vesturgötunni í 113 ára gömlu húsi sem var í Hafnarstrætinu þar til það var gert upp og flutt árið 2012. „Þetta er yndislegt hús og andinn hér er virkilega góður. Minjavernd gerði húsið upp en til að byrja með voru skrifstofur í því. Þáverandi eiganda fannst synd að almenningur fengi ekki að njóta hússins betur og bauðst því núverandi eigendum að fá húsnæðið og þær opnuðu hér bókakaffi fyrir um þremur árum,“ segir Hildur Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Iðu Zimsen bókakaffi.

Í Iðu er öllu blandað saman og hægt að drekka kaffi í kringum bækurnar og skoða þær og lesa. Þar er mikið og gott úrval af kökum og öðru góðgæti. „Við erum með kaffi frá Illy og svo erum við svo heppin að hafa fengið Litla bóndabæinn til að baka fyrir okkur, meðal annars ljúffengar brúnkur og grænmetisrúllur. Við erum líka með allskyns vörur frá öðrum bakaríum, mikið af sætmeti en einnig spínatbökur, ristað brauð, rúnnstykki og panini. Við erum með „happy hour“ á kvöldin og „kaffi-happy hour“ á morgnana en þá kostar allt kaffi 350 krónur. Hjá okkur er opið frá klukkan átta á morgnana til tíu á kvöldin.“

Mikið af fastakúnnum sækir staðinn og segir Hildur góðan hóp af fólki koma á hverjum degi. „Fólki virðist þykja gott að vinna og læra hér. Við erum með hægindastóla við gluggana sem vísa út og þannig er hægt að horfa út og fylgjast með mannlífinu og hafa það þægilegt. Svo er stóra borðið okkar mikið notað af hópum sem hittast hér í hverri viku,“ útskýrir Hildur.

Á aðventunni verður mikið um að vera í Iðu Zimsen, meðal annars eru bókaútgáfuhóf og upplestrarkvöld fram undan. „Við erum búin að skreyta fyrir jólin og bjóðum upp á mikið af skemmtilegum jólavörum. Hér er gjafavara og bækur í miklu úrvali og því tilvalið að kaupa jólagjafirnar hjá okkur og fá sér svo kaffi á meðan þeim er pakkað inn. Við erum með bókakort sem klippt er í í hvert sinn sem bók er keypt. Þegar kortið er svo fullgatað er hægt að fá kaffi og köku og eru margir sem hafa nýtt sér þetta núna fyrir jólin,“ segir Hildur og bætir við að þau séu óskaplega heppin með starfsfólk í Iðu Zimsen. „Við erum afskaplega ánægð með kaffibarþjónana og starfsfólkið allt. Ánægð með það ekki síður en fastakúnnana enda held ég að það haldist í hendur, fólk kemur aftur og aftur af því að það er ánægt með það sem það fær hjá okkur.“


GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
...öruggust í prófunum*
RANNSÓKNIR FAGAÐILA TALA SÍNU MÁLI...

Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...
– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– ná í gegnum slitlag dekksins

Samkvæmt rannsókn Sweden Vej og Traficc Institut (VTI*) á vetrardekkjum komu Harðkornadekkin mun betur út en önnur þekkt merki á markaðnum, m.a. þegar skoðuð var virkni dekkjanna við frostmark. Við þær aðstæður verða flest óhöpp í umferðinni. Einnig kom í ljós að nagladekk höfðu lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum s.s. á höfuðborgarsvæðinu. Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi, þar sem þau valda hverfandi svifryki og eru endurnýtt hráefni. Traustir og kröfuharðir íslenskir viðskiptavinir okkar eru sama sinnis.

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

GARÐABÆR | isavia | ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN | HAFNARFJÖRÐUR | Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum
* www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

# HÚÐIN ÞARF UMHIRÐU Í KULDA

**GOTT AÐ VITA** *Þegar vetrarkuldinn gerir vart við sig verður húðin oft þurr og viðkvæm. Kuldinn hefur sérstaklega mikil áhrif á viðkvæma húð. Því er nauðsynlegt að viðhalda henni með góðri umhirðu og kremum, að sögn Guðrúnar Pétursdóttur snyrtifræðings.*

Guðrún er annar höfunda fyrstu íslensku kennslubókarinnar í snyrtifræði, „Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara“, sem var tilnefnd til Hagþenkisverðlauna í flokki kennslu- og fræðirita. Einnig er hún fyrrverandi formaður Félags íslenskra snyrtifræðinga. Guðrún segir mjög mikilvægt að hugsa vel um húðina. Það á jafnt við um konur og karla. „Þegar kólnar í veðri er nauðsynlegt að verja húðina með verndandi kremum sem innihalda mikla vörn gegn utanaðkomandi áreiti og jafnvel að setja á sig svokölluð kuldakrem. Það á sérstaklega við um fólk sem er mikið úti við, í göngum, á skíðum og þess háttar,“ segir Guðrún. „Einnig þarf fólk að huga að sólarvörn allt árið, það á ekki síst við um útivistarfólk. Konur ættu að nota farða daglega þar sem í honum er vörn fyrir húðina. Síðan er auðvitað hreinsun húðarinnar kvölds og morgna afar mikilvæg. Til að nýta virku efnin í kremunum þarf húðin að vera hrein en best er að nota hreinsimjólk og andlitsvatn. Ég myndi sömuleiðis ráðleggja fólki að nota djúphreinsi og andlitsmaska einu sinni í viku til að fá dýpri áhrif fyrir húðina en það eru til fjölmargar gerðir allt eftir því sem hentar hverri húðgerð hverju sinni,“ útskýrir Guðrún.

### MISJÖFN HÚÐ

Húð fólks er mismunandi, sumir eru með feita húð á meðan aðrir eru með þurra. Mikið hefur verið rætt um gagnsemi olíu á húðina, til dæmis kókosolíu. Guðrún segir að kókosolían hafi verið mjög vinsæl. „Kókosolían hentar alls ekki öllum húðgerðum og getur stíflað fitukirtla. Hún gæti þó verið ágæt fyrir mjög þurra húð. Það verður þó að athuga að þessar olíur eru misjafnar að gæðum en geta verið ágætar til að nota sem næturkrem,“ segir hún.

### MEIRI VIRKNI Í DÝRARI KREMUM

Guðrún bætir við að áríðandi sé að fólk kaupi snyrtivörur eftir húðgerðinni. „Merkin skipta ekki öllu máli heldur hvað hentar hverri húðgerð. Yfirleitt fara saman verð og gæði. Það er meiri virkni í dýrari kremum. Gott er að leita til fagfólks á snyrtistofum til að fá aðstoð og leiðbeiningar um rétta umhirðu. Við vitum oft ekki sjálf hvaða húðgerð við höfum og hvað hentar okkur best. Vissulega gildir það sama um karlmenn. Þeir þurfa líka að hugsa vel um húðina. Karlar eru yfirleitt með meiri fituframleiðslu en konur og þurfa þess vegna ekki eins feit krem í kuldanum. Betra er fyrir þá að nota léttari krem. Hins vegar þurfa þeir að hreinsa húðina og verja eins og konur.“



**GÓÐ UMHIRÐA** Guðrún Pétursdóttir snyrtifræðingur segir að mikilvægt sé að hugsa vel um húðina þegar kólnar í veðri.
MYND/ANTON BRINK

### MATARÆÐI SKIPTIR MÁLI

Þegar Guðrún er spurð hvort mataræði skiptir máli, svarar hún því játandi. „Það er gott að taka lýsi eða Omega-fitusýrur og drekka vatn. Við ráðleggjum fólki með mjög þurra húð að bæta góðum fitusýrum í mataræðið. Til dæmis feitum fiski og lárperu. Góðar olíur í mataræði vernda frumuhimnuna og því eru húðvefir hæfari til að viðhalda efnaskiptastarfseminni. Heilbrigður lífsstíll hjálpar húðinni og þarf ekki síst að huga að streitu í því sambandi sem hefur niðurbrjótandi áhrif á húðina jafnt sem aðra líkamsstarfsemi,“ segir hún.

Guðrún bætir við að það taki um einn mánuð að sjá verulegan mun á húðinni þegar hún er tekin í gegn. „Fólk finnur fljótt muninn eftir að hafa sinnt húðinni og gefið henni góða meðhöndlun,“ segir hún. ■ **elin@365.is**






# GLITTIR Í GEGN

*Tískan sveiflast til og frá og ef marka má klæðaburð á Bandarísku tónlistarverðlaununum er gegnsætt að sækja í sig veðrið.*

Bandarísku tónlistarverðlaunin voru veitt í Los Angeles á sunnudag. Sem fyrr klæddu viðstaddir sig upp á en að þessu sinni voru margir í gegnsæju. Þá sýndu margar kvennanna umtalsvert hold og jafnvel meira en þekkst hefur hingað til. Hver stjarnan á fætur annarri sást í gegnsæju og gekk kynnirinn, Jennifer Lopez, hvað lengst. Hún kom fram í hverri gegnsærri flíkinni á fætur annarri og endaði kvöldið í kjól sem var opinn niður fyrir mjaðmir. Sama hvað segja má um þessa þróun er ljóst að fleiri hoppuðu á vagninn. Má þar nefna söngkonuna Gwen Stefani og leikkonuna Karrueche Tran.



GWEN STEFANI



KARRUECHE TRAN



JENNIFER LOPEZ




# 15 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ Á INNRÉTTINGUM & RAFTÆKJUM

FRÍFORM ER 15 ÁRA OG AF ÞVÍ TILEFNI ÞÁ BJÓÐUM VIÐ
15% AFSLÁTT AF INNRÉTTINGUM OG RAFTÆKJUM ÚT NÓVEMBER

- 2015 -



KA scan domestic SNAIGĖ ELBA nettoline

**Opið:**
Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Laugardaga kl. 11 til 15

Fríform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is






**SKRADDARI** Þóra Sif Guðmundsdóttir hefur tileinkað sér ólíka stíla gegnum tíðina en er komin með leiða á öllu í fataskápnum. Spútnik-kjólnum ætlar hún þó ekki að henda. MYND/ANTON BRINK

# GÚMMÍSTÍGVÉL OG AFRÓHÁR

**SKEMMTILEGUR STÍLL** *Þóra Sif Guðmundsdóttir, eða Þóra skraddari, hefur tileinkað sér ólíka fatastíla gegnum tíðina en er nú komin með leiða á öllu í skápnum. Hún er klæðskeri og situr við saumavélina alla daga en lagar ekki svo mikið sem saumsprettu á eigin fötum.*

Ég átti gott kaupskeið þegar ég var yngri, keypti bókstaflega allt. Núna finnst mér óþarfi að eyða peningum í svona mikið af flíkum, sem þýðir að fataskápurinn minn er fullur af fötum sem ég keypti fyrir sjö árum! Fyrir manneskju sem pælir í fötum alla daga þýðir þetta að ég er komin með leiða á öllu í skápnum. Ég tengist fötum samt tilfinningaböndum. Ég þarf að taka á þessu. Ég er búin að fylla einn ruslapoka nú þegar og það munu fleira fara sömu leið,“ segir Þóra Sif Guðmundsdóttir klæðskeri eða Þóra skraddari eins og hún er kölluð.

Er þetta ekki allt sérsaumað? „Fólk dregur auðvitað þá ályktun að ég hafi saumað sjálf allt sem ég er í, sem mér finnst mjög skemmtilegt, en það er ekki tilfellið. Bæði hef ég engan tíma til þess og þegar maður vinnur við að sauma og gera við nennir maður ekkert að sauma á sjálfan sig. Það eru göt á fötunum mínum sem ég laga aldrei. Ég er eins og umrenningur til fara,“ segir hún hlæjandi. „Ég hef heyrt að klæðskerar glími við þetta vandamál. Ég er líka búin að ætla að sauma mér kápu í þrjú ár, það er enn á dagskránni.“

Hvernig myndirðu lýsa eigin stíl? „Ég hef farið í gegnum marga stíla, þegar ég var sautján var ég með afrópermanent í hárinu, og gekk í Spútnik-kjólum og gúmmístígvélum. Reyndar hef ég alltaf verið mikið fyrir kjóla, þar til í vor. Þá keypti ég mér allt í einu gallabuxur og nú vil ég bara vera í gallabuxum og bol eða skyrtu. Skyrtur eru sennilega í mestu uppáhaldi hjá mér núna. Ég á alls ekki nóg af þeim.“

Þóra lauk tveimur sveinsprófum á síðasta ári, í klæðskurði og í kjólasaumi. Hún var klæðskeri hjá Kormáki og Skildi þar til hún fór til Mílanó að læra brúðarkjólahönnun. „Ég var atvinnulaus þegar ég kom heim, bjó hjá mömmu og pabba og þá ákvað ég bara að láta reyna á að opna eigin stofu í bílskúrnum.“

Er mikið að gera? „Já, ég nefnilega komst að því í starfsnáminu að það er brjálað að gera í þessu. Ég þyrfti ekki að óttast að ég yrði bara í því að stytta buxur fyrir fjölskyldumeðlimi. Það er æðislegt að geta unnið við þetta. Ég er að sauma bæði jakkaföt og kjólföt og brúðarkjóla. Ferlið við sérsauminn er svo skemmtilegt. Fólk gerir sér reyndar ekki grein fyrir hversu mikil vinna þetta er. Það getur tekið frá 80 upp í 160 klukkustundir að vinna einn brúðarkjól. Fyrir vikið fær viðkomandi einstakan kjól sem enginn annar á. Það er til dæmis rosalegt að fá þessa kjóla sem verið er að kaupa á Ali Express til að laga og breyta, þeir eru settir saman með límbyssu! Það verður oft heilmikill kostnaður við lagfæringar á þessum kjólum. En auðvitað redda ég því,“ segir hún létt.



**BRÚÐARKJÓLL** Þóra fær oft myndir sendar eftir brúðkaup af kjólunum sem hún saumar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Ætlarðu að hanna eigin línu? „Ég hannaði brúðarkjólalínu í náminu í Mílanó og gauka nú alveg teikningunum að brúðunum sem koma til mín. En reyndar höfðar ekki til mín að fjöldaframleiða eitthvað í small, medium og large. Það er svo gaman að fara í gegnum ferlið með hverjum og einum og skapa draumakjólinn. Svo fæ ég sendar myndir úr brúðkaupinu eftir á og tárast yfir þeim,“ segir Þóra sposk.

■ heida@365.is







Sendum hvert á land sem er. Tökum við pöntunum í síma 551-1314 eða á Facebook!
KJÓLAR OG ÚLPUR Á GÓÐU VERÐI!
Stærðir 36-56
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 5.990kr st. 36-56
KJÓLL 5.990kr st. 36-56
KJÓLL 7.990kr st. 36-56
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
KJÓLL 6.990kr st. 36-56
SKOKKUR 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 7.990kr st. 36-56
SKOKKUR 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 7.990kr st. 36-56
ÚLPA 12.990kr st. 36-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314












**TÓNLEIKAR** Kristín syngur á jólatónleikum á Rosenberg þann 5. desember klukkan 22 ásamt systur sinni, Soffíu Björgu. MYND/ANTON BRINK

# FÍLAR BÓHEM-STÍL

**SPURT&SVARAÐ** *Kristín Birna Óðinsdóttir heldur árlega jólatónleika ásamt systur sinni, Soffíu Björgu, á Café Rosenberg laugardagskvöldið 5. desember.*

Kristín er sjálflærð söngkona og hefur yndi af því að syngja gamlar perlur úr íslenskri dægurlagatónlist. Síðastliðin fjögur ár hafa hún og systir hennar haldið jólatónleika og nú ætla þær að endurtaka leikinn. Með þeim í för að þessu sinni er tríóið Friends 4 Ever og það skipa Aron Steinn Ásbjarnarson, Þorkell Helgi Sigfússon, og Örn Ýmir Arason. Tónleikarnir verða á Café Rosenberg laugardagskvöldið 5. desember klukkan 22 en þar ætla þau að syngja öll uppáhaldsjólalögin sín fyrir tónleikagesti.

Kristín segist hrifin af bóhem-straumunum sem leika um landið þessa dagana og svarar hér nokkrum tískutengdum spurningum.

**Spáir þú mikið í tísku?** Mér finnst mjög gaman að fara í búðir og eins að fylgjast með fólki sem er frjálslegt í fatavali.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Er mjög hrifin þessa dagana af Bóhem-straumunum sem hafa verið í haust.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Nike-gallinn hefur vinninginn heima við.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Finnst ekkert leiðinlegt að skella mér í kjól þegar gott tilefni gefst.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Uppáhaldsbúðin núna er Indiska í Kringlunni.

**Eyðir þú miklu í föt?** Stundum, stundum ekki.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ætla ekki að ljúga – það er pels sem maðurinn minn gaf mér. Pelsadelluna fékk ég frá Sigríði, ömmu minni, sem var ótrúlega smart kona.

**Bestu kaupin?** Kjóll sem ég keypti á fjögur þúsund krónur og notaði í mörg ár. Hann var í sýnishornarekkanum hjá Fröken Júlíu.

**Verstu kaupin?** Háhælaðir skór sem ég skröngIaðist um á í marga mánuði í menntó. Man enn þá hvað þeir voru skelfilega óþægilegir (sérstaklega í hálku), hefði átt að kaupa eitthvað annað.

**Hverju verður bætt við fataskápinn næst?** Kannski einhverju spari fyrir jólin – aldrei að vita..

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Ég verð alltaf pínu lin í hnjánum þegar ég geng fram hjá fallega útstilltum gluggum skóbúða. Verð iðulega að hinkra aðeins á meðan það líður hjá.

**Notar þú fylgihluti?** Alltaf eitthvað en ég er engin Iris Apfel.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Það hafa margir haft áhrif á mig í gegnum tíðina en í dag er enginn einn sem stendur upp úr.

**Hvað er fram undan í lífinu?.** Desember! Með kósí fjölskyldustundum, góðgæti, söng og jólagleði út í eitt.





**CHRISTIE** Hin hávaxna Gwendoline Christie, sem flestir þekkja úr gæðaþáttunum Game of Thrones, mætti í kjól frá Westwood Couture og tók sig afar vel út á rauða dreglinum.

# BEST KLÆDDAR

**Elle valdi þær sem stóðu upp úr á rauða dreglinum.**

Tískutímaritið Elle fylgdist eins og aðrir með bresku tískuverðlaunahátíðinni sem fram fór í vikunni. Margt var um fína og fræga gesti á hátíðinni sem mættu í sínu fínasta pússi. Tískuritstjóri blaðsins valdi þær best klæddu og birti á vefsíðu Elle, www.elleuk.com. Þessar þrjár voru ofarlega á blaði.



**WESTLING** Fyrirsætan bandaríska Natalie Westling þótti bera dramatískan kjólinn frá McQueen afar vel.



**BOSWORTH** Leikkonan kná Kate Bosworth klæddist fölbláum kjól með svartan borða um hálsinn eftir Erdem.

## VISSIR ÞÚ ...

- Að yfir 40 mismunandi tískuvikur eru haldnar í hinum ýmsu borgum um heim allan ár hvert?
- Að þær stærstu eru haldnar í New York, London, Mílanó og París og ávallt í þeirri röð? Þær nefnast einu nafni „The Big Four“. Ólíkar áherslur eru á hverri tískuviku fyrir sig. Í New York er áhersla á sportlegan fatnað, í London er hann framúrstefnulegur og ögrandi og í Mílanó öfgakenndur. Í París er það svo hátískan sem ræður ríkjum.
- Að hverri tískuviku fylgja yfir 100 tengdra viðburða? Má þar nefna góðgerðaruppákomur, galakvöldverði og fylgihlutasýningar.
- Að „The Big Four“ tískuvikurnar eru haldnar tvisvar á ári? Haust- og vetrarlínurnar eru kynntar í febrúar og vor- og sumarlínurnar í september ár hvert. Þá geta kaupendur lagt inn pöntun og framleiðendum gefst tími til að fjöldaframleiða áður en viðkomandi árstíð rennur upp.
- Að tískuvikan í New York er sú elsta af fyrrnefndum fjórum en hún var fyrst haldin 1943? Tískuvikan í London kom seinast til sögunnar.
- Að sumir tískuhönnuðir sýna á sömu sýningunni ár eftir ár en aðrir hoppa á milli sýninga?.






# METSÖLULISTI
## BÓKABÚÐAR MÁLS OG MENNINGAR




1. **Amma óþekka**
J. K. Kolsöe




2. **Viltu vera vinur minn?**
Bergrún Íris Sævarsdóttir




3. **Nína S.**
Hrafnhildur Schram




4. **Stúlka með höfuð**
Þórunn Jarla Valdimarsdóttir




5. **Syndarinn**
Ólafur Gunnarsson




6. **Eitthvað á stærð við alheiminn**
Jón Kalman Stefánsson




7. **Sorcerer's Screed**
Skuggi



8. **Hundadagar**
Einar Már Guðmundsson




9. **Litabókin hans Nóa**
Nói




10. **Týnda hafið**
Johanna Basford

12. - 18. nóv 2015

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18






**HANNA SAMAN** Systurnar Sigga Dís og Lína hafa verið að hanna hálsmen, armbönd, eyrnalokka og nælur úr íslensku hráefni síðastliðin fimm ár undir merkinu Vala Design. MYND/VILHELM

# SJÁVARSLÍPAÐIR STEINAR OG ULL

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Skartið frá Völu Design er gert úr íslenskum afurðum, sjávarslípuðum steinum, hrauni og ull. Alls kyns fylgihlutir eru væntanlegir.*

Systurnar Sigríður Ásdís og Ásgerður Ólína Jónasdætur hafa verið að hanna skartgripi úr íslensku hráefni síðastliðin fimm ár undir merkinu Vala Design. Þær fara sérstaklega í Reynisfjöru við Vík í Mýrdal til að tína steina. „Við notum dökka sjávarslípaða steina og meðhöndlum þá ekkert frekar nema gera úr þeim perlur. Við reynum að nota aðeins náttúrulegar vörur og höfum verið að prófa okkur áfram með laxaroð, íslenskt hraun og íslensku ullina," segir Sigríður Ásdís sem alltaf er kölluð Sigga Dís.

**MARGÞÆTT MERKING VÖLU**

Þær systur segjast báðar lengi hafa haft töluverðan áhuga á hönnun og handverki og mikið verið að föndra og vinna í höndunum frá því þær voru börn. „Við fórum svo báðar í hönnunarnám í framhaldsskóla en áhuginn á skartgripagerð kviknaði þegar ég fór að vinna hjá fatahönnuði sem var líka að hanna skartgripi. Þá kynntumst við Lína systir þessari grein betur," lýsir Sigga Dís. Aðspurð að því hvaðan nafnið Vala komi segir hún að með því hafi þær slegið þrjár flugur í einu höggi. „Við notum steinvölur í hönnuninni, hver gripur í fyrstu línunni sem við gerðum var nefndur eftir verum úr Völuspá og svo heitir mamma okkar Alda Vala."

**MINNIR Á ÍSLAND**

Þrátt fyrir að nota frekar gróft hráefni er skartið frá Völu fínlegt. Mikil áhersla er lögð á íslenskt hráefni í hönnuninni en ef það er ekki í boði er alltaf einhver vísun í íslenskt landslag eða Ísland. „Til dæmis minnir uppáhaldssteininn okkar þessa dagana mikið á Jökulsárlón eða jöklana okkar. Við höfum einnig verið að nota hrafntinnu sem við flytjum inn af því hún er friðuð hér. Einnig höfum við notað roð og þá aðallega laxaroð. Við notum líka íslenska ull, höfum þæft hana og notað hana meðal annars í nælur og hluti tengda heimilinu, til dæmis kertaglös, kaffikönnukápur og ýmislegt fleira."

Sigga Dís segir mikla vinnu vera á bak við hvern skartgrip en helsta erfiðisvinnan er að búa til perlur úr steinunum. „Þá erum við að bora í blágrýti sem hefur alveg gríðarlega hörku. Einnig er svolítið mál að velja steinana og para þá saman. Það er mikil vinna á bak við þetta þó þetta séu bara steinar. Með tímanum hefur okkur tekist að skipuleggja vinnuna betur og borum meira í einu og búum svo til gripina í kjölfarið."




**FALLEG HÖNNUN** Von er á nýjum gripum frá Völu, meðal annars treflum úr ull og laxaroði.

**ÝMISLEGT Í GANGI**

Ýmsir fylgihlutir eru í vinnslu hjá Siggu Dís og Línu, svo sem treflar úr ull og roði, stúkur og eyrnaskjól. „Treflarnir hafa verið í undirbúningi í tvö ár og eru loksins að komast í framkvæmd núna. Svo erum við alltaf að búa til nýja gripi og prófa okkur áfram með hráefnin. Við erum til dæmis að búa til perlur úr roði sem kemur virkilega skemmtilega út og það sem við höfum gert af því hefur selst upp," segir Sigga Dís og nefnir að það sé auðveldara að prófa nýja hluti og sjá hvernig þeir leggjast í fólk eftir að þær opnuðu sjálfar verslun en systurnar reka verslunina N25 á Njálsgötu ásamt öðrum hönnuði.

■ liljabjork@365.is



MYNDIR/ÞÓRIR JENSSON

ora

# JÓLASÍLDIN 2015

JÓLASÍLDIN FRÁ ORA ER ÓMISSANDI Á AÐVENTUNNI OG Á JÓLABORÐIÐ
ER NÚ KOMIN Í ALLAR HELSTU VERSLANIR




www.ora.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974

Bílamarkaðurinn



LÍTIÐ EKINN VW Polo comfortline. Árgerð 2011 ekki Bílaleigubíll toppþjónusta, ekinn 61 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.232697. Bílamarkaðurinn s.567 1800



SKOÐAR SKIPTI M.BENZ E 200 kompressor komp (041). Árgerð 2007, ekinn 199 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. vill skipta á jeppling Rnr.232684. Bílamarkaðurinn s.567 1800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

PLANIÐ bílasala 5170000



JEEP Wrangler unlimited sahara 4. Árgerð 2012, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.301237. Á staðnum.



LAND ROVER Range rover supercharged. Árgerð 2006, ekinn 116 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.301261. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**






ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Corolla. Árgerð 2014, ekinn 33 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.290.000. Rnr.141737.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2014, ekinn 105 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.991553. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ S 500 4matic . Árgerð 2007, ekinn 49 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.991468.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**ÚTSALA ÚTSALA !!!**
HONDA CR-V EXECUTIVE árg. 2007 ek.139 Þkm, Sjálfsk., leður, álfelgur, topplúgur, 100% þjónustu og smurbók, frábært eintak, tilboðsverð 1990 Þús !! gsm 893-9500

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



**LÆGSTA VERÐIÐ**
HYUNDAI I10 gl. Árgerð 2012, ekinn 92 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 990.000. Rnr.110471.



**GLÆSILEGT EINTAK**
SUZUKI Swift. Árgerð 2012, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.210192.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

ib.is
IB ehf. Selfossi



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2010, ekinn 68 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Tilboð 1.690.000. Ásett verð 1.890.000 Eingin skipti Rnr.190221.



RENAULT Megane sport tourer. Árgerð 11.2013, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.120663.



TOYOTA Auris active. Árgerð 2015, ekinn 2600 KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.190298.



TOYOTA Land cruiser 200. Árgerð 2014, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 17.900.000. Rnr.190280.

**IB ehf**
**Fossnes A, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8080**
**www.ib.is**

### Bílar til sölu



Hyundai i30 Wagon Dísel. Nýsk. 11/2014 Ek.14.000. Ný negld dekk. FLOTTUR BÍLL Verð 3.190.000. -Ath. skipti - S.699-6617



Subaru Impreza WRX Wagon. Árg 2006, ek. 143.000. 230 hestöfl, 2,5 l. vél. Beinskiptur með shortshifter. Ótjónaður og skoðaður án athugasemda. Næstum allt endurnýjað sem hægt er. Verð 1.850þús Engin skipti en hlustað á tilboð. Sími 699 6129.

### 500-999 þús.



**TILBOÐ 790 ÞÚS - 100% VÍSALÁN Í BOÐI.**
FORD FOCUS TREND STATION árg '05 ek.125 þús, bsk,sk.16 ný kúpling, búið að skipta um tímareim, heilsársdekk, dráttarkrókur ofl. topp eintak her á ferð, ásett verð 990 þús TILBOÐ 790 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955



**TILBOÐ 690 ÞÚS - 100% VISALÁN Í BOÐI**
SKODA OCTAVIA AMBIENTE árg '04 ek.140 þús, bsk, sk.16 búið að skipta um tímareim, snyrtilegur bíll sem eyðir litlu, ásett verð 790 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



**SPARIBAUKUR - KEYRÐUR 80 ÞÚS**
VW POLO 1,4 COMFORTLINE árg 2002 ek aðeins 80 þús, 5 dyra, beinskiptur, heilsársdekk, vel með farinn bíll sem eyðir mjög litlu verð 550 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is






## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Tek að mér þrif á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþrif í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s: 7854272

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

**SMIÐIR**
Tveir smiðir óska eftir verkefnum. Vanir men og vönduð vinna. Sími 864 4789

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

## KEYPT & SELT

### Til sölu



**JÓLAVÖRUR !**
Svört gullpeysa 4.990,- Gullpils 9.950,- Gullpeysa margir litir 6.990,- Hálsmen 2.990,- Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2, Seljahverfi 567-2077 587-0077. Opið 10-22 alla virka daga og laugardaga 12-18

TAX FREE
JÓL Í NÍTRÓ
*Við bjóðum upp á Tax Free til jóla!*
NITRO
Kirkjulundi 17 • Gbæ • 557 4848 • nitro.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17,**
**Kringlan - 3. hæð**
**(Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**
Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir húsnæði fyrir hljóðstúdíó. ca. 30-100fm. Uppl. í s. 695 4200

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## ATVINNA

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## Atvinna í boði

**GINGER**

**ERTU AÐ LEITA AÐ VINNU?/**
**LOOKING FOR A JOB?**
Ginger óskar eftir starfsfólki í hlutastarf, ca. 50% alla virka daga frá 10:30-15:00 Ef þú ert 18 ára eða eldri og reyklaus sendu þá ferilskrá á netfangið brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17 milli kl. 14-16 alla virka daga.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**VANTAR ÞIG PENINGA?**
Viltu spjalla í síma við heita karla gegn góðri greiðslu? 100% trúnaður. RaudaTorgid.is




**NUDD?**
Ert þú nuddkona? Auglýstu þjónustu þína hjá Íslendingum.eu. Sláðu inn "Nudd.eu" fyrir nánari upplýsingar.

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**sauna.is**
Fjárfesting í vellíðan

**Vantar þig smiði, múrara, málara...**
PROVENTUS Starfsmannaþjónusta
proventus.is
782 8800

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

XPRENT - hönnun og merkingar
**LJÓSMYNDA- OG STRIGAPRENTUN**
Hágæðaprentun með ljósmyndaendingu
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
JLG
**Skotbómulyftarar og vinnulyftur**
- Sala, ný og notuð tæki
- Varahlutir
- Þjónusta

Vertu vinur okkar á Facebook
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## atvinna

# Leikskólinn Undraland, Flúðum auglýsir.

- **I00% stöðu deildarstjóra frá 1. jan. 2016**
- **100% stöðu leikskólakennara frá 1. jan 2016**
- **80% stöðu leikskólakennara frá 1. jan 2016**
- **63% stöðu leikskólakennara frá 1. jan 2016-31. júní 2016**

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda 37 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

**Verkefni:**
Helstu verkefni deildarstjóra og leikskólakennara eru samkvæmt starfslýsingu í kjarasamningi FL og í samráði við leikskólastjóra.

**Menntun:**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

**Hæfni:**
Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánu samstarfi við stjórnendur leikskólans.

**Launakjör:**
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.**

**Umsóknarfrestur er til 9. desember 2015.**
Umsóknareyðublöð má nálgast hjá leikskólastjóra.
Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið **halldora@undraland.is.**

**Nánari upplýsingar um störfin veitir:**
**Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.**

Leikskólinn Undraland
Umhverfi - Umhyggja
Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

## til sölu


**Seldu bílinn á sjálfsalinn.is**

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur
Og seljendur ganga frá viðskiptum milliliðalaust



Skráðu bílinn frítt í **nóvember**
ENGIN SÖLULAUN

SJÁLFSALINN.IS





## fasteignir

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Opnunartími mán-fös kl. 9-17

Kjöreign ehf
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

### Hagasel, 109-Rvík.



Vandað parhús á tveimur hæðum með innbyggða bílgeymslu. Stærð alls 241,1 fm. Gróin og falleg lóð. Innkeyrsla að húsinu er lögð steinhellum með hita. **Verð: 59,0 millj.**

**Dan V.S. Wiium** – hdl., og löggiltur fasteignasali
**Ólafur Guðmundsson** – Sölustjóri, sími: 896 4090

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Bergstaðastræti 50 - 3ja herbergja með suðursvölum.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg og vel skipulögð 78,1 fm. íbúð á 1. hæð með suðursvölum á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum. Rúmgóð stofa. Eldhús með góðum borðkrók. Nýleg gólfefni. Geymsla innan íbúðar. Múrviðgerðir á húsinu voru kláraðar árið 2012 og húsið málað í framhaldinu.
**Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

### Barmahlíð 49. 3ja herbergja íbúð.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.00 – 17.30**




Góð 86,2 fm. íbúð í kjallara að meðtaldri 2,3 fm. sér geymslu í kjallara í góðu fjórbýlishúsi við Barmahlíð. Samliggjandi skiptanlegar stofur og rúmgott svefnherbergi. Húsið er nýlega steinað að utan, þak er nýlegt sem og þakrennur og niðurföll. **Verð 31,9 millj. Verið velkomin.**

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

**ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR**

**LUNDUR FASTEIGNASALA**
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616



*Karl Gunnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 898 2102*



*Kristján P. Arnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 896 1188*



*Björn Stefánssson*
*sölufulltrúi*
*s. 698 9056*



*Unnur Karen Karlsdóttir*
*s. 848 6352*

**ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI. HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**
**Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916**
**www.lundur.is • lundur@lundur.is**

**Við erum alltaf við. Ef við erum ekki inni við - þá erum við úti við. Þjónustusíminn er 891 9916**




# GUNNAR ER KLÁR Í BARDAGANN

SPORT

*Laugardagskvöldið 12. desember verður mikið um pústra í Las Vegas. Þá mætir Gunnar Nelson hinum brasilíska Demian Maia sem er, rétt eins og Gunnar, þekktur fyrir að vera firnasterkur í gólfinu. Okkar maður mætir hinsvegar einbeittur í bardagann enda í toppformi. Aðalbardagi kvöldsins er svo ekki af verri endanum en þá mætir æfingafélagi Gunnars, Conor McGregor, hinum sigursæla José Aldo.*

365.is | Sími 1817

365

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Barátta og dugnaður dugði ekki til gegn Slóvökum




Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta tapaði með 17 stigum gegn gríðarsterku liði Slóvakíu í öðrum leik sínum í undankeppni EM 2017 í Laugardalshöllinni í gær. Fyrirliðinn Helena Sverrisdóttir leiddi íslenska liðið með 16 stig, sex fráköst og tíu stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eina málið að vinna titla

**Matthías Vilhjálmsson er búinn að vera í Rosenborg í aðeins nokkra mánuði en er þegar orðinn tvöfaldur meistari. Ísfirðingurinn stefnir að því að vinna sér fast byrjunarliðssæti og ætlar sér á EM með landsliðinu.**

**FÓTBOLTI** „Það er nú ekki leiðinlegt að fá að prófa þetta hér líka. Ég varð tvisvar bikarmeistari með FH á Íslandi og ekki var þetta síðra,“ sagði Matthías Vilhjálmsson, sóknarmaður Rosenborg, sem varð um helgina bikarmeistari með liði sínu eftir sigur 2-0 sigur á Sarpsborg 08 í úrslitunum.

Rosenborg varð sömuleiðis Noregsmeistari með talsverðum yfirburðum í sumar. Það var 23. meistaratitill félagsins en sá fyrsti í fimm ár og því kærkominn. Matthías gekk í raðir Rosenborg í lok júlí eftir að hafa verið á mála hjá Start í þrjú og hálft ár. Hjá Start var hann í stóru hlutverki en eins og gefur að skilja fékk hann mun meiri samkeppni um stöðu í byrjunarliðinu hjá Rosenborg.

**Eigna mér sæti á næsta ári**

„Ég fékk að spila nokkuð mikið fyrstu vikurnar en síðan komu margir leikmenn til baka úr meiðslum. Það er lítið hægt að segja þegar hinn framherjinn er langmarkahæsti maður deildarinnar,“ segir Matthías. „En það var fínt að byrja á þessu. Markmiðið hjá mér er svo að eigna mér sæti í liðinu á næsta ári.“

Matthías var nýlega verðlaunaður fyrir mark ársins en það gerði hann í leik með Start. Alls skoraði hann níu mörk í norsku úrvalsdeildinni í ár, þar af tvö með Rosenborg.

Hann segir að hann hafi beðið nokkuð lengi eftir því að taka næsta skref á ferlinum eftir dvölina hjá Start og því hafi verið kærkomið að fara til Rosenborg. „Þetta er svipað og þegar ég fór í FH,“ segir hann en Matthías var sautján ára þegar hann fór úr BÍ frá Ísafirði og gekk til liðs við Hafnarfjarðarfélagið, þar sem hann varð margfaldur Íslandsmeistari. „Hér er mikil samkeppni um stöður, æfingar eru mun betri og það eina sem skiptir máli er að vinna titla.“

**Greinilega ekki nógu góður**

Matthías er 27 ára og hefur ekki fengið tækifæri með íslenska landsliðinu í mótsleik síðan Ólafur Jóhannesson var landsliðsþjálfari. Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson hafa valið hann reglulega í vináttulandsleiki og Matthías á möguleika á að fá kallið þegar Ísland fer í æfingaferð til Abú Dabí í janúar og leikur þar tvo vináttulandsleiki.

Matthías gengst við því að það hafi vissulega verið honum vonbrigði að fá ekki fleiri tækifæri með landsliðinu en hann stefnir engu að síður ótrauður að því að komast í EM-hópinn fyrir næsta sumar.

„Fyrst ég er ekki í hópnum þá er ég greinilega ekki nógu góður og verð að leggja meira á mig,“ segir hann. „Það er lítið annað fyrir mig að gera. Liðið hefur staðið sig frábærlega og Lars og Heimir vita alveg hvað þeir eru að gera. En það er langt í mót og það getur margt gerst á þeim tíma. Þetta er fyrst og síðast undir sjálfum mér komið.“

Matthías var síðast með Íslandi í leikjunum gegn Kanada í upphafi árs sem fóru báðir fram í Flórída. „Þá skoraði ég og fiskaði víti þannig að ég tel að ég hafi nýtt mín tækifæri ágætlega. En þetta snýst líka um svo margt annað,“ segir Matthías.

eirikur@frettabladid.is




Matthías ætlar sér að festa sig í sessi hjá Rosenborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




## Nýjast

**Meistaradeildin**

**A-riðill**

**Malmö - PSG 0-5**
0-1 Adrien Rabiot (3.), Ángel Di María (14.), 0-3 Zlatan Ibrahimovic (50.), 0-4 Di María (68.), 0-5 Lucas Moura (82.).

**Shakhtar - Real Madrid 3-4**
0-1 Cristiano Ronaldo (18.), 0-2 Luka Modric (50.), 0-3 Daniel Carvajal (52.), 0-4 Ronaldo (70.), 1-4 Alex Teixeira, víti (77.), 2-4 Dentinho (83.), 3-4 Teixeira (88.).
**Stig liðanna:** Real Madrid 13, PSG 10, Shakhtar 3, Malmö 3.

**B-riðill**

**Man Utd - PSV 0-0**
**CSKA - Wolfsburg 0-2**
0-1 Igor Akinfeev, sjálfsmark (67.), 0-2 André Schürrle (88.).
**Stig liðanna:** Wolfsburg 9, Man Utd 8, PSV 7, CSKA Moskva 4.

**C-riðill**

**Astana - Benfica 2-2**
1-0 Patrick Twumasi (19.), 2-0 Marin Anicic (31.), 2-1 Raúl Jiménez (40.), 2-2 Jiménez (72.).

**Atl. Madrid - Galatasary 2-0**
1-0 Antoine Griezmann (13.), 2-0 Griezmann (65.)
**Stig liðanna:** Atletico Madrid 10, Benfica 10, Galatasary 4, Astana 3.

**D-riðill**

**Juventus - Man City 1-0**
1-0 Mario Mandzukic (18.)

**M. Gladbach - Sevilla 4-2**
1-0 Lars Stindl (29.), 2-0 Fabian Johnson (68.), 3-0 Raffael (78.), 3-1 Vitolo (82.), 4-1 Stindl (83.), 4-2 Ever Banega, víti (90+1).

Steph Curry er með flesta þrista í NBA (78). Damian Lillard er næstur með 45. Curry skoraði ekki 78. þristinn sinn fyrr en 22. des í fyrra!

Baldur Beck
@nbaisland

**Undankeppni EM 2017**

**Ísland - Slóvakía 72-55**
**Stig Íslands:** Helena Sverrisdóttir 16/6 fráköst/10 stoðsendingar, Pálína Gunnlaugsdóttir 14, Gunnhildur Gunnarsdóttir 5, Sandra Lind Þrastardóttir 5, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 5, Guðbjörg Sverrisdóttir 3, Berglind Gunnarsdóttir 3, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 2, Bryndís Guðmundsdóttir 5.

TÓLF Í BANN FYRIR STERASÖLU
Alþjóðasamband líkamsræktarmanna á Íslandi (IFBB) hefur sett tólf manns í keppnisbann eftir að þeir urðu uppvísir að því að selja stera, og önnur ólögleg efni, undir eigin nafni í lokuðum hópum á Facebook. Að sögn Einars Guðmanns, forsvarsmanns og yfirdómara IFBB, voru umræddir aðilir dæmdir í tveggja ára keppnisbann. Þeir hafa allir keppt á Íslands- og bikarmótum í vaxtarrækt þótt enginn þeirra hafi keppt á síðasta bikarmóti.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Qarabag - Tottenham | Sport |
| 18.00 | Basel - Fiorentina | Sport 3 |
| 19.15 | Stjarnan - Njarðvík | Sport 4 |
| 20.00 | Liverpool - Bordeaux | Sport |
| 20.00 | Celtic - Ajax | Sport 3 |
| 19.15 | Tindastóll - Keflavík | Sauðárkr. |
| 19.15 | ÍR - Höttur | Seljaskóli |
| 19.15 | Þór Þ. - Haukar | Þorlákshöfn |
| 19.00 | Fram - Akureyri | Framhús |
| 19.30 | Haukar - Grótta | Ásvellir |
| 19.30 | Valur - ÍR | Vodafone-höllin |



Tilboð á TRICO® rúðuþurrkum
Tilboð þetta gildir til 23. desember
Vaskur
Sérblandaður rúðuvökvi fyrir íslenskar aðstæður
TRICO®
Með hverjum tveimur Trico rúðuþurrkum fylgja 5 lítrar af Vaski rúðuvökva
TRICO Flex
FX450
Silikon á gúmmílista
Kemur í veg fyrir að gúmmí-listar frjósi í hurðarfalsi.
LIQUI MOLY
GUMMI-PFLEGE
Türschloß-Pflege
Mottur
Húsráð: Gott að setja gömul dagblöð undir motturnar til að losna við raka.
Rúðusköfur
Ýmsar gerðir
Lásasprey frá Liqui Moly
CarPlan
Anti-Freeze
Frostlögur frá Car Plan
THULE
THULE® SWEDEN
Skíðabox og skíðafestingar
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

# Litlu strákarnir orðnir stærstir í NBA

**NBA-meistarar Golden State Warriors hafa þegar skapað sér sérstöðu í sögu NBA-deildarinnar í körfubolta með því að vinna sextán fyrstu leiki tímabilsins. Þeir eru ekki bara að vinna sigra heldur nær alla leikina með miklum mun. Lifir sigurgangan fram á jóladag?**

**KÖRFUBOLTI** Eitt met er þegar í húsi og stuðningsmenn Golden State Warriors er þegar farið að dreyma um sæti og sögulega jólagjöf frá sínum mönnum. Eftir sigra í sextán fyrstu leikjum sínum eru þeir bjartsýnustu í Oakland og nærsveitum farnir að horfa til mets Los Angeles Lakers frá 1971-72. Það var einmitt sigur á Los Angeles Lakers í fyrrinótt sem sá til þess að Warriors-liðið er eina lið sögunnar sem hefur unnið svo marga leiki í upphafi tímabilsins.

Met Washington Capitols (1948-49) og Houston Rockets (1993-94) heyrir nú sögunni til. Lakers-liðið vann 33 leiki í röð fyrir 43 árum og Golden State er búið að vinna tuttugu leiki í röð ef við tökum síðasta tímabil með. Það þýðir að liðið þarf þréttán sigra í viðbót til að jafna met Lakers. Þetta er kannski langsótt en vel mögulegt þar sem aðeins þrír af næstu tólf mótherjum Warriors hafa unnið fleiri leiki en þeir hafa tapað í upphafi tímabilsins.

Miðað við ferðina sem er á Stephen Curry og félögum verður erfitt að stoppa þá. Takist Golden State að vinna næstu tólf leiki þá mun möguleikinn á að jafna metið koma í leik gegn Cleveland Cavaliers á jóladag, í uppgjöri liðanna sem mættust í lokaúrslitunum í sumar. Eins og sá leikur gæti orðið eitthvað stærri.

Það er kannski fullmikið að ætlast til þess að sigurganga Warriors-liðsins endist í einn mánuð í viðbót en miðað við spilamennskuna til þessa þá hafa Golden State menn fundið frábæra blöndu leikmanna og það sem meira er – þeir eru flestir ungir enn.

### Fullt af stórum sigrum

En aftur að byrjuninni og sigrunum sextán. Golden State þurfti reyndar framlengingu til að vinna einn þeirra og rosalega endurkomu til að landa öðrum sigri en flestir leikjanna hafa unnist með talsverðum yfirburðum. Sigurinn á Los Angeles Lakers í síðasta leik var gott dæmi um yfirburðina en Golden State var með meira en fimmtán stiga forystu í 38 af 48 mínútum leiksins.

Alls hefur Golden State-liðið verið fimmtán stigum yfir eða meira í 167 mínútur sem er mögnuð tölfræði, ekki síst í samanburði við að liðið hefur aðeins verið undir í samtals 149 mínútur í þessum fyrstu sextán leikjum.

### Sýning hjá Curry

Auðvitað hefur þetta verið sýning hjá Stephen Curry en besti leikmaður deildarinnar á síðasta tímabili hefur tekið einn eitt framfaraskrefið í vetur. Curry fer fyrir „litla boltanum“ sem Golden State spilar stóran hluta sinna leikja. Á þessum kafla er enginn eiginlegur miðherji að spila hjá liðinu og leikurinn snýst meira um að skilja mótherjana eftir á hraða, bolta- og skottækni.

Þar er Curry svo sannarlega á heimavelli. Hann hefur alls skorað 78 þriggja stiga körfur í þessum 16 leikjum og mun með sama áframhaldi rústa meti sínu yfir flestar þriggja stiga körfur á einu tímabili. Curry hefur eins og er skorað fleiri þrista en bæði lið Brooklyn Nets og Minnesota Timberwolves. Hafi Curry verið frábær í fyrra þá er hann stórkostlegur á þessu tímabili. Alls hefur Warriors-liðið skorað 199 þrista í leikjunum sextán eða 12,4 að meðaltali og alls 108 fleiri en mótherjarnir (91).

Þegar Golden State skiptir í hraða og litla boltann sinn hefur enginn staðist þeim snúning í vetur, ekki frekar en Cleveland í lokaúrslitunum í júní. Þegar þeir Stephen Curry, Klay Thompson, Andre Iguodala, Harrison Barnes og Draymond Green eru allir inni á þá skapa þeir vissulega endalaus vandamál inni á velli risanna. Fyrir leikinn á móti Lakers voru þessir fimm að hitta úr 65 prósent skota sinna þegar þeir voru saman inni á vellinum og voru að skora 81 stigi meira en mótherjarnir á aðeins 56 mínútum.

Þessir fimm eru meira að segja að vinna frákastabaráttuna þegar þeir eru saman inni á vellinum. „Þungamalegir“ mótherjar eiga fá svör, það er skotógnun úr hverju horni og sýningunni stýrir sannkallaður galdramaður með boltann sem er jafnframt ein besta skytta sögunnar.

### Þjálfarinn fjarverandi

Steve Kerr gerði Golden State að NBA-meisturum á sínu fyrsta tímabili í fyrravetur en hann hefur misst af metbyrjuninni. Luke Walton hefur stýrt liðinu í forföllum Kerr sem er að jafna sig eftir bakaðgerð.

Næstu tólf leikir Golden State eru á móti Phoenix, Sacramento, Utah, Charlotte, Toronto, Brooklyn, Indiana, Boston, Milwaukee, Phoenix, Milwaukee og Utah. Átta þeirra eru reyndar á útivelli en liðið á að geta unnið þá alla. Takist það bíður NBA-áhugamanna rosalegur leikur á sjálfan jóladaginn.

ooj@frettabladid.is




| Stig | 3ja |
|---|---|
| 40 | 5 |
| 25 | 4 |
| 53 | 8 |
| 30 | 4 |
| 31 | 7 |
| 34 | 8 |
| 24 | 2 |
| 22 | 3 |
| 28 | 3 |
| 46 | 8 |
| 34 | 5 |
| 37 | 5 |
| 40 | 6 |
| 27 | 3 |
| 19 | 3 |
| 24 | 4 |

## Besta byrjun liðs í NBA-deildinni

**16-0**
Golden State Warriors* 2015-16

**15-0**
Washington Capitols 1948-49
Houston Rockets 1993-94

**14-0**
Boston Celtics* 1957-58
Dallas Mavericks 2002-03

**12-0**
Seattle SuperSonics 1982-83
Chicago Bulls* 1996-97

**11-0**
Boston Celtics* 1964-65
Portland Trail Blazers 1990-91
Atlanta Hawks 1997-98
Los Angeles Lakers 1997-98

* Ríkjandi NBA-meistari

netto

# BLACK FRIDAY

26. - 29. NÓV.

40% AFSLÁTTUR



**LAMBASVIÐ - FROSIN**
VERÐ ÁÐUR
~~498 KR/KG~~
299 KR/KG

30% AFSLÁTTUR



**GRÍSARIF FULLELDUÐ Í BBQ-MARINERINGU**
VERÐ ÁÐUR
~~698 KR/KG~~
489 KR/KG



**NETTÓ KJÚKLINGABRINGUR FERSKAR**
VERÐ ÁÐUR
~~2.098 KR/KG~~
1.888 KR/KG




**HÁTÍÐARBLANDA - 0,5 L**
VERÐ ÁÐUR
~~98 KR/STK~~
69 KR/STK

35% AFSLÁTTUR



**KJÚKLINGAVÆNGIR NETTÓ - FERSKIR**
VERÐ ÁÐUR
~~398 KR/KG~~
259 KR/KG

40% AFSLÁTTUR



**HEILL LAX REYKTUR / GRAFINN**
VERÐ ÁÐUR
~~3.998 KR/KG~~
2.399 KR/KG

40% AFSLÁTTUR



**KANELSNÚÐUR**
VERÐ ÁÐUR
~~198 KR/STK~~
119 KR/STK




**ÓDÝR ÍS - 900 ML**
M. SÚKKULAÐI-, JARÐARBERJA- EÐA VANILLUBRAGÐI
VERÐ ÁÐUR
~~359 KR/PK~~
259 KR/PK

42% AFSLÁTTUR




**COOP WC PAPPÍR 16 RÚLLUR**
VERÐ ÁÐUR
~~1.198 KR/PK~~
699 KR/PK

50% AFSLÁTTUR




**NÓA SÚKKULAÐI POPP 250 G**
VERÐ ÁÐUR
~~390 KR/STK~~
195 KR/STK

markhönnun ehf

**Tilboðin gilda 26. – 29. nóvember 2015**

**netto.is** | Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Bogadóttir**

frá Hvammi í Fljótum,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar þann 22. nóvember. Jarðsungið verður frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 5. desember kl. 14.00.

**Kristrún Helgadóttir**
**Ingibjörg Karlsdóttir**
**Sigurður Karlsson**
**Helgi Einar Karlsson**
**Karl Sighvatsson**
**Þórir Árnason**
**Kristjana Hafliðadóttir**
**Stella Bogadóttir**
**og langömmubörn.**



Okkar ástkæra

**Fanney Tryggvadóttir**

Grund, Reykjavík,
áður Mánatúni 4, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 21. nóvember. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 2. desember kl. 13.00.

**Joseph Lee Lemacks**
**Tryggvi Friðjónsson**
**Þórarinn Friðjónsson**
**Gróa Friðjónsdóttir**
**Vigdís Stefánsdóttir**
**Kristbjörg Leósdóttir**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Útför

**Harðar Þórissonar**

frá Laugarvatni,
Hátúni 12, Reykjavík,

fer fram frá Seljakirkju í Reykjavík föstudaginn 27. nóvember kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hans láti minningarsjóð Sjálfsbjargarheimilisins Hátúni 12, s. 550 0300, njóta þess.

**Esther Matthildur Kristinsdóttir**
**Rósa Þórisdóttir**
**Hrönn Þórisdóttir**
**Gerður Þórisdóttir**
**Þórir Þórisson**
**Hrafn Arnarson**
**Lars Hansen**
**Margrét R. Kristjánsdóttir**
**og frændsystkini.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán S. Stefánsson**

fyrrverandi skipstjóri,
Brúnavegi 9, Reykjavík,
áður Gerði, Vestmannaeyjum,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 20. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

**Vilborg Brynjólfsdóttir**
**Magnús Stefánsson**
**Stefán Sigfús Stefánsson**
**Brynjólfur Þ. Stefánsson**
**Valur Stefánsson**
**Örn Stefánsson**
**Lilja Kristinsdóttir**
**Þórunn Gyða Björnsdóttir**
**Ingunn Guðný Þorláksdóttir**
**Heiðbjört Haðardóttir**
**Dóra Bryndís Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**„Þetta efni hefur löngum verið áhugamál hjá mér og það er gaman að róta í því þegar tækifæri er til," segir Friðþór.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Heimafólk vildi horfa á flugvélar og fylgjast með

## Friðþór Eydal hefur sent frá sér bókina Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra. Það er sjötta bók hans um hernám og hersetu hér á landi. Hana prýða margar góðar myndir.

„Ég er að fjalla um hvað hinir erlendu herir voru að sýsla hér á landinu, hvert hlutverk þeirra var, hvar þeir voru staðsettir og hvernig vera þeirra tengdist því sem var að gerast í heiminum," segir Friðþór Eydal sem hefur skrifað sex bækur á íslensku um hernámið og hersetuna í landinu. Sú nýjasta fjallar um hersetu á Ströndum og Norðurlandi vestra.

Friðþór notar ekki aðeins ritaðar heimildir heldur hefur tekið viðtöl við setuliðsmenn og Norðlendinga sem muna eftir hersetunni í sinni heimabyggð. Skyldu þeir aldrei hafa óttast loftárásir óvinaherja?

„Varúðin gegn því var mest áberandi hér í Reykjavík þar sem stjórnvöldum rann mest blóðið til skyldunnar. En þegar þýskar flugvélar sáust á lofti áttu verðir stundum í mestu vandræðum með að koma Íslendingum niður í loftvarnarbyrgi því þeir voru uppteknir af því að horfa á flugvélarnar og fylgjast með aksjóninni."

Á Reykjum í Hrútafirði féll skólahald niður í þrjú ár vegna hersetunnar. „Skólastjórninni var tilkynnt að breski herinn mundi reisa búðir í grennd við skólann. Hún stakk upp á að hann leigði skólahúsnæðið því skólahald mundi ekki fara saman við hersetuna. Skólanum var svo skilað nýmáluðum og dúklögðum þegar herinn fór sumarið 1943."




**Breskir hermenn við liðskönnun hjá Hótel Tindastóli á Sauðárkróki í fullum herklæðum eins og félagar þeirra sem lentu í Hrútafjarðarslysinu.** MYND/AF BLS. 62 Í BÓKINNI

Hryggilegt slys varð í Hrútafirðinum þegar breskir dátar ætluðu að sigla frá Borðeyri yfir að Reykjum á flatbotna bátum. Átján menn fórust og fundust aldrei. Friðþór náði viðtali við einn af þeim sem lifðu slysið af. „Siglingin var liður í æfingaáætlunum herliðsins," segir hann. „Lífið gekk út á að þjálfa sig fyrir ferðina sem vonandi yrði aldrei farin. En hún var farin 1944 þegar innrásin var gerð í Normandí og þar voru notaðir sams konar bátar til að komast yfir ár og síki."

Fjölmargar myndir eru í nýju bókinni. „Fyrir nokkrum árum gerði ég rannsókn á myndasöfnum bresku og bandarísku herjanna og skráði þau. Það var mikill fengur að finna þar áhugaverðar myndir sem ég hef notað í mínar bækur og útvegað mörgum öðrum myndir í rit og ýmsa umfjöllun."

Í fyrri bókum Eyþórs um sama efni koma Hvalfjörður, Austurland, Keflavík og Kópavogur við sögu. Ætlar hann að skrifa fleiri? „Ég gæti hugsað mér að gera bók um Reykjavík og Mosfellssveit. Þetta efni hefur löngum verið áhugamál hjá mér og það er gaman að róta í því þegar tækifæri er til." **gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jónína Rannveig Kjartansdóttir**

frá Bolungarvík,

lést mánudaginn 23. nóvember á LSH við Hringbraut. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 3. desember kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks LSH fyrir alúð og umhyggju.

**Viðir Jónsson**
**Margrét Jónsdóttir**
**Guðmundur Þ. Jónsson**
**Friðgerður B. Jónsdóttir**
**Svala Jónsdóttir**
**Jóna Arnórsdóttir**
**Guðmundur J. Matthíasson**
**Vigdís E. Hjaltadóttir**
**Páll Ingi Kristjónsson**
**Birkir Hreinsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Þórðarson**

Tryggvagötu 26, Selfossi,

lést á Dvalarheimilinu Lundi 15. nóvember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju mánudaginn 30. nóvember kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Lundar fyrir trausta og góða umönnun.

**Vilborg Salóme Birgisdóttir**
**Margrét Eygló Birgisdóttir**
**Sigurbjörg Helga Birgisdóttir**
**Steinlaug Birgisdóttir**
**Guðrún K. Birgisdóttir**
**Benjamín Aage Birgisson**
**Rikard Arnar Birgisson**
**Unnsteinn Marvinsson**
**Auðunn Leifsson**
**Gunnar Kristjánsson**
**Eyjólfur Ólafsson**
**Linda Ramdani**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 12.30.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# PLAYMO JÓLADAGATÖL

*Vertu tímanlega að ná þér í skemmtilega*
*Playmobil dagatalið með dótinu innan í*



EKKI BÍÐA OF LENGI, SELDIST HRATT UPP Í FYRRA




**3499** kr. stk.

GOTT VERÐ!

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
## Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%




OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Suðvestan 13-20 m/s og víða él en þurrt og bjart veður á Austurlandi. Snýst í hvassa norðanátt með snjókomu á Vestfjörðum og við norðvesturströndina upp úr hádegi, í kvöld nær norðanáttin einnig inn á Norðausturland. Kólnandi veður.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -5° | -4° |
| ← 8 | ↙ 15 | ↙ 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | -4° | -9° |
| → 7 | ↓ 4 | → 3 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -6° | -7° | -5° |
| ↓ 5 | ↙ 12 | ↘ 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | -8° | -12° |
| ↘ 13 | ↓ 9 | ↓ 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sál
6. tveir eins
8. óhróður
9. tré
11. átt
12. tæla
14. hroki
16. tímabil
17. kvk. nafn
18. smátt lausa-grjót
20. tveir eins
21. fugl

**LÓÐRÉTT**
1. vísupartur
3. ónefndur
4. rafall
5. röst
7. aðdragandi
10. kirna
13. óvild
15. einungis
16. tunnu
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. andi, 6. tt, 8. níð, 9. eik, 11. na, 12. fleka, 14. dramb, 16. ár, 17. lóa, 18. möl, 20. rr, 21. ugla.
**LÓÐRÉTT:** 1. stef, 3. nn, 4. dínamór, 5. iða, 7. tildrög, 10. ker, 13. kal, 15. bara, 16. ámu, 19. ll.

### Skák Gunnar Björnsson

Alexei Shoriv (2.689) gætti ekki að sér þegar hann lék **30. ... Hd7-d3??** gegn Anish Giri (2.778) í lokaumferð EM landsliða.



**Hvítur á leik**
**31. Hd1!** Svartur gafst upp enda mikið liðstap óumflýjanlegt. Allir borðaverðlaunahafar fengu boð á GAMMA Reykjavíkurskákmótið í mars nk. Keppendalistinn þar verður án efa mjög spennandi.
**www.skak.is:** Erlendir miðlar um EM

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | | |
| | | 8 | 1 | | | 4 | | 5 |
| | | | | | 8 | 1 | | |
| | | 3 | | | 7 | 2 | | 9 |
| | 7 | 2 | | 5 | 4 | | 1 | |
| 8 | | | 3 | | 2 | | 4 | 7 |
| 2 | 8 | 4 | | | 6 | | | |
| 7 | | | | 9 | 1 | 8 | 2 | |
| | | | 8 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 2 | 7 | | | | | 5 | | 3 |
| | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | 6 | 9 | 7 | | | 8 |
| | | 8 | | | | 7 | 3 | |
| | 1 | | | 2 | | | | 6 |
| | 9 | 7 | | 3 | | | 2 | |
| | | | | | | | | 1 |
| | 3 | | 4 | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | | | 9 | |
| | 4 | | | 7 | | | 8 | 2 |
| 7 | | | | | | | | 6 |
| 3 | | | | | | 6 | | 4 |
| | | 6 | 3 | | 7 | | | |
| 4 | 8 | 7 | | | 5 | | | |
| | | 1 | | | | | 2 | |
| 9 | | | | 3 | | 1 | | |
| 2 | 6 | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku** →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 2 | 1 | 9 |
| 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 |
| 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 2 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 2 | 5 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 3 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 6 | 9 | 5 | 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 6 | 2 |
| 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 5 |
| 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 2 | 9 | 4 | 1 | 5 | 3 | 7 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 7 | 1 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 7 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 3 | 7 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 |

## Myndasögur




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










netto

# JÓLASPILIÐ Í ÁR




**KASTAÐU TENINGUNUM OG FINNDU ORÐ TIL AÐ SKÝRA ÚR STÖFUNUM SEM KOMA UPP.**

# Leika á ensku en syngja og blóta á íslensku

**Gamanleikurinn Kate eftir Agnesi Wild var upprunalega sýndur á leiklistarhátíð í Edinborg. Þar fékk hann frábærar viðtökur og hélt áfram til London en í kvöld verður hann frumsýndur í Tjarnarbíói.**

Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingum gefst kostur á að sjá íslenskan gamanleik á ensku en með íslenskum söngvum um íslenskt fjölskyldu- og herstöðvalíf í seinni heimsstyrjöldinni í Reykjavík. Í kvöld er frumsýndur í Tjarnarbíói gamanleikurinn Kate eftir Agnesi Wild sem jafnframt er leikstjóri sýningarinnar.

Agnes lærði leiklist á Englandi og bjó þar í fimm ár þannig að enskan er ekki að vefjast fyrir henni. „Ég skrifaði þetta meðfram skólanum sem ég var í, East 15 Acting School, og þar stofnaði ég líka leikhópinn minn Lost Watch árið 2013 ásamt Oliviu Hirst og Ríönnu Dearden sem eru líka með í þessari sýningu. Við erum búnar að setja upp þrjár sýningar saman og erum að vinna núna að þeirri fjórðu sem verður vonandi frumsýnd á næsta ári. Kate er fyrsta samstarfssýningin við Miðnætti en sá leikhópur samanstendur af mér, Sigrúnu Harðardóttur tónlistarkonu og Evu Björgu Harðardóttur leikmynda- og búningahönnuði.“

Agnes segir að kveikjan að verkinu hafa verið að þegar hún var úti fannst henni að Bretar hreinlega vissu ekki að þeir hefðu verið hér með her á stríðsárunum. „Það voru allir mjög hissa á þessu öllu saman svo ég ákvað að skrifa leikrit um þetta. Það hefur vakið mikla lukku því við eigum þarna sameiginlega sögu sem hefur verið með öllu týnd Bretunum þó svo að hún sé vel þekkt hér. Mér finnst þó oft gleymast bresku strákarnir sem komu fyrst og voru hérna í ár, svona af því að þeir bandarísku voru náttúrulega miklu meira töff. Bretarnir voru bara litlir aumingjalegir strákar, svona átján nítján ára þegar þeir voru sendir hingað og þeir voru óneitanlega svona soldið týndir.

Leikritið er svo út frá sjónarhorni einnar fjölskyldu í Reykjavík. Þetta er byggt á sannsögulegum atburðum en sagan í sjálfu sér uppspuni ef svo má segja. Þetta fjallar um Kate, eða Katrínu upp á íslenskuna, sem flytur frá Ólafsvík til Reykjavíkur á stríðsárunum til þess að vinna og læra ensku. Hún flytur inn til Júlíu og Davíðs, fólks sem á og rekur söluturn við Hverfisgötu, en þau eiga dóttur sem heitir Selma og er í ástandinu eins og sagt var. Selma er að sofa hjá alls konar hermönnum en Kate verður meira ástfangin og það er svona rómantíski þráðurinn í verkinu.

> **AÐ AUKI ÞÁ BLÓTA ÞAU LÍKA Á ÍSLENSKU OG ÞAÐ GENGUR NÚ BARA VEL AÐ LÁTA ÞAU BLÓTA OG SYNGJA Á ÍSLENSKU EN ÞAU ERU SATT BEST AÐ SETJA MJÖG STRESSUÐ.**

Við frumsýndum í Edinborg og sýndum þar hátt í þrjátíu sýningar á Fringe-leiklistarhátíðinni. Eftir þessar miklu vinsældir þar fengum við flutning yfir í leikhús í London sem gekk líka mjög vel.“

Agnes tekur fram að þetta verk sé eitthvað sem mjög breiður hópur ætti að geta haft gaman af enda Íslendingar meira og minna allir góðir í enskunni. „Þetta er ekki söngleikur heldur leikrit með söngvum og við notum gömul bresk hermannalög og líka íslensk þjóðlög í bland. Svo eru sum lögin á íslensku og það var rosalega gaman að kenna þeim að syngja þau lög. Að auki þá blóta þau líka á íslensku og það gengur nú bara vel að láta þau blóta og syngja á íslensku en þau eru satt best að segja mjög stressuð. Hrædd um að fólk dæmi þau en þetta verður bara gaman.

Svo erum við reyndar að nota laufblásara í sýningunni til þess að túlka íslenskan vind. Í fyrsta sinn sem stelpurnar sem reka leikfélagið með mér komu til Íslands þá fannst þeim að það væri alltaf ógeðslega mikill vindur á landinu og við ákváðum að hafa hann með í sýningunni.

Við verðum með sýningar núna í kvöld og annað kvöld og svo fjórar sýningar í næstu viku og það verða aðeins þessar sýningar svo það er um að gera að drífa sig strax af stað.“

**magnus@frettabladid.is**



**Agnes Wild er höfundur og leikstjóri Kate og leikur í verkinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Gamanleikurinn Kate verður frumsýndur í Tjarnarbíói í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


RANDALÍN, MUNDI OG AFTURGÖNGURNAR
ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR OG ÞÓRARINN M. BALDURSSON




ER ÞAÐ SATT AÐ VEITINGASTAÐIR SELJI KATTAKJÖT?



Þórdís Gísladóttir

Fyrsta bók höfunda hlaut Bóksalaverðlaunin og Fjöruverðlaunin.

Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.

BJARTUR



Stefán Máni
eins og hann gerist bestur!
„Hrikalega vel plottuð og skemmtilega uppbyggð.“
Balvin Z leikstjóri





## Leiðin lá niður á við

**TÓNLIST**

**Clarke, Beethoven og Brahms**

★★☆☆☆

**Kammermúsíkklúbburinn**
**Flytjendur: Einar Jóhannesson, Nicola Lolli, Mark Reedman, Ásdís Valdimarsdóttir og Sigurgeir Agnarsson**

**Norðurljósum í Hörpu sunnudaginn 22. nóvember**

Fordómarnir fyrir kventónskáldum voru svakalegir fyrir ekki nema tæpum hundrað árum. Þá sendi Rebecca Clarke verk í keppni og deildi hún fyrstu verðlaununum með Ernest Bloch. Blaðamenn voru sannfærðir um að Bloch hefði svindlað, að hann hefði sent tónsmíð í keppnina undir eigin nafni og LÍKA undir dulnefninu Rebecca Clarke. Kona gat einfaldlega ekki samið svo fína tónlist.

En Clarke var með merkari tónskáldum Bretlands á sínum tíma. Það var gaman að heyra tónlist eftir hana í Kammermúsíkklúbbnum á sunnudagskvöldið. Ásdís Valdimarsdóttir, sá eðalfíni víóluleikari, og jafnoki hennar á klarinettu, Einar Jóhannesson, léku verk sem hét því óskáldlega nafni Prelude, Allegro and Pastorale. Prelude þýðir forspil, allegro merkir hratt og pastorale er sveitasæla. Tónlistin var íhugul og lágstemmd. Hún var líka full af heillandi litbrigðum sem hljóðfæraleikararnir útfærðu af listfengi. Tæknilega séð var flutningurinn óaðfinnanlegur, hann var hreinn og nákvæmur. Túlkunin var þrungin ljúfsárri angurværð, akkúrat eins og hún átti að hljóma.

Til allrar óhamingju var þetta hápunkturinn á tónleikunum. Restin var ekki nærri því eins góð. Strengjakvartett í G dúr op. 18 nr. 2 í meðförum Ásdísar, Nicola Lolli, Marks Reedman og Sigurgeirs Agnarssonar var ekki fullnægjandi. Jú, inn á milli voru fínir sprettir en í það heila var tónlistin óttalega bragðdauf og flatneskjuleg. Auk þess var leikurinn ekki alltaf hreinn. Sumir fiðlutónar voru leiðinlega falskir og það skemmdi heildarmyndina.

Ekki var kvintett fyrir klarinettu og strengjakvartett op. 115 eftir Brahms skemmtilegri. Aftur voru óhreinir fiðlutónar að þvælast fyrir, svo mjög að það fór um mann á tímabili. Almennt var flutningurinn fremur losaralegur, og það vantaði alla stígandi í hann. Nú veit ég ekkert um hve mikið fimmmenningarnir æfðu fyrir tónleikana. En oft hef ég heyrt kammerhópa sem hafa spilað saman í mörg ár. Slíkt samspil er venjulega fágað, fólkið leikur eins og ein manneskja. Það sem hér var boðið upp á var engan veginn þannig. Þetta var of hrátt og hljómaði ekki eins og einhver raunveruleg hugsun lægi að baki. Það var leiðinlegt.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Fyrsta atriði tónleikanna var frábært, en hitt var ekki gott.

# JÓLAGJAFIRNAR FÁST Í A4

ÁRNASYNIR

**25%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLU**
**PLAYMOBIL**
**OG LEGO***
**26.-30.**
**NÓVEMBER**






*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir meðan birgðir endast. Vöruval er mismunandi eftir verslunum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4


BLACK
GILDIR FÖSTUDAGINN 27. NÓVEMBER
lenovo
G50-80
i3-örgjörvi
128GB SSD
Intel HD Graphics 4400
15,6"
BLACK FRIDAY
30 stk.
Verð áður: 89.995
49.995
LE80L000FNMT
44% afsláttur
SAMSUNG
LED SNJALLSJÓNVARP
55"
BLACK FRIDAY
20 stk.
Verð áður: 199.995
149.995
UE55J6275XXE
Þú sparar 50 þúsund
SAMSUNG
SPJALDTÖLVA
GALAXY TAB3 LITE VE
BLACK FRIDAY
7" skjár
4 kjarna örgjörvi
1GB vinnsluminni
8GB innbyggt minni
70 stk.
Verð áður: 21.995
9.995
SMT113NYKANEE
55% afsláttur
SAMSUNG
ÞVOTTAVÉL
EcoBubble
Demantstromla
Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð
30 stk.
Verð áður: 129.995
89.995
WW90H7600EW
A+++ Orkuflokkur
9 Kg
1600 Snúninga
31% afsláttur
PS4
LEIKJATÖLVA
30% afsláttur
500GB
100 stk.
Verð áður: 64.995
44.995
PS4500GB
BLACK FRIDAY
WWW.BLACKFRIDAY.IS
YFIR 600 VÖRUR Á LÆKKUÐU VERÐI
AÐEINS 1 STK. Á MANN AF HVERRI VÖRU Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# FRIDAY

## OPNUM KL. 8:00

**Canon**
MYNDAVÉL-IXUS 160
4 litir
80 stk.
Verð áður: 17.995
**9.995**
44% afsláttur
IXUS160(BLA/BLU/RED/SIL)

**NUTRiBULLET**
BLANDARI
100 stk.
Verð áður: 16.995
**9.995**
41% afsláttur
NBR0814

**SAMSUNG**
KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR
Vatn og klaki
Þú sparar 50 þúsund
40 stk.
Verð áður: 179.995
**129.995**
RS7547BHCSP
A+ Orkuflokkur | 361 Lítra kælir | 127 Lítra frystir | NoFrost

**SAMSUNG**
ÞRÁÐLAUS HÁTALARI
WiFi
Bluetooth
50 stk.
Verð áður: 19.995
**9.995**
50% afsláttur
WAM350

**PS3**
TÖLVULEIKIR
100 stk.
Verð áður: 11.995
**5.995**
50% afsláttur
PS3FIFA2016

**PS4**
TÖLVULEIKIR
30 stk.
Verð áður: 11.995
**7.995**
33% afsláttur
PS4ASSASSINSY

**PARTY & CO**
FJÖLSKYLDUSPIL
50% afsláttur
50 stk.
Verð áður: 5.995
**2.995**
4910046

**SAMSUNG**
SOUNDBAR 2.1
Bluetooth
50 stk.
Verð áður: 49.995
**29.995**
40% afsláttur
HWJ365

BLACK FRIDAY

**VERSLANIR ELKO GRANDA, LINDUM OG SKEIFUNNI OPNA FÖSTUDAGINN 27. NÓVEMBER KL. 8:00**

ELKO
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

# Það verður smá gaul í kvöld

**Barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan Sigurðarson er kominn til landsins til að syngja ljúfsáran ljóðaflokk eftir Gustav Mahler á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld.**

Ef maður getur sungið Rigoletto sem missir alltaf dóttur sína á hverri einustu sýningu þá á maður að komast í gegnum þetta,“ segir Ólafur Kjartan Sigurðarson barítón um ljóðaflokkinn Kindertotenlieder eftir Gustav Mahler sem hann syngur í kvöld með sinfóníunni. Það eru fimm ljóð sem fjalla um dauða barna. Hann segir flutninginn krefjandi. „En þetta eru ljúfsár ljóð og áhrifamikil tónlist sem gaman er að fást við þó efnið sé ekkert léttmeti.“

Ólafur Kjartan býr í Saarbrücken í Þýskalandi, rétt við landamæri Frakklands og Þýskalands, þar sem hann hefur verið með samning við óperuna síðan 2008. „Ég er enn með annan fótinn við óperuhúsið í Saarbrücken, syng þar tvær uppsetningar á ári þannig að við höldum enn heimili þar í útjaðri borgarinnar sem er okkar fasti punktur.“

Hann kveðst hafa átt annríkt undanfarin ár og vera þéttbókaður til 2018. „Ég er á ágætis siglingu og er bara mjög sáttur. Þó eru alltaf smá göt í dagskránni og stundum detta atriði út því það gerast alls konar hlutir í þessum bilaða bransa. Það var til dæmis að detta út ferð til Mexíkó sem ég átti að fara í á mánudaginn að syngja í tveimur sýningum á Carmen. Maður lendir í alls konar vitleysu. En það verður smá gaul í kvöld.“

Það er vikustopp hjá söngvaranum á landinu. „Við hjónin komum heim um síðustu helgi ásamt sextán ára dóttur okkar og barnabarni og förum þrjú út á sunnudag, litli guttinn verður skilinn eftir hjá mömmu og pabba. Tvö eldri börnin okkar búa hér. Sonurinn er söngvari en lætur það ekki duga heldur er á öðru ári í lögfræði í háskólanum. Hann vildi læra fleiri lög! Eldri dóttir okkar er í Háskóla Íslands í viðskiptafræði, það var eitthvað sem togaði þessi blessuð börn heim til Íslands.“

Foreldrar Ólafs Kjartans, Ásgerður Ólafsdóttir og Sigurður Rúnar Jónsson, hafa búið í Saarbrücken í rúm þrjú ár. „Við búum í gamalli lestarstöð langt úti í skógi og pabbi og mamma eru á jarðhæðinni,“ segir Ólafur Kjartan. „Við höfum það ágætt saman í sveitinni.“

gun@frettabladid.is

> STUNDUM DETTA ATRIÐI ÚT ÞVÍ ÞAÐ GERAST ALLS KONAR HLUTIR Í ÞESSUM BILAÐA BRANSA. ÞAÐ VAR TIL DÆMIS AÐ DETTA ÚT FERÐ TIL MEXÍKÓ SEM ÉG ÁTTI AÐ FARA Í Á MÁNUDAGINN AÐ SYNGJA Í TVEIMUR SÝNINGUM Á CARMEN.

### Dagskráin á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands

**Á sinfóníutónleikum kvöldsins verður frumflutt verkið Collider eftir Daníel Bjarnason sem einnig stjórnar hljómsveitinni.**

**Annað á dagskránni er:**

**Forleikur að Síðdegi skógarpúkans eftir Claude Debussy**
**Lontano eftir György Ligeti**
**Kindertotenlieder eftir Gustav Mahler**
**La mer eftir Claude Debussy**



**„Ég er á ágætis siglingu og er bara mjög sáttur,“ segir Ólafur Kjartan.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




RÁÐSTEFNA › Grand Hótel › föstudagur 27. nóv. 2015 › kl 13:30-15:30

# Ofbeldi gagnvart öldruðum á Íslandi

| | |
|---|---|
| 13:30-13:40 | **Setning ráðstefnu:** Pétur Magnússon, *formaður Öldrunarráðs Íslands og varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.* |
| 13:40-13:50 | **Ávarp:** Eygló Harðardóttir, *félags- og húsnæðismálaráðherra.* |
| 13:50-14:20 | **Skilgreiningar á ofbeldi gagnvart öldruðum og birtingarmyndir á Íslandi** Sigrún Ingvarsdóttir, *félagsráðgjafi.* |
| 14:20-14:40 | **Ofbeldi gagnvart öldruðum – sjónarhorn lögreglu** Alda Hrönn Jóhannsdóttir, *aðallögfræðingur hjá lögregluembættinu á höfuðborgarsvæðinu.* |
| 14:40-15:00 | **Hversu alvarlegt er ofbeldi gagnvart öldruðum? – Út frá sjónarhorni fjármála** Gísli Jafetsson, *framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík og fyrrverandi bankamaður.* |
| 15:00-15:20 | **Hlutverk réttindagæslumanna fatlaðra – er þörf fyrir slíkt meðal aldraðra?** Kristjana Sigmundsdóttir, *réttindagæslumaður fatlaðs fólks* |
| 15:20-15:30 | **Lokaorð og ráðstefnuslit:** Ólafur G. Skúlason, *formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.* |
| | **Ráðstefnustjóri:** Haukur Ingibergsson, *formaður Landssambands eldri borgara.* |



ALLIR VELKOMNIR - AÐGANGUR ÓKEYPIS

Öldrunarráð Íslands · Samband íslenskra sveitarfélaga · Velferðarráðuneytið


# Nútímafjölskylda í Vesturbænum

**BÆKUR**
**Dóttir veðurguðsins**

★★★☆☆

**Höfundur: Helga Sv. Helgadóttir**
**Útgefandi: Sögur**
**Prentun: Oddi**
**Myndir: Þórir Karl Celin**
**116 blaðsíður**

Dóttir veðurguðsins, eftir Helgu Sv. Helgadóttur, er dagbók hinnar átta ára Blævar. Blær býr í Vesturbænum, nánar tiltekið í tveggja herbergja íbúð við Holtsgötu þar sem hún deilir herbergi með foreldrum sínum.

Umhverfið minnir svolítið á heim tvíburabræðranna Jóns Odds og Jóns Bjarna, þar sem vinstrisinnaðir foreldrar hika ekki við að úthrópa heimska alþingismenn sem reynast því miður vera feður vina barna þeirra. Stjórnmálaskoðanir eru Blævi framandi deilumál, sem og líklega flestum jafnöldrum hennar sem lesa bókina, en eldri lesendur brosa út í annað þegar talið berst að þessum málum. Ennfremur drepur höfundur á málefni eins og mannanafnanefnd, Norður-Kóreu, femínisma og stéttaskiptingu; án þess þó að gera þau að aðalatriðum.



Það er ekki hlaupið að því að skapa áhugaverðan sögumann sem mælir í fyrstu persónu. Hér eru það aukapersónurnar sem halda bókinni lifandi, þótt dálítið sé um að sögupersónur séu kynntar til leiks og hverfi svo jafnharðan. Foreldrarnir eru líklega áhugaverðustu karakterar bókarinnar. Faðirinn er útbrunninn pönkari með stórt húðflúr af svörtum rósum í hjarta þar sem áður var nafn fyrrverandi kærustu. Móðirin er tvíkynhneigð og var í sambandi með konu þegar hún mælti sér mót við hann, þá til að hrauna yfir andfemíníska pönktexta hans. Foreldrarnir, sem eru í eldra lagi, eru frábærar týpur og það hefði verið gaman að lesa meira um þeirra samskipti. Höfundur dregur raunar upp ágætismynd af millistéttarfjölskyldu sem lætur sig heiminn varða.

Dagbókarskrif eru áhugavert form í sjálfu sér, en vandmeðfarið. Í þessu tilfelli verður formið framvindunni að falli. Sagan hefur engan söguþráð. Hugsanlega mætti líta á bókina sem smásagnasafn og er það ekki slæmt sem slíkt. Höfundur dregur upp mörg skopleg og skemmtileg atvik úr lífi Blævar en samt er eins og vanti einhvers konar samræmi og rauðan þráð á milli þeirra.

Dóttir veðuguðsins er hressandi innlegg í barnabókaútgáfu ársins og Helga Sv. Helgadóttir lofar góðu sem nýr höfundur. Undirrituð vonast til að fá að lesa meira um „pönkuðu“ foreldrana á Holtsgötunni.

Teikningar Þóris Karls Celin af sögupersónunum eru lifandi og skemmtilegar að skoða.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ágætissagnasafn um nútímafjölskyldu í Vesturbænum. Söguþráður er þunnur en persónurnar lifandi og skemmtilegar.

„EINAR MÁR ER SÖGUMAÐUR AF GUÐS NÁÐ …

# MEISTARAVERK!“

POLITIKEN




DAGBLADENES BUREAU

## „Mögnuð frásagnargleði …“

VALUR GRETTISSON / DV

## „Einar Már er hér í essinu sínu …“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN

„Einar Már er hér í miklu frásagnarstuði og afraksturinn **bráðskemmtilegur …**“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Einar Már miðlar þessu efni af mikilli frásagnargleði, fer vítt og breitt og er **skemmtilega útúrdúrasamur.**“

EGILL HELGASON / EYJAN.IS

## „Þetta er Einar í miklum ham!“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Ógurlega skemmtilegt og viðburðaríkt … Allt sem er í þessari bók er skemmtilegt **– þetta er eins og konfektkassi.**“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

## „Ofsalega mikil frásagnargleði.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Efnistök Einars Más eru … **frumlegri, fjölskrúðugri, skáldlegri** og meira skapandi en áður hefur sést …“

STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR / KVENNABLAÐIÐ



„Skáldsaga Einars Más Guðmundssonar er **undursamleg** og oft og tíðum stórskemmtileg blanda af feiknum og skringilegheitum, lygasögum, fyndnum útúrdúrum og afkáralegum smáatriðum.“

JØRGEN JOHANSEN / BERLINGSKE TIDENDE

## „Leiftrandi skemmtileg lesning …“

GUÐMUNDUR GUNNARSSON / HERÐUBREIÐ

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

BÍÓ

# Tvær kvikmyndir sem sýna jólahátíðina í mjög svo ólíku ljósi

**Jólamyndirnar Krampus og Love the Coopers sýna jólin í mjög svo ólíku ljósi. Önnur er hrollvekja en hin þykir nokkuð hefðbundin gamanmynd um misheppnað jólaboð.**

Kvikmyndir skipta marga miklu máli í jólaundirbúningnum. Margir hafa þann háttinn á að horfa á sérstakar jólamyndir heima í stofu á aðventunni, en aðrir vilja fara í kvikmyndahús og horfa á nýjar myndir. Fyrir þessi jól getur áhugafólk um jólamyndir séð tvær gjörólíkar slíkar myndir í kvikmyndahúsum. Önnur er klassísk jólamynd, sem kallast Love the Coopers, en hin er hrollvekja sem ber titilinn Krampus. Báðar myndirnar skarta þekktum leikurum og eru líklegar til þess að vekja athygli yfir hátíðarnar og mögulega festa sig í sessi sem jólamyndir í sjónvarpstækjum á heimilum framtíðarinnar.

**Fátt nýtt**

Love the Coopers fjallar um fjölskylduboð yfir jólin, þar sem fjórar kynslóðir koma saman. Diane Keaton leikur Charlotte, konu sem elskar jólin og syngur meðal annars á elliheimilum fyrir jóladaginn. Hún heldur jólaboðið og koma systir hennar sem þolir hana ekki, dóttir hennar og fleiri sem eru ekkert allt of spenntir fyrir að vera á staðnum. John Goodman leikur eiginmann Charlotte og Marisa Tomei leikur dóttur hennar. Önnur þekkt nöfn í myndinni eru Ed Helms, sem sló í gegn í bandarísku útgáfunni af The Office, og Timothée Chalamet, sem er þekktastur fyrir leik sinn í Homeland.

Myndin hefur ekki beint fengið neitt sérstaka dóma, þrátt fyrir sterkan hóp leikara. Meðaleinkunnin á stærstu kvikmyndagagnagrunnum heims er slök. Ítarleg gagnrýni birtist meðal annars um myndina í Sydney Morning Herald, þar sem fram kemur að myndin sé ekki frumleg og virki stundum samhengislaus. Þó skarti hún nokkrum skemmtilegum atriðum sem rammi inn jólin, með tilheyrandi sáttum deiluaðila.

**Jólahrollvekja**

Krampus er hrollvekja með gamansömu ívafi. Leikahópurinn er þéttur en fyrir honum fara Allison Tolman sem sló í gegn í Fargo, Adam Scott úr Parks and Recreation, Toni Collette sem lék í The Sixth Sense og Little Miss Sunshine og David Koechner sem hefur leikið í fjölmörgum myndum, og er líklega hvað þekktastur fyrir að leika á móti Will Ferrell ansi oft.

Beðið er eftir myndinni með nokkurri eftirvæntingu, en sagan um jólaveruna illu, Krampus, hefur áður verið kvikmynduð og birst í teiknimyndum og sjónvarpsþáttum. Myndin Krampus The Christmas Devil kom út árið 2013 og fékk hræðilega dóma. Sagan um Krampus hefur einnig verið sögð í þáttunum American Dad og Scooby Doo, svo dæmi séu tekin.

Sagan um Krampus lifir enn ágætis lífi í nokkrum byggðum við Alpafjöllin. Hann er sagður refsa börnum sem haga sér illa og virkar sem eins konar mótvægi við jólasveininn. Sums staðar er haldið upp á nótt Krampusar, sem er haldin daginn fyrir nótt Sankti Nikulásar, jólasveinsins, eða þann 5. desember. **kjartanatli@frettabladid.is**






**Leikkonan Diane Keaton fer með aðalhlutverkið í Love the Coopers.**
NORDICPHOTOS/GETTY

## Frumsýningar

**BRIDGE OF SPIES**



Spennumynd
Aðalhlutverk: Tom Hanks, Mark Rylance, Alan Alda, Amy Ryan
IMDb 8,0 Rotten Tomatoes 91%
Frumsýnd: 27.11. 2015

**THE NIGHT BEFORE**



Gamanmynd
Aðalhlutverk: Joseph Gordon-Levitt, Seth Rogen, Jillian Bell
IMDb 7,5/10 Rotten Tomatoes 67%
Frumsýnd: 27.11.2015

**GÓÐA RISAEÐLAN**



Teiknimynd, gamanmynd
Aðalhlutverk: Raymond Ochoa, Sam Elliott, Anna Paquin, Steve Zahn, Jeffrey Wright, Frances McDormand
IMDb 7,8/10 Rotten Tomatoes 85%
Frumsýnd: 27.11.2015






## SONY W8 androidtv



Motionflow XR 800

Afburðahönnun og frábær myndgæði frá meisturum Sony

**43" – Verð: 149.990 kr.**
**50" – Tilboðsverð: 179.990 kr.**
**55" – Tilboðsverð: 209.990 kr.**

## SONY X8 androidtv



Motionflow XR 1000

4K Ultra HD upplausn, sjáðu hvert smáatriði í nýju ljósi

**43" – Verð: 199.990 kr.**
**49" – Tilboðsverð: 219.988 kr.**
**55" – Tilboðsverð: 279.990 kr.**

## SONY W85 androidtv



Motionflow XR 800

Sjáðu stærstu myndina í snjallasta sjónvarpinu

**65" – Verð: 369.990 kr.**
**75" – Verð: 569.990 kr.**

## SONY S85 androidtv



Motionflow XR 800

Fullkominn bogi tryggir einstaka upplifun með 4K Ultra HD upplausn

**55" – Verð: 369.990 kr.**
**65" – Verð: 549.990 kr.**

## SONY W7



Motionflow XR 200

Glæsilega hönnuð hágæða sjónvörp á frábæru verði

**32" – Verð: 92.990 kr.**
**40" – Verð: 109.990 kr.**
**48" – Verð: 129.990 kr.**

## SONY X9 androidtv



Motionflow XR 800

Upplifðu hvert einasta smáatriði í 4K Ultra HD kristaltærri upplausn

**55" – Verð: 459.990 kr.**
**65" – Verð: 639.990 kr.**

Nýherji / Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / netverslun.is

NÝHERJI

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HUNGER GAMES 4 3D | 7, 10(P) |
| HUNGER GAMES 4 2D | 5, 8 |
| SPECTRE | 6, 9 |
| HANASLAGUR | 4:50 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ ÞAÐ MARGBORGAR SIG



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SOLACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| SOLACE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| STEVE JOBS | KL. 8 - 10:40 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:10 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| LEGEND | KL. 10:40 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| HUNGER GAMES 3D | KL. 7 - 10 |
| SOLACE | KL. 10 |
| SPECTRE | KL. 7 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SOLACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| SPECTRE | KL. 6 - 8 - 9 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:40 - 8 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| SOLACE | KL. 8 |
| SPECTRE | KL. 5:20 - 6:20 - 8:30 - 9:30 - 10:20 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| SOLACE | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| STEVE JOBS | KL. 10:20 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

**26. NÓVEMBER 2015**

## Uppákomur

**Hvað?** Kali pop-up
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Verslunin Kastanía, Kringlunni
Fatalína Svölu Björgvins, Kali, í samvinnu við Lastashop verður með pop-up í Kastaníu þar til á sunnudag og verður efnt til opnunarteitis í kvöld. Léttar veitingar og dj Sigrún Skafta.

**Hvað?** Bókakonfekt Bókasafns Reykjanesbæjar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12
Árlegt Bókakonfekt Bókasafnsins í Ráðhúsi Reykjanesbæjar. Rithöfundarnir Jón Kalman Stefánsson, Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Ásmundur Friðriksson lesa upp úr nýjustu verkum sínum. Gestum er boðið upp á jólastemningu með lifandi tónlist frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og boðið upp á kaffi og konfekt. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi 8
Bókmenntafræðingurinn Kristján Guðjónsson spjallar við þau Auði Jónsdóttur og Mikael Torfason á sjöunda höfundakvöldi haustsins. Höfundar lesa einnig upp úr verkum sínum, Stóra skjálfta og Týnd í paradís. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og veitingar innifaldar.


**Auður Jóns verður ásamt Mikael Torfasyni á Höfundakvöldi í kvöld.**

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Bashar Farahat heldur erindi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Norræna húsið
Sýrlenski læknirinn og flóttamaðurinn Bashar Farahat heldur erindi um varðhaldsvist í Sýrlandi, kerfisbundnar og útbreiddar pyndingar og aðra illa meðferð í varðhaldi. Sjálfur sætti Bashar pyndingum í fangelsi í Sýrlandi. Fyrirlesturinn fer fram á ensku, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Konur og löggæsla í Suður-Afríku. 21. aldar sjónarhorn
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Shana Balgobind Singh flytur fyrirlesturinn Konur og löggæsla í Suður-Afríku. 21. aldar sjónarhorn á hádegisfyrirlestraröð RIKK. Shana Balgobind Singh er dósent við afbrotafræðideild háskólans í KwaZulu-Natal í Suður-Afríku og fjalla rannsóknir hennar meðal annars um refsiréttarkerfið, konur í lögreglunni og afbrot unglinga. Fyrirlesturinn er fluttur á ensku og er opinn öllum og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Hverjir gengu í skóla á Sturlungaöld?
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Askja, Háskóla Íslands
Fluttir verða tveir fyrirlestrar í fyrirlestraröð Miðaldastofu HÍ um Sturlungaöld. Guðmundur Rúnar Guðlaugsson ræðir fjölbreytni í fræðslu- og skólastarfi á Sturlungaöld og Helgi Skúli Kjartansson, prófessor í sagnfræði, ræðir um heimildir um skólasögu miðalda. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Til hamingju Lína Langsokkur – félagssálfræðilegt spjall um eina ástkæra sem orðin er sjötug
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Professorinn Bengt Starrin heldur skemmtilegan fyrirlestur fyrir fullorðna um mannleg samskipti út frá lífssýn Línu Langsokks. Fyrirlesturinn fer fram á sænsku. Allir eru velkomnir.

## Uppistand

**Hvað?** Uppistand í Comedy klúbbnum
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Comedy klúbburinn fagnar tveggja ára afmæli og efnir af tilefninu til uppistands öll fimmtudagskvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Pétur Jóhann – Óheflaður
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Uppistandssýningin er samin af Pétri Jóhanni Sigfússyni. Miðaverð er 3.500 krónur.

## Námskeið

**Hvað?** Konfektnámskeið
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hagkaup, Skeifunni
Farið er í alla grunnþætti konfektgerðar og þátttakendur búa til sína eigin mola og fá með sér heim. Nauðsynlegt er að hafa svuntur og ílát meðferðis. Námskeiðsgjald er 4.990 krónur og er allt hráefni innifalið í gjaldinu.

## Útgáfa

**Hvað?** Útgáfuhóf Góðir farþegar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eymundsson, Austurstræti
Útgáfu ljóðabókarinnar Góðir farþegar eftir Sindra Freysson verður fagnað í Eymundsson. Höfundurinn les nokkur ljóð úr bókinni og Júníus Meyvant leikur og syngur.

## Tónlist

**Hvað?** Opin æfing Sinfóníuhljómsveitar Íslands
**Hvenær?** 09.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Sinfóníuhljómsveit Íslands býður áhugasömum að koma og fylgjast með lokaæfingu fyrir vikulega tónleika. Gestum gefst kostur á að heyra Sinfó leika tónleika kvöldsins að hluta eða í heild og glöggva sig á viðfangsefni tónleikanna. Miðaverð er 1.900 krónur.


**Vaginaboys spila ásamt Kiriyama Family og Pola Rise á Húrra í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Daníel og Debussy
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Daníel Bjarnarson stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands sem leikur meðal annars verk eftir Debussy og barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan Sigurðarson syngur ljóð Mahlers með hljómsveitinni undir stjórn Daníels. Miðaverð 2.400-6.900 krónur.

**Hvað?** Ég sakna ekki framtíðarinnar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel
Hljóðleikar Nýlókórsins / Íslenska hljóðljóðakórsins fara fram í Gym & Tonic salnum. Kórinn frumflytur þrjú ný verk. Kórinn var stofnaður árið 2003 og sérhæfir sig í flutningi hljóðljóða og gjörninga. Miðaverð er 1.000 krónur en tekið skal fram að atriði á hljóðleikunum geta valdið viðkvæmu fólki óþægindum.

**Hvað?** Kiriyama Family, Vaginaboys og Pola Rise
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Kiriyama Family, Vaginaboys og Pola Rise koma fram á Húrra í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Kjartan Valdemarsson & DÓH
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
DÓH-tríóið er skipað gítarleikaranum Daníel Helgasyni, trommuleikaranum Óskari Kjartanssyni og saxófónleikaranum Helga Rúnari Heiðarssyni en þeir félagar hafa komið fram með píanó- og hljómborðsleikaranum Kjartani Valdemarssyni í mismunandi samhengi og munu þeir koma saman í kvöld og spila lagræna, frjálsa og frumsamda tónlist, nýja og gamla, ævintýralega og spennandi. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Dj Atli Kanill
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** BarAnanas

**Hvað?** Dj Benni B-Ruff Inc.
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið

**Hvað?** Dj Davið og dj Hjalti
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

**Hvað?** Sólveig Matthildur Kristjánsdóttir & Nicolas Kunysz
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Stofan
Sólveig úr hljómsveitinni Kælan mikla og Nicolas Kunysz frá Ladyboy Records leika tóna á Stofunni í kvöld.

## Fundur

**Hvað?** Hinsegin fólk á Stígamótum
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Stígamót, Laugavegi 170
Þriðji fundur í morgunverðarfundaröð Stígamóta um fjölbreytileika og forréttindi. Leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingurinn Sigríður Birna Valsdóttir ræðir Hinseginmeðvitund í ráðgjafarstarfi og Ugla Stefanía Jónsdóttir frá Trans Ísland kemur einnig á fundinn. Tilgangur fyrirlestraraðarinnar er að skoða hvernig ólíkur bakgrunnur ýmissa hópa hefur áhrif á forréttindi, fordóma og mismunun. Sérstök áhersla verður lögð á ofbeldi og aðgang að þjónustu til að vinna úr afleiðingum þess. Allir velkomnir og frítt inn.




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dheepan IS SUB | 17:45 | Rams / Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| Stúlkurnar á Kleppj. | 18:00 | Valley of love IS SUB | 22:00 |
| The Program IS SUB | 18:00 | Sparrows / Þrestir ENG SUB | 22:00 |
| Glænýja Testamentið IS SUB | 20:00 | Macbeth IS SUB | 22:15 |



# HEIMSKLASSA LESTUR!




**Awesome ideas**
Vildarverð: 3.679.-
Verð: 4.599.-




**The costume history**
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.999.-




**The definitive visual history - Design**
Vildarverð: 4.799.-
Verð: 5.999.-




**The nordic cookbook**
Vildarverð: 7.199.-
Verð: 8.999.-

20%
vildar-
afsláttur




**Architecture now!**
Vildarverð: 5.599.-
Verð: 6.999.-




**All-time favorite movies**
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.999.-




**Monet**
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.999.-




**Beautiful world - Lonely planet**
Vildarverð: 4.799.-
Verð: 5.999.-




**Musicals**
Vildarverð: 4.799.-
Verð: 5.999.-




**Ultimate Star Wars**
Vildarverð: 6.399.-
Verð: 7.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir frá 26. nóvember, til og með 29. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




2 | 19:25
**JÓLASTJARNAN 2015**
Stöð 2 og Sena standa fyrir söngkeppni fyrir unga snillinga, fjórða árið í röð, og sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins, laugardaginn 12. desember á stórtónleikunum, Jólagestir Björgvins.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



2 | 19:50
**ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS**
Það er ostaþema hjá Eyþóri og í þessum þætti töfrar hann fram rauðrófu og geitaostasalat, hægeldaða lambaskanka með ostakartöflumús og í eftirrétt, sætkartöfluostaköku.



2 | 20:20
**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna dómarana á sitt band.



2 | 21:05
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | 21:50
**THE BLACKLIST**
James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Red Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandaríkskum yfirvöldum.



2 | 22:35
**THE PLAYER**
Öryggissérfræðingur sérhæfir sig í spilavítabransanum en er fenginn til að vinna fyrir dularfull samtök.




G | 21:30
**KLOVN**
Óborganlegir gamanþættir með þeim félögum Casper Christensen og Frank Havn. Þættirnir eru sýndir frá mánudegi til fimmtudags á Gullinu klukkan 21.30.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.45 iCarly
08.05 Masterchef USA
08.50 The Middle
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 60 mínútur
11.05 Jamie's 30 Minute Meals
11.30 Um land allt
12.10 Lýðveldið
12.35 Nágrannar
13.00 Artúr bjargar jólunum
14.35 Harry Potter and the Goblet of Fire
17.15 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.25 Jólastjarnan 2015
Stöð 2 og Sena standa fyrir söngkeppni fyrir unga snillinga fjórða árið í röð og sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins með helstu söngstjörnum landsins.
19.50 Eldhúsið hans Eyþórs
20.20 Masterchef USA
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.
21.05 NCIS
21.50 The Blacklist
22.40 The Player
23.25 Réttur
00.30 Humans
01.20 Homeland
02.10 Out of the Furnace
04.05 Immortals
05.55 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

08.45 Meistaradeildarmörkin
09.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
09.45 Meistaradeildarmörkin
10.20 Shakhtar Donetsk - Real Madrid
12.05 Malmö - PSG
13.50 Juventus - Man. City
15.35 Man. Utd. - PSV Eindhoven
17.20 Meistaradeildarmörkin
17.55 FK Qarabag - Tottenham
20.00 Liverpool - Bordeaux
22.00 NFL Gameday
22.30 UFC Unleashed 2015
23.15 Stjarnan - Njarðvík
00.45 FC Basel - Fiorentina
02.25 Celtic - Ajax Amsterdam

## SPORT 2

11.35 Watford - Man. Utd.
13.20 Swansea - Bournemouth
15.05 Messan
16.20 Chelsea - Norwich
18.00 Football League Show 2015/16
18.30 Man. City - Liverpool
20.15 Premier League World 2015/2016
20.45 Robert Pires
21.15 Premier League Review 2015
22.10 Tottenham - West Ham
23.50 PL Classic Matches. Arsenal - Man United, 1998
00.20 Premier League World 2015/2016

## GOLFSTÖÐIN

08.30 RSM Classic
11.30 Golfing World 2015
12.20 DP World Tour Championship
16.50 OHL Classic
19.10 PGA Tour 2015 - Highlights
20.05 RSM Classic
23.05 PGA Tour 2015 - Highlights

## STÖÐ 3

18.20 The Carrie Diaries
19.05 Cougar Town
19.30 Clipped
19.55 Sullivan & Son
20.15 Flash
21.00 Gotham
21.45 Arrow
22.30 Who Gets the Last Laugh
22.55 Lip Sync Battle
23.15 Hollywood Hillbillies
23.40 NCIS. Los Angeles
00.25 Jonah. From Tonga
00.55 Clipped
01.20 Sullivan & Son
01.45 Flash
02.25 Gotham
03.10 Arrow
03.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Lína Langsokkur
07.25 Ljóti andarunginn og ég
07.47 Ævintýraferðin
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Doddi litli og Eyrnastór
08.55 Tommi og Jenni
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Rasmus Klumpur og félagar
09.55 UKI
10.00 Ævintýri Tinna
10.23 Ofurhundurinn Krypto
10.47 Latibær
11.00 Lína Langsokkur
11.25 Ljóti andarunginn og ég
11.47 Ævintýraferðin
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.45 Doddi litli og Eyrnastór
12.55 Tommi og Jenni
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Rasmus Klumpur og félagar
13.55 UKI
14.00 Ævintýri Tinna
14.23 Ofurhundurinn Krypto
14.47 Latibær
15.00 Lína Langsokkur
15.25 Ljóti andarunginn og ég
15.47 Ævintýraferðin
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.45 Doddi litli og Eyrnastór
16.55 Tommi og Jenni
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Rasmus Klumpur og félagar
17.55 UKI
18.00 Ævintýri Tinna
18.23 Ofurhundurinn Krypto
18.47 Latibær
19.00 Furðufuglar



UKI, kl. 09.55, 13.55 og 17.55

## GULLSTÖÐIN

17.20 The Big Bang Theory
17.45 Friends
18.05 New Girl
18.30 Modern Family
18.55 Ally McBeal
19.45 Cold Feet
20.40 Broadchurch
21.30 Klovn
22.00 The Sopranos
23.00 It's Always Sunny in Philadelphia
23.25 The Glades
00.10 Ally McBeal
00.55 Cold Feet
01.45 Broadchurch
02.30 Klovn
02.55 The Sopranos
03.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

11.40 Drinking Buddies
13.10 The Rebound
14.45 Ocean's Thirteen
16.50 Drinking Buddies
18.20 The Rebound
19.55 Ocean's Thirteen
22.00 X-Men Origins. Wolverine
23.50 Independence Day
02.15 For a Good Time, Call...
03.40 X-Men Origins. Wolverine

## RÚV

17.45 Táknmálsfréttir
17.54 KrakkaRÚV
17.55 Stundin okkar
18.19 Sveppir
18.27 Kungfú Panda
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Eldað með Ebbu
Skemmtilegur og óhefðbundinn matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna! Fyrirlesarinn og sjónvarpskokkurinn Ebba sýnir áhorfendum hversu auðvelt er að elda hollan, næringarríkan mat.
20.40 Stúdíó A
Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Í þessum þætti koma fram Agent Fresco, Greta Salóme og Axel Flóvent.
21.10 Ekkillinn
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Lögregluvaktin
23.05 Downton Abbey
23.55 Kastljós
00.25 Fréttir
00.40 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Kitchen Nightmares
09.50 Generation Cryo
10.35 Pepsi MAX tónlist
12.35 Cheers
13.00 Dr. Phil
13.40 Odd Mom Out
14.05 Survivor
14.50 The Muppets
15.10 The Voice Ísland!
17.30 Dr. Phil
18.10 The Tonight Show with Jimmy Fallon
18.50 The Late Late Show with James Corden
19.30 Bakraddir
19.45 Life in Pieces
20.10 Grandfathered
Gamanþáttur með John Stamos í aðalhlutverki. Piparsveinninn Jimmy hefur aldrei haft áhuga á fjölskyldulífi. Hann rekur vinsælan veitingastað, hugsar manna mest um útlitið og er mikill kvennaljómi. Líf hans breytist á augabragði þegar hann kemst að því að hann er pabbi – og afi.
20.35 The Grinder
21.00 Scandal
21.45 How to Get Away with Murder
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Blue Bloods (8:22)
00.35 Law & Order. Special Victims Unit
01.20 Fargo
02.05 Scandal
02.50 How to Get Away with Murder
03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.15 The Late Late Show with James Corden
04.55 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

ORKAN X

# 7 kr. lægri án afsláttar*

| | | Bensínverð | Diesel-verð |
|---|---|---|---|
| **Orkan X** | Eiðistorg | 191,10 kr. | 185,80 kr. |
| **Orkan X** | Skemmuvegur | 191,10 kr. | 185,80 kr. |
| **Orkan X** | Spöngin | 191,10 kr. | 185,80 kr. |
| **Orkan X** | Miklabraut S. | 191,10 kr. | 185,80 kr. |
| **Orkan X** | Akranes | 191,10 kr. | 185,80 kr. |
| **Orkan X** | Egilsstaðir | 191,10 kr. | 185,80 kr. |
| **Orkan X** | Hveragerði | 191,10 kr. | 185,80 kr. |
| **Orkan X** | Akureyri | 191,10 kr. | 185,80 kr. |

Sumir vilja ekki afslátt. Bara eitt verð. **X–stöðvar Orkunnar** eru nýr valkostur á eldsneytismarkaði þar sem boðið er upp á eitt lágt verð á dælu. Á X–stöðvunum erum við ekkert að flækja málin. Enginn afsláttur. Einfaldlega lágt verð fyrir alla.

**Einfaldar stöðvar** **Lyklar og kort virka** **Enginn afsláttur** **Eitt lágt verð**

ORKAN

*Samkvæmt gsmbensin.is 25. nóvember 2015.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **29. nóvember** a.m.k.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



2,3 kg

**749** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
2,3 kg

## Ný uppskera beint frá Spáni



**239** kr. kg

**Appelsínur**
Beint frá Spáni

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS!



**759** kr. pk

**Coke kippa**
4x1,5 l



**169** kr. kg

**Jonagold Epli**
Frá Hollandi

## Beint frá Brasilíu



**169** kr. kg

**Vatnsmelóna**
Frá Brasilíu, rauð



**359** kr. pk.

**Senseo og Cafe Noir**
Kaffipúðar, 16 stk.

VERUM VIÐ ÖLLU BÚIN

GÓÐ TVENNA!



**198** kr. saman

**Coke og Prince**
250 ml og 50 g

NÝTT Í BÓNUS



**698** kr. 500 ml

**H-Berg Kókosolía**
100% lífræn, 500 ml

Tilvalinn á framrúðuna



**279** kr. 500 ml

**Supa Clear Íseyðir**
500 ml




**498** kr. 5 l

**Rúðuvökvi**
Frostþol -9°C, 5 lítrar

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT




# Ítalskir útgefendur kepptust um íslenska vínbók

**Bitist hefur verið um vínbókina Vín – Umhverfis jörðina á 110 tegundum hjá ítölskum útgefendum. Bókin er skreytt myndum eftir þær Siggu Björgu Sigþórsdóttur, Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og Rán Flygenring.**

Við skiptum bara víntegundunum niður á okkur og svo sátum við bara hver í sínu horninu og teiknuðum,“ segir myndlistarkonan Sigga Björg Sigþórsdóttir sem ásamt þeim Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og Rán Flygenring sá um að myndskreyta bókina Vín – Umhverfis jörðina á 110 tegundum sem kom út á dögunum.

Líkt og gefur að skilja er úrval vína í bókinni alþjóðlegt og af þeim sökum er komin upp sú staða hjá Crymogea sem gefur bókina út að bitist er um hina íslensku Vínbók hjá ítölskum útgefendum sem áhugavert er í ljósi vínmenningar ítölsku þjóðarinnar. Viðræður um útgáfuna eru nú langt komnar og því ætti bókin að líta dagsins ljós í bókabúðum á Ítalíu innan skamms.

Myndskreytingarnar í bókinni eru þó ekki af hefðbundnu tagi og er flöskumiðum ekki gert hátt undir höfði heldur eru víntegundir alls staðar að úr heiminum teiknaðar líkt og persónur eða einstaka dráttum í sögu þeirra gefin sérstök einkenni. Bókin er skrifuð af Steingrími Sigurgeirssyni og notfærðu þær Sigga, Rán og Lóa sér lýsingar hans.

„Við lásum bara textana hans Steingríms ítarlega og myndskreyttum út frá því. Myndirnar eiga ekki bara að sýna hvað er á textanum heldur bæta við hann og við fórum aðeins út fyrir hefðbundna myndskreytingarhugsun,“ segir Sigga glöð í bragði en þær Lóa tóku fyrir 37 tegundir af víni og Rán 35 en hún er listrænn stjórnandi bókarinnar og sá um útlit hennar ásamt grafíska hönnuðinum Herði Lárussyni.

Sigga segir að verkefnið hafi vissulega verið lærdómsríkt og hún viti nú talsvert meira um vín en það hún vissi áður en lagst var í verkefnið.

„Þetta er náttúrulega rosalega mikið af myndum, við hefðum nú kannski ekki komist langt með þetta ef við hefðum drukkið þau öll,“ segir hún og skellir upp úr þegar hún er spurð að því hvort hún hafi ekki fengið að væta kverkarnar með þeim vínum sem hún tók fyrir.

gydaloa@frettabladid.is




Ein af myndum Siggu sem prýða bókina.


Myndskreytingarnar eru talsvert óvenjuleg nálgun að víni.

> **VIÐ LÁSUM BARA TEXTANA HANS STEINGRÍMS ÍTARLEGA OG MYNDSKREYTTUM ÚT FRÁ ÞVÍ. MYNDIRNAR EIGA EKKI BARA AÐ SÝNA HVAÐ ER Á TEXTANUM HELDUR BÆTA VIÐ HANN OG VIÐ FÓRUM AÐEINS ÚT FYRIR HEFÐBUNDNA MYNDSKREYTINGARHUGSUN.**

# Selja föt hönnuð af Svölu Björgvins

Fatalínan Kali, eftir Svölu Björgvinsdóttur, verður til sölu í Kringlunni um helgina. Svokölluð „pop-up“ búð verður sett upp í verslunninni Kastaníu þar sem fatalínan verður seld. „Við munum selja nýjustu línuna okkar, þetta er í fyrsta sinn sem við förum í Kringluna með merkið,“ segir Katrín Ólafsson, sem sér um verslunina lastashop.com og framleiðslu á Kali-fatnaðinum.

Katrín segist finna fyrir aukinni eftirspurn eftir að Svala Björgvins gerðist dómari í þættinum The Voice. „Hún er auðvitað í alls konar flíkum í þáttunum, en mjög oft í Kali-fatnaði. Það eru margir að hafa samband og spyrja um þetta. Við erum því spenntar að sjá hvernig þetta verður í Kringlunni. Við verðum með „pop-up“ verslunina uppi frá fimmtudegi til sunnudags og ætlum að vera með plötusnúða á staðnum og alls konar skemmtilegt.“

> **VIÐ FRAMLEIÐUM ALLT „LOCALLY“ Í BANDARÍKJUNUM OG HÖFUM VERIÐ AÐ SETJA UPP „POP-UP“ VERSLANIR Í SOHO Í NEW YORK OG Í MELROSE Í LOS ANGELES, SVO DÆMI SÉU TEKIN. VIÐ ERUM LÍKA AÐ SKOÐA LONDON, ÞAÐ ER NÆSTA SKREF.**

Kali-línan er seld um allan heim og er þetta ekki í fyrsta sinn sem svona „pop-up“ verslun er sett upp með flíkunum. „Við framleiðum allt „locally“ í Bandaríkjunum og höfum verið að setja upp „pop-up“ verslanir í Soho í New York og í Melrose í Los Angeles, svo dæmi séu tekin. Við erum líka að skoða London, það er næsta skref.“


Svala Björgvins er hér í Kali-fatnaði.


Nóvemberdagar
-hagstæð innkaup til gjafa og heimilis
BRAUN Hársnyrtitæki
Verð: 29.900,-
Verð: 26.900,-
Verð: 7.900,-
AEG
Margar gerðir ryksuga í ýmsum litum.
20% afsláttur
SteamOne
SteamOne er sáraeinfalt í notkun og ekki tekur nema eina mínutu að gera tækið klárt fyrir afkastamikla gufusléttun á hvaða efni sem er, eða bara til að drepa rykmaurinn í rúminu.
15% afsláttur
Afsláttarverð: 33.900,-
AEG
Skaftryksugan frá AEG er snúrulaus og þægileg í notkun, hljóðlát og öflug.
20% afsláttur
bodum
Átta bolla pressukanna og hitakanna í senn.
Verð: 12.900,-
bodum
Gæða pressukönnur sem prýði er að, í góðu úrvali.
Allinox
Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.
NIVONA
NI300 600 626
Endingargóð kaffivél til heimilisnota frá traustum framleiðanda.
Verð: 69.900,-
AEG
Þvottavél
LW87680
8 KG. - 1600 SN.
Verð áður kr. 169.900,-
Tilboð kr. 129.900,-
AEG
Uppþvottavél
FSILENCW2P
Hvít verð áður kr. 129.900,-
Tilboð kr. 99.500,-
Stál verð áður kr. 139.900,-
Tilboð kr. 109.900,-
brabantia
TouchBin
Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.
SAMSUNG
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
ULTRA HD
UE55JU6075 - 55" kr. 199.900.-
UE65JU6075 - 65" kr. 399.900.-
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
SAMSUNG-UE43JU5505 - 43" kr.99.900.-
SAMSUNG
Pioneer PIX-HM32V-K
Pioneer Hljómtækjasamstæða með Bluetooth
Verð: 52.500,-
Pioneer dv 2240
DVD spilari
Verð: 10.900,-
Wii U
Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.
Verð: 69.900,-
Leikir frá kr. 4.990,-
Splatoon
Super Smashbros
Mario Party 10
NINTENDO 3DS
Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri. Til í nokkrum litum.
Gott úrval leikja.
Verð: 39.900,-
XL
Verð: 46.900,-
ormsson.is
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.
ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# 2015 er ár fröken Swift



Árið hjá Taylor Swift hefur verið stórbrotið, og sumir ganga svo langt að segja hana hafa átt það, sé horft úr fílabeinsturni skemmtanaiðnaðarins. Það sem af er ári hefur okkar kona afrekað ansi margt, hún hefur rúllað upp hverri tónlistarverðlaunahátíðinni á fætur annarri, orðið besta vinkona aðal og prýtt forsíður allra stóru tímaritanna. Auk þess sem hún sýndi Apple klærnar og vann. Fréttablaðið tók saman ellefu skærustu stjörnustundir hennar á árinu.

**1** Taylor Swift byrjaði árið með stæl, en hún hringdi inn sjálft árið á Times Square í stóra eplinu. Það þykir aldeilis eftirsóknarvert, og má með sanni segja að hún hafi þannig gefið tóninn fyrir komandi sigra á árinu.



**2** Sættist við Kanye West eftir sex ára rimmu þeirra á milli. Sáttafundur fór fram á Grammy-verðlaunahátíðinni, þar sem afar vel fór á með stjörnunum. Haft var eftir West að gráupplagt væri fyrir þau að húrra sér í hljóðver saman og gera eitthvað gott.



**3** Myndbandið við Bad Blood hitti sannarlega í mark, því á einum sólarhring hafði það verið spilað yfir tuttugu milljón sinnum. Þar með var Vevo-metið sem Nicki Minaj hafði átt með myndbandi við Anaconda, slegið. Adele tók þetta reyndar engum vettlingatökum og valtaði yfir Swift í október með sínu „Hello“.



**4** Poppdrottningin Madonna lýsir opinberlega aðdáun sinni á poppprinsessunni, og segir hana semja stórfenglega tónlist. Úr varð að hinar konungbornu skelltu saman í atriði á iHeartRadio Music Award. Enginn sleikur kannski, en að margra mati ógleymanlegt augnablik í poppsögunni.




**5** Taylor tók áttunda sætið á lista Forbes yfir ríkustu skemmtikrafta veraldar og hoppaði þannig yfir tíu sæti milli ára. Eins og það sé ekki nóg, þá vermir hún sextugasta og fjórða sætið yfir áhrifamestu konur heims.




**6** Taylor Swift söng Smelly Cat með Lisu Kudrow, eða Phoebe úr Friends. Ef það er ekki til marks um hvert okkar kona er komin þá er erfitt að koma fingri á það. Lisa lét jafnframt hafa eftir sér að Swift væri viðkunnanlegasta manneskja í heimi.

**7** Swift yfirtók forsíður risatímaritanna GQ, Vogue, Vanity Fair, Maxim og Elle, sem þykir segja ansi margt um hve mikið hún lét að sér kveða á árinu.



**8** Tók þátt í risastóru stjörnurifrildi. Nicki Minaj varð heldur súr þegar kom í ljós að myndbandið hennar, Anaconda, var ekki tilnefnt til MTV-myndbandaverðlaunanna á meðan Bad Blood fékk slíka tilnefningu. Tók hún þannig til orða að auðvitað þyrfti myndbandið að skarta grindhoruðum hvítum stelpum svo eftir því yrði tekið. Swift skildi sneiðina og glefsaði til baka. Ed Sheeran, Katy Perry og fleiri blönduðu sér í slaginn. Swift sýndi þá af sér auðmýkt baðst afsökunar, Minaj tók á móti og þær enduðu á að troða saman upp við umrædda verðlaunaafhendingu.



**9** Ástamál Swift hafa í gegnum tíðina verið líkust rjúkandi rúst fremur en einhverju öðru. Ekki í ár samt, því Swift fann ástina í örmum vinsælasta plötusnúðar heims um þessar mundir, Calvins Harris. Þau nældu sér jafnframt í titilinn áhrifamesta par heims, og hrintu þannig ofurparinu Beyoncé og Jay-Z af stalli.




**10** Apple fékk að kynnast því hvar Davíð keypti ölið þegar Swift þvertók fyrir að hægt væri að hlusta á plötuna hennar, 1989, á Apple Music fyrr en fyrirtækið afnæmi reglur þess efnis að listamenn fengju ekki réttmæta greiðslu fyrir sína vinnu. Swift tók sig til og skrifaði opið bréf, stílaði það á Tim Cook, framkvæmdastjóra Apple, og beið svo bara aðeins. Ekki leið á löngu uns Swift hafði fengið það sem hún vildi, og gjörbreytt umhverfi listamanna hjá Apple.



**11** Swift hlaut sérleg heiðursverðlaun Academy of Country Music Awards, þar sem hún hreppti svokölluð Milestone-verðlaun. Var það sjálf móðir Swift sem afhenti henni verðlaunin, og var um sannkallað þriggja klúta augnablik að ræða, þar sem móðir hennar hafði greinst með krabbamein og sigrast á því á árinu.

## FERILL Í TÖLUM

**Academy of Country Music Awards**
*Sérleg heiðursverðlaun*

**American Music Awards**
*Besta popp-/rokkplatan*
*Lag ársins*

**Teen Choice Awards**
*Samstarf ársins*
*Sambandsslitalag ársins*

**People's Choice Awards**
*Besta lagið*
*Besti kvenlistamaðurinn*
*Besti popptónlistarmaðurinn*

**Billboard Music Awards**
*Áhrifarikasti listamaðurinn – netkosning*
*Top Billboard 200 plata*
*Mest sótta lagið*
Brit Awards
*Int. Female Solo Artist*
**Elle Style Awards**
*Kona ársins*

**Emmy Awards**
*Original Interactive Program*

**iHeartRadio Music** Awards
*Lag ársins*
*Besti texti ársins*

**HEILDIN Á FERLINUM 238 verðlaun** 481 tilnefning

**7** Grammy-verðlaun
**19** American Music-verðlaun
**22** Billboard Music-verðlaun
**5** Guinness-heimsmet




Dalakollur

Þéttur og bragðgóður hvítmygluostur

Dalakollur minnir á Brie í útliti en er þéttari og því skeranlegur með ostaskera. Hann er tilvalinn ofan á ristað brauð með ávaxtamauki.

Osturinn er nefndur eftir hersinum Kolli sem kom til Íslands með Auði djúpúðgu, settist að í Dölunum og fékk viðurnefnið Dala-Kollur. Hann var fóðurafi Hallgerðar langbrókar.

15-1937-HVITA HUSID / SIA

# LJÓSA HÁTÍÐ

**25% AFSLÁTTUR**

## AF ÖLLUM SERÍUM, AÐVENTULJÓSUM OG KERTUM



ÚRVAL AF INNI- OG ÚTISERÍUM



ÚRVAL AF AÐVENTU-LJÓSUM OG KERTUM



## JÓLADAGSKRÁ BYKO BREIDD

VÖFFLUVEISLA
LAUGARDAG FRÁ 13-15.

SIRKUS ÍSLANDS
LAUGARDAG FRÁ 13-15.

VIGGA OG SJONNI
LEIKA LJÚFA TÓNA
SUNNUDAG FRÁ 13-14.

HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR
FÁ MIÐA Á VEGBÚANN
EÐA LÍNU LANGSOKK




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gildir til og með 30. nóvember.

byko.is

**OPIÐ LENGUR**
LAUGARDAGUR 10 - 19
SUNNUDAGUR 11 - 18

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




★★★★

„Skemmtileg ævisaga merkrar konu ...“

MG / FRÉTTABLAÐIÐ

„... ein eftirtektarverðasta bókin í flóðinu í ár ...“

FB / FRÉTTATÍMINN

„Mamúska var gríðarlega sterkur og sérstakur persónuleiki og birtist ljóslifandi á síðum bókarinnar.“

KB / DV

★★★★

„... hörkubók sem kom mér í opna skjöldu.“

ÖS / DV

„Bókin er því bæði fróðleg og skemmtileg þar sem Mamúska stendur ljóslifandi fyrir hugskotssjónum lesanda.“

ES / HUGRÁS

„Bókin um Mamúsku er lítil perla.“

KRISTJÁN B. JÓNASSON

„Takk fyrir frábæra bók um þessa mögnuðu konu. Mamúska rúlar!“

ÓTTARR PROPPÉ

„Hún er einfaldlega æðisleg.“

BUBBI MORTHENS

„... þessi ljúfa bók er bæði sönn og hlý ...“

ÞRÁINN BERTELSSON

„Þetta hlýtur að vera ævisaga ársins.“

HRAFN JÖKULSSON

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39






Óli Már Ólason, annar eigenda Vegamóta, segist hlakka til þess að lengja opnunartíma staðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vegamót verða aftur að skemmtistað

Í tvö og hálft ár hafa Vegamót eingöngu verið veitingastaður, en áður fyrr var hann einn vinsælasti skemmtistaður miðborgarinnar.

Þeir sem hafa saknað skemmtistaðarins Vegamóta geta nú tekið gleði sína á ný. Staðurinn verður opnaður aftur sem skemmtistaður þann 11. desember en undanfarin tvö og hálft ár hefur hann eingöngu verið veitingastaður. Vegamót voru einn stærsti skemmtistaður landsins um áraraðir og vakti það því mikla athygli þegar eigendur hans ákváðu að einbeita sér að því að selja veitingar og byrja að loka fyrr á kvöldin. „Pælingin okkar var alltaf að hvíla skemmtistaðinn í einhvern tíma og opna svo aftur. Okkur hefur langað að opna aftur nokkuð lengi og mátum það svo að nú væri kominn tími á það,“ segir Óli Már Ólason, annar eigendanna.

### Partístemning

Óli Már segir að hjá Vegamótum ætli allir að einbeita sér að því að halda gott partí, þar sem vinsæl tónlist verði spiluð. „Við ætlum að halda opnunarpartí 11. desember. Við höfum verið að breyta staðnum helling undanfarið. Við hlökkum bara mikið til.“

Hann bætir því við að margir gamlir fastakúnnar og aðrir hafi beðið um lengri opnunartíma. „Já, við heyrðum oft í fólki sem vildi að við opnuðum aftur sem skemmtistaður, einhverjum sem fannst eitthvað vanta. Vegamót voru auðvitað einn helsti skemmtistaðurinn í miðbænum í fimmtán ár.“

## Venda kvæði sín í kross á nýjan leik

Vegamót hætti að vera skemmtistaður árið 2013 og varð að veitingastað.

Fram til þess hafði staðurinn verið rekinn sem skemmtistaður í rúm fimmtán ár.

**JÁ, VIÐ HEYRÐUM OFT Í FÓLKI SEM VILDI AÐ VIÐ OPNUÐUM AFTUR SEM SKEMMTISTAÐUR, EINHVERJUM SEM FANNST EITTHVAÐ VANTA.**

Óli Már Ólason, annar eigenda Vegamóta

### Fastakúnnar sáttir

Blaðamaður heyrði í nokkrum fastakúnnum staðarins, sumum sem hafa sótt staðinn nánast frá opnun. Allir sem blaðamaður ræddi við fögnuðu lengri opnunartíma og hlökkuðu til að kíkja þangað aftur.

Ásamt Óla Má er Andri Björnsson eigandi. Þeir félagar hafa rekið staðinn saman í rúman áratug. Þeir eru hafa mikla reynslubransanum og eiga í fleiri stöðum í miðbænum. Allt frá því að þeir hófu saman rekstur á Vegamótum hafa þeir boðið upp á fjölbreyttan matseðil. „Í raun hefur aldrei verið meira að gera í veitingunum, en þennan tíma sem við vorum ekki með skemmtistað. En pælingin var alltaf bara að hvíla skemmtistaðinn og nú bjóðum við bara aftur í partí.“

kjartanatli@frettabladid.is




**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Domino's
MEGAVIKA
ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
1.390 KR.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 23.–29. NÓVEMBER 2015
www.dominos.is
sími 58 12345
domino's app
Coca-Cola
PIPAR\TBWA • SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**Bakþankar**



Atla Fannars Bjarkasonar

# Hvítt fólk

Pælið í ef það væru til samtök hvíts fólks sem hataði aðra kynþætti. Samtökin væru rótgróin og saga þeirra blóði drifin, þó þau væru kannski ekki jafn öfgafull í aðgerðum sínum í dag eins og áður. Samtökin myndu kenna sig við trúarbrögð og réttlæta ömurlegar gjörðir sínar þannig að þau væru í einhvers konar heilagri vegferð.

Pælið svo í ef samtökin myndu fremja einhvers konar illvirki, jafnvel hryðjuverk, sem öll heimsbyggðin yrði vör við. Margt fólk myndi deyja og meðlimir samtakanna yrðu skiljanlega úthrópaðir, eftirlýstir og gjörðir þeirra fordæmdar. Pælið svo í ef þetta yrði til þess að allt hvítt fólk gæti ekki lengur um frjálst höfuð strokið. Líka fólkið sem tilheyrði ekki samtökunum. Hvert sem hvíta fólkið kæmi væri það litið hornauga, beitt ofbeldi og sakað um að tilheyra þessum ömurlegu samtökum blóðþyrstra hryðjuverkamanna.

Í kjölfarið myndi fólk neita að leigja hvítu fólki húsnæði, einfaldlega vegna þess að það treysti sér ekki til þess – fordómarnir í samfélaginu væru slíkir að allir yrðu settir undir sama hatt. Svo myndu fjölmiðlar éta upp óvandaðar kannanir um að hvítt fólk hefði almennt samúð með fólkinu sem tilheyrir illu samtökunum, þannig væri það bæði skjalfest og staðfest í hugum fólks að allt hvíta fólkið væri eins; það væri allt hryðjuverkmenn eins og siðlausu illmennin í vondu samtökunum.

Þessi samtök eru auðvitað til en það dettur engum í hug að heimfæra myrkraverk þeirra upp á allt hvítt fólk. Það væri fjarstæðukennt. Jafn fjarstæðukennt og að halda því fram að allir múslimar tilheyri samtökum sem eru svo ill og óforskömmuð að við værum öll löngu dauð ef rúmur milljarður manna myndi aðhyllast hugmyndafræði þeirra.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTIPAKKANUM
GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI
Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.
365.is | Sími 1817 365

